




SKOÐUN Atli Hermannsson segir skiptingu makrílkvóta lýsa ótrúlegri ósvifni. **16**



MENNING Þekkt dægurlög í nýjum útsetningum á tónleikum Sætabrauðsdrængja. **22**



LÍFIÐ Tónlistarmaðurinn Ben Frost heldur tónleika á Húrra í kvöld. **26**



SPORT Stefan Bonneau hljóp heim til að segja mömmu frá fyrstu troðslunni. **30**

ÓDÝRARI FARGJÖLD
Á WOWAIR.IS

WOW
air

FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur

18. mars 2015
65. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

MARKAÐURINN



Fjárfestir fyrir milljarða

Á undanförmum vikum hefur Eimskip tilkynnt um nokkrar stórar fjárfestingar. Frekari fjárfestingar og jafnvel stærri eru fram undan. Forstjóri Eimskips ræddi við Markaðinn.

FRÉTTIR

Milljarðasvindl í Bandaríkjunum

Lögregluþingvöld í Bandaríkjunum hafa lýst eftir Íslendingnum Alfreð Erni Clausen og gefið út á hendur honum ákæru í tugum líða. **2**

Enn tekist á um bréfið Utanríkisráðherra segir umsóknarferli Íslands að ESB að fullu lokið. Bréf hans var til umræðu á Alþingi í gær. **4**

Ókláraðar umsóknir fá lengri frest Frestur til að samþykkja lækkun höfuðstóls húsnæðislána rennur út eftir næstu helgi. **6**



Bolungarvík	-2°	SA	3
Akureyri	0°	SSA	2
Egilsstaðir	1°	SV	3
Kirkjubæjarkl.	2°	ANA	2
Reykjavík	1°	SA	8

Hvessir síðdegis Fínasta veður fram eftir degi en hvessir af suðaustri S- og V-til síðdegis með vaxandi úrkomu; snjókomu, slyddu eða rigningu. **4**

3 SÉRBLÖÐ

Markaðurinn | Slysabætur | Fólk



HÖND Í HÖND Grunnskólakrakkar um allt land tóku höndum saman í baráttu við fordóma í gær í tengslum við verkefnið Hönd í hönd fyrir margbreytileika, sem haldið er í tilefni Evrópuviku gegn kynjamskrétti 2015. Mynduð var keðja um hvern skóla og voru þar krakkarnir í Melaskóla í Reykjavík engir eftirbátar eins og sjá má. Á vef Mannréttindaskrifstofu Íslands segir að skilaboð verkefnisins séu skýr: „Það er bannað að mismuna vegna útlits eða uppruna og njótum þess að vera ólík og allskonar.“

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Veiðigjöldin verða óbreytt

Frumvarp sjávarútvegsráðherra um veiðigjöld er á leið í umsagnarferli. Verður lagt fram í þinginu í næstu viku. Ekkert samráð hefur verið haft við samráðsnefnd. Hæpið að náist að setja varanleg lög um málið.

STJÓRN MÁL Frumvarp Sigurðar Inga Jóhannssonar, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, um veiðigjöld er tilbúið til framlagningar. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er gert ráð fyrir óbreyttu veiðigjaldi. Ekki er þó ljóst hvort óbreytt gjald vísi til sömu heildarupphæðar eða óbreyttar krónutölu á tegundir. Á þessu tvennu er reginmunur, þar sem leiða má líkur að því að óbreytt krónutala á tegundir myndi skila hærri heildarupphæð veiðigjalda til ríkissjóðs í takti við aukið aflamagn og þá sérstaklega í uppsjavar- tegundum eins og loðnu.

Heimildum ber ekki saman um hvort frumvarpið verður til bráðabirgða eða varanleg lausn, en vilji ráðherra stendur til hins síðarnefnda. Tímenn er hins vegar naumur, en leggja verður fram frumvörp fyrir mánaðamót.

Mikil leynd hvílir yfir efni frumvarpsins og óskum Fréttablaðsins um viðtal við ráðherra vegna málsins var hafnað.

Jón Gunnarsson, formaður atvinnuveganefndar, sagðist ekkert vita hver staðan væri og vísaði á ráðherra. Tímenn sé þó að renna út ef eigi að setja varanleg lög. „Málið

þarf þó að koma fram fljótlega ef við ætlum að fá endanlegan frágang í því. Það er alveg ljóst.“

Upphaflega átti frumvarp um veiðigjöld að vera hluti af breytingum á fiskveiðistjórnarkerfinu, en ráðherra hætti við að leggja fram frumvarp um þau. Því þarf að fram- lengja bráðabirgðaákvæði um veiðigjöldin, náist ekki að setja þeim ný lög.

Lilja Rafney Magnúsdóttir, þingmaður Vinstri grænna, segir illa haldið á málum sé málið ekki komið lengra. Hún kvartar yfir algjörum skorti á samráði.

9,8 milljarðar króna voru veiðigjöld ársins 2014.

„Samráðsnefnd um veiðigjöld, sem er þingkosin nefnd sem var kjörin í nóvember á síðasta ári, hún hefur ekki haft neina aðkomu að þessu máli og er okkur farið að lengja eftir því hvað þarna er á ferðinni. Þetta hefur ekkert komið inn á borð til okkar. Það er svo sem í stíl við annað hjá þessari vesalings ríkisstjórn, að gera þetta svona á hand- arbakinu.“

- kóp

Misfellur sáust þegar afleysingastarfsmaður reyndi að láta uppgjör stemma:

Rannsókn fjárdrátt í MP banka

KÆRUMÁL MP banki hefur kært starfsmann sinn til lögreglu fyrir meintan fjárdrátt. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var starfsmönnum MP banka tilkynnt um málið á fundi í gær. Samkvæmt heimildum blaðsins komst málið upp þegar afleysingastarfsmaður rakst á að uppgjör innan bankans stemdu ekki. Var stjórnendum bankans þá gert viðvart um að ekki væri allt með felldu. Veit blaðið til þess að starfsmaðurinn sem kærður var er kvenkyns og að henni var vikið frá störfum í gær. Konan var starfsmaður í svokallaðri „bakvinnslu“ hjá MP banka og hafði umboð til millifærslna starfa sinna vegna.

Um umtalsverðar fjárhæðir er að ræða, en ekki liggja enn fyrir nákvæmar upplýsingar um hversu háar þær eru. Einn heimildarmanna Fréttablaðsins innan bankans orðaði það svo í gærkvöldi að þær væru ekki svo háar að þær hefðu áhrif á starfsemi bankans eða viðskiptavini hans. „Rannsóknin er á algjöru frumstigi. Ég get ekki tjáð mig um neinar fjárhæðir þar sem ekki er búið að ná utan um þær enda málið á byrjunarreit.“ segir Hafliði Þórðarson, aðstoðaryfirlöggregluþjónn hjá auðgunar- brotadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Hann áréttar þó að rannsókn málsins sé hafin nú þegar.

„Rannsóknin er á algjöru frumstigi. Ég get ekki tjáð mig um neinar fjárhæðir þar sem ekki er búið að ná utan um þær enda málið á byrjunarreit.“

Hafliði Þórðarson, aðstoðaryfirlöggregluþjónn hjá auðgunar- brotadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Í tilkynningu sem MP banki sendi frá sér vegna málsins í gærkvöldi kemur fram að innan bankans sé málið litið alvarlegum augum, en það snúi ekki að fjármunnum viðskiptavina hans.



Gómsæt Páskaostakaka með ljúfum piparmyntukeim bíður þín í næstu verslun.

KRÓNAN
ávaxtamarkaður Krónunnar

Veldu einhverja 10 ávexti á ávaxtamarkaði Krónunnar og þú borgar...

ADEINS 40 kr. STYKKIÐ
ef keypt eru 10 stk.
- annars 50 kr. stk.

SPURNING DAGSINS



Guðmundur, er loft lævi blandið í Hvalfirði?

„Þó stormurinn hafi verið fullmikill um helgina þá bægði hann þó útblæstri stóriðjunnar frá Kjósinni.“ Guðmundur H. Davíðsson er oddviti í Kjós þar sem hreppsnafndin segir nóg komið af uppbyggingu stóriðju á Grundartanga.

Embætti Ríkissaksóknara segir að fjársvelti embættisins ógni réttaröryggi í landinu:

Segir fjármuni verða að fylgja verkefnum

STJÓRNSÝSLA Ríkisendurskoðun hvetur innanríkisráðuneytið til að beita sér fyrir því að Ríkissaksóknari fái auknar fjárveitingar. Þetta kemur fram í úttekt sem stofnunin gerði. Ríkissaksóknari segir að fjársvelti stofnunarinnar ógni réttaröryggi.

Í úttekt Ríkisendurskoðunar kemur fram að málum, sem komið hafa til ákærumeðferðar hjá Ríkissaksóknara, hafi fjölgað verulega á undanförunum árum, en fjárveitingar hafi ekki aukist að sama skapi.

Afgreiðslutími sakamála hafi því að meðaltali lengst verulega.

„Að mati Ríkisendurskoðunar fer langur málsmeðferðartími hjá Ríkissaksóknara í bága við réttarfors- og stjórnsýslureglur.“

Embætti Ríkissaksóknara hefur tekið saman viðbrögð við skýrslu Ríkisendurskoðunar. Þar segir að fjársvelti ógni réttarörygginu.

„Fram kemur að árin 2009-2014 hafi meðalframlag úr ríkissjóði til Ríkissaksóknara verið um 160 milljónir króna. Árleg gjöld embættisins

hafi einnig numið 160 milljónum króna að meðaltali, en þar af hafi laun verið 126 milljónir króna.“

Fyrir Alþingi liggur frumvarp um embætti héraðssaksóknara, sem mundi að einhverju leyti taka yfir verkefni Ríkissaksóknara. Sigríður Friðjónsdóttir ríkissaksóknari segir, í samtali við Fréttablaðið, að fjármunir verði að fylgja með. „Það eina sem vantar er að það séu nægir peningar settir í verkefnið. Ef menn gera það ekki, er alveg eins gott að sleppa þessu.“



„Það eina sem vantar er að það séu nægir peningar settir í verkefnið. Ef menn gera það ekki, er alveg eins gott að sleppa þessu.“ Sigríður Friðjónsdóttir ríkissaksóknari



Á KJÖRSTAÐ Kosningaþátttakan virtist ætla að verða heldur minni en síðast, og þótti lág þá.

Netanjahú virðist ekki eiga mikla möguleika á kosningasigrir: Ísraelar kjósa sér nýtt þing

ÍSRAEL Benjamín Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, getur vart gert sér miklar vonir um sigur í þingkosningunum, sem haldnar voru í gær. Samkvæmt skoðanakönnunum fær Likud-flokkur hans heldur færri atkvæði en Sionistabandalag Verkamannaflokksins og Hatnuah-hreyfingarinnar.

Alls buðu 25 flokkar sig fram til þings og mátti búast við að 11 þeirra myndu ná manni á þing.

Reiknað er með fyrstu bráðabirgðatölum í dag en endanlegar niðurstöður kosninganna verða vart tilbúnar fyrr en um miðja næstu viku.

Pútín kannar styrkinn:

Æfa herinn í Norður-Íshafi

SVÍPÍJÓÐ Lektor við háskóla sænska hersins, Tomas Ries, segir Rússa vera að kanna styrkleika hersveita sinna með umfangsmikilli heræfingu í Norður-Íshafi.

Allt að 40 þúsund hermenn taka þátt í æfingunni, 41 herskip og 15 kaþbátar.

Greint var frá heræfingunni sama dag og Pútín Rússlandsforseti kom fram opinberlega í fyrsta sinn frá 5. mars.

NATO hóf nýlega heræfingu í N-Noregi með 16 þúsund hermönnum.

Strætó breytir tímasetingum:

Breytingar á tímatöflum

SAMGÖNGUR Næstkomandi sunnudag breytir Strætó tímatöflum leiða 2, 4, 13, 16, 17 og 18.

Ný vetraráætlan Strætó tók gildi á höfuðborgarsvæðinu í byrjun árs og voru töluverðar úrbætur gerðar á leiðakerfinu í þeirri áætlun. „Reynslan sýnir að ofangreindar leiðir þurfa lengri akstur tíma til þess að halda áætlun. Tvær til sex aukamínútur munu því bætast við hverja leið,“ segir í tilkynningu Strætó.

„Að auki mun leið 18 byrja að aka fyrr á morgnana.“ Breytingar má sjá á vefnum Strætó.is

Fengu greitt fyrir að lofa upp í ermina

Alfreð Örn, ásamt tveimur Bandaríkjamönnum, buðu upp á aðstoð við endurfjármögnun lána – þjónustan átti að vinnast af lögmönnum en var sett í hendur ólöglærðra sem fóru fram á fyrirframgreiðslu og hirtu mánaðarlegar greiðslur.

LÖGREGLUMÁL Alfreð Örn Clausen, 41 árs gamall Íslendingur, er eftirlýstur af bandarískum lögreglufröðingum í Kaliforníu fyrir þjófnað og peningabætti. Kæran er í tugum liða.

Samkvæmt málgögnum sem Fréttablaðið hefur undir höndum virðist Alfreð Örn og viðskiptafélagi hans, Joshua Michael Cobb, sem saman eiga fyrirtæki Clausen & Cobb Management Company (CMCC), ásamt þriðja manni, lögmáttinu Stephen Lyster Siringoringo, eiganda Siringoringo Law Firm (SLF), hafa boðið upp á þjónustu til þess að endurfjármagna lán frá því í desember 2010. Þeir hafi beint spjótum sínum að fólki í fjárhagsvandráðum og látið fólk halda að þeir gætu breytt skilmálum eða endurfjármagnað lán þeirra gegn fyrirframgreiðslu.

Lögmaðurinn Siringoringo átti ekki í samskiptum við viðskiptavinina eða lánardrottna þeirra – þau samskipti voru í höndum ólöglærðra starfsmanna hjá fyrirtæki Alfreðs Arnar, CMCC, þrátt fyrir að einungis lögfræðingum sé heimilt að veita þessa þjónustu.

Þá kemur fram í málgögnum að viðskiptavinir félaganna þriggja greiddu á milli 1.995 til 3.500 Bandaríkjadala í upphafi, sem svarar til tæplega 280 til 490 þúsunda íslenskra króna og síðan mánaðarlega 495 dali, sem samsvarar tæplega 70 þúsund íslenskum krónum. Viðskiptavinir greiddu öll þessi gjöld áður en nokkur skriflegur samningur var gerður á milli þeirra sem tóku lánið og lánardrottna, eða að nokkrum skilmálum lána væri breytt.

Sagt er í málgögnum að eftir að upphafsgræiðsla hafi borist, hafi



EFTIRLÝSTUR Alfreð Örn Clausen er eftirlýstur af lögreglufröðingum vestanhafs. MYND/EMBÆTTI SAKSÓKNARA Í SAN BERNADINO

TVÖ AÐSKILIN MÁL

Fréttablaðið hafði samband við neytendaverndarstofnun Bandaríkjanna sem skýrði frá því að einkamálið hefði verið höfðað á hendur Alfreð Erni og viðskiptafélögum hans í fyrra. Á sama tíma voru nokkur einkamálið höfðuð gegn aðilum sem voru með sambærilegar svikamyllur, herjuðu á fólk í fjárhagsvandráðum með villandi markaðssetningu. Í málnum er farið fram á skaðabætur, sektir og lögbann. Í málinu er þeim stefnt fyrir að hafa:

a) með ólögmætum hætti þegið fyrirframgreiðslur fyrir þjónustu við endurfjármögnun/skilmálabreytingu lána, **b)** gefa vísvitandi villandi og rangar upplýsingar um möguleika á slíkri endurfjármögnun/skilmálabreytingu í markaðsherferðum **c)** telja viðskiptavinum trú um að þeir væru að greiða fyrir lögfræðiráðgjöf þegar öll vinna var í raun unnin af ólöglærðum og **d)** gefa fólk loforð til viðskiptavina um að umsóknir þeirra um endurfjármögnun/skilmálabreytingar myndu ganga í gegn, jafnvel loforð um að ferlið tæki eingöngu örfáa mánuði.

Málið sem nú er vísað til, og er nýrra af nálinni, er sakamálið þar sem farið er fram á fangelsisvíst sem refsingu, allt að þrjátíu ár.

marginir viðskiptavina Alfreðs Arnar, Joshua Cobb og Stephens Siringoringo, reynt að ná af þeim tali í gegnum síma og tölvupóst til þess að fá upplýsingar án árangurs.

Fimmta mars síðastliðinn voru Siringoringo og Cobb handteknir vegna málsins. Samkvæmt erlendum fréttaveitum voru allir þeir mennirnir sem um ræðir kærðir á föstudaginn var.

Ekki náðist í Alfreð sjálfan við gerð fréttarinnar. Í kvöldfréttum RÚV í gær sagði hann málið mjög flókið og skritið en að þeir hafi ekkert gert rangt.

Þegar leitað var eftir upplýsingum um málið höfðu íslenska sendiráðið í Bandaríkjunum og borgarathjónustan einungis heyrt af málinu í fjölmiðlum.

olof@frettabladid.is

Borgarstjóri sagði tillögu um að banna óbólusett börn í leikskólum of róttæka:

Felldu tillögu um bólusetningar

SVEITARSTJÓRNARMÁL Borgarstjóri segir tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að óbólusett börn fái ekki leikskólapláss í Reykjavík vera vanhugsaða og of róttæka. Þetta kom fram á borgarstjórnarfundum í gær, þar sem tillagan, sem lögð var fram af Hildi Sverrisdóttur borgarfulltrúa, var felld af meirihlutunum.

Dagur sagði í umræðunni að hann væri talsmaður bólusetninga en það að banna óbólusettum börnum að ganga í leikskóla borgarinnar væri ekki rétt leið. Dagur vitnaði í svar sóttvarnalækni við fyrirspurn Halldórs Auðar Svanssonar borgarfulltrúa um bólusetningar. Í svari hans kemur fram að um 2% foreldra barna í borginni kjósi að láta ekki bólusetja börn sín. Telur sóttvarnalæknir að vandinn hér á landi sé ekki jafn mikill og talað hefur verið um í fjölmiðlum og að Íslendingar séu á svipuðum stað varðandi bólusetningu og nágrannaþjóðir okkar. Aðrir borgarfulltrúar í meirihluta voru sammála Degi, tillagan væri sprottin af góðu en of róttæk. Taldi Dagur að borgin gæti farið í samráð við Landlæknisembættið um að bæta þátttöku með því að fræða foreldra og styrkja innkollunarferfi heilsugæslunnar sem sér um bólusetningar. Í bókun borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks eftir fundinn kemur fram að



Í RÁÐHÚSINU Hildur Sverrisdóttir lagði tillöguna fram á fundi Borgarstjórnar í gær.

þeir harmi að meirihlutinn hafi hafnað tillögu þeirra og ekki hafi verið hægt að koma til móts við sjónarmið tillögunnar að neinu leyti með því að leggja ekki til að skóla- og frístundavíðir verði falið að skoða hvaða aðgerðir væru tækar.



KOMONO
Winston Regal
18.990.-

HÚRRA REYKJAVÍK
HVERFISGATA 50 | 101 REYKJAVÍK | 571 7101 | WWW.HURRAREYKJAVIK.IS

Fljótlegt að skila framtali

Frestur til staðfestingar
er til **20.mars**

Fyrir flesta tekur frágangur
skattframtalsins aðeins fáar mínútur.

Á skattur.is getur þú fundið
framtalið þitt með öllum innsendum
upplýsingum frá launagreiðendum,
fjármálastofnunum og öðrum
þar til bærum aðilum.

- 1** Opna framtalið
- 2** Yfirfara upplýsingar
- 3** Breyta ef þarf
- 4** Staðfesta

Skilafrestur

Almennur skilafrestur fyrir launamenn
og einstaklinga með eigin atvinnurekstur
er til 20. mars.

Unnt er að sækja um lengri frest á skattur.is
og getur hann lengstur orðið til 31. mars.
Framtal barns skal fylgja framtali
framfæranda.

Upplýsingar á framtali

Áríðandi er að framteljandi athugi hvort
áritaðar fjárhæðir og aðrar upplýsingar séu í
samræmi við gögn og upplýsingar sem hann
hefur sjálfur undir höndum.

Auðkenning

Unnt er að auðkenna sig með þrenns konar hætti,
þ.e. með rafrænum skilríkjum í gsm síma, rafrænum
skilríkjum á korti og með veflykli RSK.

Ríkisskattstjóri mælir með að rafræn skilríki séu
notuð við auðkenningu.

Símabjónusta í 442-1414

Í mars verður veitt aðstoð í síma 442-1414
alla virka daga frá kl. 9:30-15:30.

Dagana 18. - 20. mars verður símabjónusta
til kl.18:00 og 30. og 31. mars verður þjónustan
í boði til kl. 19:00.

skattur.is

SVONA ERUM VIÐ



96 hafnir eru á skrá hafnar-yfirvalda á Íslandi.

Rædd var tillaga meirihluta atvinnuveganefndar um virkjanir í Þjórsá, Skrokköldu og Hagavatnsvirkjun: **Allt vitlaust verði virkjanirnar samþykktar**

ALPINGI Meirihluti atvinnuveganefndar leggur til að farið verði af stað með virkjanir í Þjórsá, Skrokköldu og Hagavatnsvirkjun. Svandís Svavarsdóttir, þingmaður vinstri grænna og fyrrverandi umhverfisráðherra, segir nefndina leggja til að Alþingi samþykki að fremja lögbrót, þar sem matsferli í lögum um rammaáætlun sé lögbundið. Málið sé ekki þingtækt.

Atvinnuveganefnd ákvað í haust að leggja til að Hvammsvirkjun færi í nýtingarflokk þótt verkefna-

stjórnin hafi áður raðað henni í biðflokk. Þetta vakti hörð viðbrögð en nefndin gengur nú nokkrum skrefum lengra og bætir fjórum öðrum virkjunarkostum við, þar á meðal Hagavatnsvirkjun sem hefur aldrei komið fyrir verkefnastjórn.

Guðmundur Steingrímsson, formaður Bjartrar framtíðar, segir að ef þetta verði samþykkt sé allt ferlið varðandi rammaáætlun og möguleg sátt um virkjun og vernd farin upp í loft.

Svandís Svavarsdóttir segir líka

að málinu verði andæft af miklum krafti. „Það verður allt vitlaust, ef einhvern tímann,“ segir hún.

Sigrún Magnúsdóttir umhverfisráðherra segist skilja að menn vilji fara af stað með virkjanir í Þjórsá en litlu hafi munað að gefið hefði verið grænt ljós á þær í fyrrihaust. Hún segist þó hafa viljað sérstaka þingsályktun um Hagavatnsvirkjun. Hún njóti reyndar þeirrar sérstöðu að margir umhverfisverndarsinnar vilji virkjun þar og sjálf hafi hún heyrt sterk rök með og á móti. - þká



SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR í umræðum á Alþingi í gær sagði Svandís meirihluta atvinnuveganefndar leggja til að Alþingi samþykki lögbrót. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Rýrari hagur veiða og vinnslu: **Hagnaður dróst saman milli ára**

SJÁVARÚTVEGUR Hagnaður sjávarútvegsfyrirtækja fyrir afskriftir, fjármagnskostnað og tekjuskatt sem hlutfall af heildartekjum sjávarútvegs minnkaði milli ára 2012 og 2013. Þetta kemur fram í Hagtíðindum um hag veiða og vinnslu frá Hagstofu Íslands. Í fiskveiðum og vinnslu lækkaði hlutfallið úr 30 prósentum í 26,5 prósent, lækkaði í fiskveiðum úr 25 prósentum árið 2012 í 20,1 prósent af tekjum árið 2013 og lækkaði í fiskvinnslu úr 17,2 prósentum í sautján prósent.

Samkvæmt efnahagsreikningi voru heildareignir sjávarútvegs í árslok 2013 tæpir 530 milljarðar króna, heildarskuldir rúmir 380 milljarðar og eigið fé rúmir 149 milljarðar.

- ng

Lögreglustjóri herðir öryggi: **Hyggst dulkóða tölvupóst sinn**

ÖRYGGISMÁL Framvegis munu allar tölvupóstsendingar ríkislögreglustjóra verða dulkóðaðar. „Ríkislögreglustjóri hefur ákveðið að herða öryggi tölvupóstsendinga og í því skyni hefur verið ákveðið að skilyrða að allar slíkar sendingar fari alltaf dulkóðaðar milli tölvupóstþjóna þeirra stofnana og fyrirtækja sem lögreglan á í samskiptum við og geta búið upp á slíka útfærslu á tölvupóstþjónum sínum,“ segir í bréfi ríkislögreglustjóra til umræddra aðila.

- gar

LEIÐRÉTT

Í grein sem var birt í Fréttablaðinu í gær um sölu lausalyfja á Íslandi var misritað 250 gr um lyfið íbúfen í lausasölu. Hið rétta er að íbúfen er selt í 400 milligramma skammtastærð.

Enn tekist á um innihald bréfs utanríkisráðherra

Utanríkisráðherra telur að umsóknarferli Íslands að ESB sé að fullu lokið. Stjórnarandstaðan er ósammála og telur ferlið í gangi. Ráðherra var sakaður um að fara gegn þingræðinu og vilja takmarka málfrelsi þingmanna.

ALPINGI Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra flutti munnlega skýrslu í gær. Eins og við var að búast fjallaði hún eingöngu um bréf það sem hann kynnti ráðamönnum Evrópusambandsins (ESB) á fimmtudag. Þetta var í fyrsta sinn sem ráðherra ræddi efni bréfsins við þingheim.

Fyrr um morguninn var Gunnar Bragi gestur á fundi utanríkisráðgjafarinnar, en stjórnarandstaðan hefur gagnrýnt hann fyrir að hafa ekki haft samráð við nefndina áður en bréfið var sent.

Nokkuð hefur verið deilt um efni bréfsins, en Gunnar Bragi sagði það skýrt.

„Hér er nefnilega um tiltölulega einfalt mál að ræða. Engum á að koma á óvart að ríkisstjórnin kjósi að búa svo um hnútana að þessu umsóknarferli sé nú lokið og að við teljum okkur ekki lengur til umsóknarríkja. Um það fjallar bréfið fyrst og síðast.“

Stjórnarandstaðan gaf lítið fyrir skýringar ráðherra, bæði á efni bréfsins en ekki síður á því hvers vegna ekki var haft samráð við þing og utanríkisráðgjafarinn. Óssur Skarphéðinsson, þingmaður Samfylkingarinnar, sagði afstöðu ráðherra til þingræðisins vera svo „brútal“ að annað eins hefði ekki heyrst í þingsölu.

„Í reynd þýðir hún: Ráðherra getur farið sínu fram hvernig sem hann vill á meðan ekki er samþykkt vantraust á hann. Það er villimennska.“

Gunnar Bragi sagði stefnu núverandi ríkisstjórnar skýra, hagsmunum Íslands væri best borgið utan ESB. Ekki var á honum annað að skilja en að mál-



SEGIR RÁÐHERRA VANTREYSTA ÞINGI Guðmundur Steingrímsson, formaður Bjartrar framtíðar, sagði að utanríkisráðherra sýndi það, með því að leggja ekki fram tillögu um viðræðuslit, að hann vantreysti þinginu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

inu væri nú svo komið að nýja samþykkt þings þyrfti ef breyta ætti um kúrs. „Frá því verður ekki vikið nema nýr meirihluti skapist á Alþingi en til þess þarf

„Hér er nefnilega um tiltölulega einfalt mál að ræða.“

Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra.

þá nýja ríkisstjórn og að mínu mati nýtt umboð og endurnýjun umsóknar.“

Birgir Ármannsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, sagði í umræðunum að mögulega væru þingmenn sammála um það eitt, að ekki yrðu teknar upp aðildarviðræður að nýju nema að undangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu. Það væri í takti við landsfundarsamþykkt Sjálfstæðisflokksins.

kolbeinn@frettabladid.is

Gæði og áreiðanleiki

Par sem ferðalagið byrjar

Korputorg
112 Reykjavík
Sími 551 5600
utilegumadurinn.is

Útilegu maðurinn
SEGLAGERÐIN ÆGIR

Opíð mán-fös kl. 10-18 - lau-sun kl. 12-16

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi

Alicante 16°	Friedrichshafen 16°	New York 4°
Apéna 11°	Gautaborg 7°	Orlando 29°
Basel 15°	Kaupmannahöfn 7°	Ósló 6°
Berlín 12°	Las Palmas 19°	París 16°
Billund 8°	London 12°	San Francisco 17°
Frankfurt 16°	Mallorca 16°	Stokkhólmur 9°

Á MORGUN
Lægir um morguninn og yfirleitt hæglatísveður.

FÖSTUDAGUR
Hvessir af suðaustri SV- og V-til. Vaxandi úrkoma.

Soffía Sveinsdóttir
veðurfréttamaður

SKIN OG SKÚRIR Fínasta veður fram eftir degi en hvessir af suðaustri S- og V-til síðdegis með úrkomu í flestum landshlutum, síst norðantil. Lægir í fyrramálið en hvessir á nýjan leik á föstudaginn, fyrst sunnan- og vestanlands.

SÍMAR AUGLÝSINGAÞEGLIÐ - AUGLÝSINGASTJÓRI: Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR:** SÍMI 512-5401: Hjördis Zoega hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Lailla Awad lailla@365.is, Sværrir Birgir Sveinsson sværrir@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÖLK/LÍFIÐ/SÉRBLÓÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorlákssdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, **FÖLK OG SÉRBLÓÐ EFTIR:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarssdóttir vera@365.is **RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrónnar Helgason hronnar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrun@365.is

5 ára ábyrgð
Ótakmarkaður akstur

VINSÆLDIR HYUNDAI AUKAST STÖÐUGT

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

www.hyundai.is



Hyundai i10
Sjálfskiptur
Verð frá 2.470.000 kr.
Eyðsla 6,0 l/100 km*

*Mikil við uppgæfnar tölur framleiðenda um eðisneyðisniðkun í blönduðum akstri.

ENEMM / SIA / INNET160

Hyundai ix35



Fjór hjóladrif / Dísil sjálfskiptur
Verð frá 5.990.000 kr.
Eyðsla 6,8 l/100 km*

Hyundai Santa Fe



Fjór hjóladrif / Dísil sjálfskiptur
Verð frá 6.990.000 kr.
Eyðsla 6,7 l/100 km*

Hyundai i30



Verð frá 2.940.000 kr.
Eyðsla 6,0 l/100 km*

Umboðsaðilar:

GE Bílar
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilaka.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurl.
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

iB ehf.
Selfossi
www.ib.is
490 9090



HYUNDAI

Kauptúni 1 / Beint á móti IKEA / 575 1200

VEISTU SVARIÐ?



1. Hver leikstýrir kvikmynd byggðri á bók Yrsu Sigurðardóttur, Ég man þig?
2. Hvað fjölgaði landsmönnum mikið í fyrra?
3. Hvað eru margar stórar eða meðalstórar fiskihafnir hringinn í kringum landið?

SVÖR:

1. Óskar Þór Axelsson 2. Um 3500 3. 31

Fresturinn gildir ekki um óbirtar lækkanir

SAMFÉLAG „Fresturinn til þess að samþykkja lækkunina gildir ekki um þá aðila sem ekki hafa fengið hana birta og þeir missa því ekki rétt sinn eftir að hann rennur út,“ segir Tryggvi Þór Herbertsson, verkefnastjóri höfuðstólslækkunarinnar, aðspurður um áhrif frestsins á þá aðila sem ekki hafa fengið birta lækkun höfuðstólsverðtryggðra húsnæðislána.

Fjögur þúsund manns hafa enn ekki fengið birta lækkunina en frestur til þess að samþykkja

skuldaleiðréttinguna rennur út þann 23. mars næstkomandi.

„Þessu verður háttað þannig að um leið og leiðréttingin verður birt fyrir viðkomandi hefur hann þrjá mánuði til þess að samþykkja.“

Af þeim fjögur þúsund manns sem ekki hafa fengið birta lækkunina er stór hluti dánarbú og segir Tryggvi það auka flækjustigið. Þó séu einhverjir einstaklingar ekki búnir að fá hana birta og sé reynt eftir fremsta megni

að senda þeim upplýsingar og kynna þeim að hún sé á leiðinni.

Rúmlega 90 prósent þeirra sem hafa fengið birta lækkunina hafa nú þegar samþykkt hana. Starfsmenn ríkisskattstjóra hafa á síðustu misserum unnið í því að hringja í þá sem eiga eftir að samþykkja til þess að minna fólk á að fresturinn sé að renna út. „Það lítur út fyrir að það náist að hringja í alla þá sem eiga eftir að samþykkja,“ segir Tryggvi Þór.

- ngy



TRYGGVI ÞÓR HERBERTSSON Aðilar verða að samþykkja lækkun höfuðstóls íbúðalána vegna aðgerða ríkisstjórnarinnar til þess að njóta réttarins.



GRETTISGATA 17 Hús héðan fara á Grettisgötu 9.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Nýtt skipulag á Grettisgötu í vinnslu hjá borgaryfirvöldum: Athugasemdum haldið leyndum

SKIPULAGSMÁL Athugasemdir íbúa, húseigenda og íbúasamtaka miðborgar Reykjavíkur við breytt skipulag á Grettisgötu 9a og 9b fást ekki afhentar hjá skipulagsfulltrúa borgarinnar að svo stöddu.

„Því miður eru ekki send gögn út þegar mál hefur ekki verið afgreitt,“ segir í svari skipulagssviðs til Fréttablaðsins. Að því er fram kemur í fundargerð skipulagsstjóra felst í breytingunni að skilgreindar eru tvær lóðir fyrir flutningshús. Þau koma af Grettisgötu 17 og baklóð Laugavegs 36.

- gar

Hefur ekki heyrt frá Fatímu í fjögur ár

Fatímusjóðurinn var stofnaður fyrir tíu árum af Jóhönnu Kristjónsdóttur rithöfundi vegna áhrifa stúlku sem hún hitti á ferðalögum sínum. Vegna Fatímu hafa safnast tugir milljóna til góðra verka í Mið-Austurlöndum og ekkert lát er á.

SAMFÉLAG Jóhanna Kristjónsdóttir, rithöfundur og fyrrverandi blaðamaður, hitti fjórtán ára gamla stúlku, Fatímu, í ferðalagi sínu til Jemens fyrir meira en áratug. Þá safnaði hún efnivið í bók sína Arabíukonur. Metnaður stúlkunnar hreif Jóhönnu en Fatíma reyndi að læra ensku af sjálfssáðum því skóli hafði verið lagður niður í samfélagi hennar vegna fátæktar.

Árið 2005, þegar Jóhanna hlaut verðlaun Hagþenkis fyrir Arabíukonur, fannst henni kjórið að nota hluta af peningaverðlaununum til að stofna sjóð til að aðstoða jemenskar stúlkur. „Þetta voru 350 þúsund krónur, sem nýttust betur í Jemen en hér á Íslandi. Það var byrjunin og þetta er búið að vaxta sig afskaplega vel,“ segir Jóhanna en nú tíu árum seinna hefur hún safnað tugum milljóna til bágstaddirna í Miðausturlöndum og Afríku. Nú síðast 15 milljónum í söfnun sjóðsins og UNICEF til þess að efla menntun sýrlenskra barna sem flúið hafa til Jórdaníu. Þar í landi eru fleiri en 220.000 flóttabörn á skólaaldri. Mörg þeirra sækja skóla í flóttamannabúðum þar sem þau búa eða í almenningskólum í Jórdaníu. Skólarnir eru hins vegar að verða yfirfullir og fleiri en 60.000 börn njóta hvorki formlegrar né óformlegrar menntunar. „Ætli það séu ekki nokkrir tugir milljóna sem við höfum safnað,“ segir hún en árið 2013 safnaði sjóðurinn 10 milljónum fyrir sjúkráhusi og árið 2012 safnaði hann fimm milljónum til stuðnings hjálparstarfi Rauða hálfmánans í Sýrlandi. Árið 2008 söfnuðust 18,2 milljónir króna á glæsimarcaði sem haldinn var í



HEFUR EKKI FRÉTT AF FATÍMU Jóhanna hefur ekki haft neinar fregnir af Fatímu síðan stríðið hófst en vonar það besta.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Það er þannig þegar maður á vini í þessum heimshluta að sumir þeirra eru dánir.“

Jóhanna Kristjónsdóttir rithöfundur.

Perlunni. Markaðurinn var haldinn til stuðnings uppbyggingu skóla fyrir börn og konur í Jemen.

Í dag er Fatíma orðin 25 ára gömul og Jóhanna hefur ekki heyrt í henni í fjögur ár. Hún vonar að hún hafi komist af. „Ég hef ekkert heyrt í Fatímu síðan þessar óeirðir mögnuðust. Það er þannig þegar maður á vini í þessum heimshluta að sumir þeirra eru dánir. Ég vona að hún hafi komist af.“

kristjanabjorg@frettabladid.is



SHIFA Ein þeirra fjölmörgu barna sem búa í flóttamannabúðum í Jórdaníu. Hún er sextán ára og hefur búið þar í rúmlega ár og flúið frá Dera'a í Suður-Sýrlandi með foreldrum, þremur bræðrum og tveimur systur. „Sprengjum var varpað á þorpið okkar, svo við fórum í bílinn og að landamærunum. Það var mjög skelfilegt og það tók þrjá daga að komast til Za'atari.“

MYND/UNICEF, MATAS

LIEBHERR
Quality, Design and Innovation

TILBOÐ

EIRVÍK

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

Menntamálaráðherra ræðir vísinda-, mennta- og menningarmál:

Ráðherra sækir Kínverja heim

STJÓRNMÁL Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra, er á leið í opinbera heimsókn til Kína. Kínversk stjórnvöld buðu ráðherra í heimsókn, en menntamálaráðherra Íslands sótti Kína síðast heim árið 2006. Fréttablaðið náði tali af ráðherra í Kanada, en þaðan liggur leiðin til Kína.

„Tilgangurinn er fyrst og fremst að funda með ráðherrum menntamála, vísindamála og menningarmála, ásamt því að verið er að skoða samvinnu á sviði vísinda á milli landanna, meðal annars það sem snýr að nýtingu jarðhita og öðrum slíkum verkefnum,“ segir Illugi.

Í fylgdarliði ráðherra verða starfsmenn ráðuneytisins, rektorar Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri, sem og Listaháskóla Íslands.

Illugi segir að ekki verði starfsfólk úr orkugeiranum með í þessari för. „En við munum meðal annars skoða hitaveituframkvæmdir sem verið hafa í Kína og samvinnu á vísindasviðinu, meðal annars í kringum jarðhitann.“

Spurður hvort hann hyggist ræða mannréttindamál við stjórnvöld í Kína segir Illugi eðlilegt að sú spurning vakni.



Á LEIÐ TIL KÍNA Menntamálaráðherra segir mannréttindamál verða rædd með óbeinum hætti þar sem þau falli undir mennta- og menningarmál. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Við munum auðvitað ræða menntamál og menningarmál og undir þá málaflokka falla auðvitað með beinum og óbeinum hætti mannréttindi. Öll umræða um þessa málaflokka er þá um leið líka umræða um mannréttindi.“

- kóp

ÍSLENSKUR
GÓÐOSTUR
- NÚ Á TILBOÐI -

TILBOÐ

ÍSLENSKUR
GÓÐOSTUR

26%

ÍSLENSKUR
GÓÐOSTUR

LÆKKUN Á LÍNUNA!

NOKIA LUMIA SNJALLSÍMAR



**Tilboðsverð 27.990,-
Verð 32.990,-**

NOKIA LUMIA 635
 • 1.2 GHz fjögurra kjarna örgjörvi
 • 4.5" skjár með Gorilla Glass 3
 • 5MP myndavél
 • 1.830 mAh rafhlaða
 • 15GB á Onedrive fylgja með



Windows Phone 8.1

Allir nýju Nokia Lumia símarir keyra á Windows Phone 8.1 stýrikerfinu sem er létt og vinnslan því hnökralaus. Ekkert hik eða frost.

Frí Windows 10 uppfærsla!

Þegar Microsoft kemur með Windows 10 uppfærsluna í sumar fá eigendur þessara Nokia Lumia síma hana frítt.

Ef þú notar Office áttu eftir að elska Nokia Lumia!

Símarir eru allir með Windows 8.1 og Microsoft Office þannig að þú ert að vinna í sama umhverfi og þú ert vanur/vön. Engar málamiðlanir.



NOKIA LUMIA 625
 • 1.2 GHz Dual Core örgjörvi
 • 4.7" skjár með Gorilla Glass 3
 • 5MP myndavél
 • 2.000 mAh rafhlaða
 • 15GB á Onedrive fylgja með

**Tilboðsverð 32.990,-
Verð 39.990,-**



NOKIA LUMIA 630
 • 1.2 GHz fjögurra kjarna örgjörvi
 • 4.5" skjár með Gorilla Glass 3
 • 5MP myndavél
 • 3G tenging
 • 1.830 mAh rafhlaða
 • 15GB á Onedrive fylgja með

**Tilboðsverð 22.990,-
Verð 29.990,-**



NOKIA LUMIA 530
 • 1.2 GHz fjögurra kjarna örgjörvi
 • 4" skjár, 246 ppi
 • 5MP myndavél
 • 3G tenging
 • 1.430 mAh rafhlaða
 • 15GB á Onedrive fylgja með

**Tilboðsverð 14.990,-
Verð 19.990,-**



**Tilboðsverð 47.990,-
Verð 52.990,-**

NOKIA LUMIA 735
 • 1.2 GHz fjögurra kjarna örgjörvi
 • 4.7" skjár með Gorilla Glass 3
 • 5MP frammyndavél & 6.7 MP myndavél að aftan
 • 4G tenging
 • Þráðlaus hleðsla (Qi)
 • 15GB á Onedrive fylgja með



**Tilboðsverð 64.990,-
Verð 79.990,-**

NOKIA LUMIA 830
 • 1.2 GHz fjögurra kjarna örgjörvi
 • 5.0" skjár með Gorilla Glass 3
 • 10MP myndavél
 • 4G tenging
 • Þráðlaus hleðsla (Qi)
 • 15GB á Onedrive fylgja með



**Tilboðsverð 95.990,-
Verð 104.990,-**

NOKIA LUMIA 930
 • 2.2 GHz fjögurra kjarna örgjörvi
 • 5.0" skjár með Gorilla Glass 3, 441 ppi
 • 20MP myndavél
 • 4G tenging
 • Þráðlaus hleðsla (Qi)
 • 15GB á Onedrive fylgja með



**Tilboðsverð 89.990,-
Verð 109.990,-**

NOKIA LUMIA 1520
 • 2.2 GHz fjögurra kjarna örgjörvi
 • 6.0" FULL HD skjár, 1920 x 1080
 • 20MP myndavél
 • 2GB vinnsluminni
 • Þráðlaus hleðsla (Qi), 3.400 mAh rafhlaða
 • 15GB á Onedrive fylgja með



Færð þú vinning í tölvupósti?

Nýir vinningar daglega.
Remington hárbólari og sléttujárn dregið út í fyrramálið og Sony 48" sjónvarp á föstudaginn!

Skráðu þig **strax** póstlistann og þú gætir fengið lukkupóstinn!

Heimkaup.is er stærsta netverslun á Íslandi!

Öryggi - ekkert mál að skila eða skipta

Augljós kostur við að versla við innlenda risavefverslun eins og Heimkaup.is er að ekkert mál er að skila eða skipta ef upp koma vandamál.

Hægt að greiða við afhendingu

Hjá okkur býðst þér einnig að greiða með peningum eða korti við afhendingu vörunnar. Öruggara verður það ekki.

Frí heimsending samdægurs

Pantanir sem berast fyrir kl. 17⁰⁰ eru afhentar heim að dyrum samdægurs á höfuðborgarsvæðinu – næsta dag á landsbyggðinni. Pantanir yfir 4.000,- sendar frítt.

Heimkaup.is

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / 5502700

HEIMKAUP

Pvingaðir í meðferð:

Átu póstkort sem þeir fengu

SVÍPJÓÐ Starfsmenn tveggja stofnana fyrir fíkniefneytendur í Örebro í Svíþjóð eyðileggja nú póstkortin sem vistmönnum berast.

Ástæðan er sú að vistmenn fleygðu sér yfir póstkort sem þeir fengu og átu þau, að því er sænskir fjölmiðlar greina frá.

Nú fá vistmennirnir ljósrit af póstkortunum sem þeir fá send. „Alvörupóstkortin“ eru talin innihalda fíkniefni.

- ibs

Vindmyllur Landsvirkjunar á Hafinu við Búrfell skila frábærri nýtingu sem lofar góðu fyrir framhaldið:

Vindmyllurnar langt yfir heimsmeðaltali

ORKUMÁL Vindmyllur Landsvirkjunar á Hafinu svokallaða fyrir ofan Búrfell skila nýtingu sem er langt yfir heimsmeðaltali. Þær hafa verið í rekstri frá febrúar 2013, en reksturinn hefur verið umfram væntingar og nú hefur komið í ljós einstaklega góð nýting á fyrsta heila rekstrarári.

Á heimsvísu er nýtnihlutfallið, sem er einn helsti mælikvarði á hagkvæmni staðsetningar, að meðaltali um 28 prósent. Nýtnihlutfall vindmylla Landsvirkjunar var 44 prósent á árinu 2014. Þetta staðfestir að miklir möguleikar eru á frekari raforkuvinnslu úr vindorku á svæðinu,

segir í frétt Landsvirkjunar. Rekstrarlegt tiltæki hefur verið tæplega 99 prósent fyrir aðra vindmylluna og tiltæki hinnar um 97,5 prósent árið 2014, sem sýnir hversu áreiðanlegar vindmyllurnar eru í rekstri.

Tvö svæði hafa verið til frekari skoðunar af hálfu Landsvirkjunar fyrir mögulega framtíðaruppbyggingu: þar sem rannsóknarvindmyllurnar tvær eru nú á Þjórsár- og Tungnaársvæðinu og einnig á virkjanasvæði Blöndustöðvar. Tillaga að áætlun mats á umhverfisáhrifum fyrir Búrfellslund liggur fyrir.

- shá



Á HAFINU Tilraunavindmyllurnar eru mikil mannvirki en þær sem rísa í framtíðinni eru þó mun stærri. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

OPIN RÁÐSTEFNA Í TENGLUM VIÐ AÐALFUND SVP

Á GRAND HÓTEL

FIMMTUDAGINN 19. MARS KL. 15.00

VEL TENGDI VIÐSKIPTAVINURINN



Margrét Sanders

Ian Jindal

Ragnheiður Elín Árnadóttir

Ásdís Kristjánsdóttir

Hreggviður Jónsson

15.00 Ræða formanns SVP: Margrét Sanders

Ávarp ráðherra: Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra

Hvað þjónar okkur best? Þjóðhagslegt mikilvægi þjónustugreinarinnar
Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssviðs SA

Connecting with the connected customer

Ian Jindal, digital business expert, specialising in retail and publishing

Ráðstefnustjóri: Hreggviður Jónsson, stjórnarformaður Festi hf. og formaður Viðskiptaráðs Íslands

17.00 Ráðstefnulok og léttar veitingar

Skráning á svth@svth.is eða í síma 511 3000.




Samtök
verslunar og
þjónustu

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



S A F T



Í KAUPHÖLL ÍSLANDS Övenjulega mikil hækkun er síðasta dag ársins en svo virðist sem hækkunir gangi til baka strax á fyrsta degi nýs árs. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Vísbendingar um markaðsmisnotkun

Rannsókn dósents við viðskiptadeild Háskólans á Akureyri á almanaksáhrifum á íslenskum verðbréfa-markaði benda til markaðsmisnotkunar. Hlutabréfavisitala hækkar verulega síðasta dag ársins en lækkar fyrsta dag nýs árs. Þannig fegri menn ársuppgjör.

VIÐSKIPTI Hækkun ICEX-vísitölunnar síðasta dag ársins bendir til markaðsmisnotkunar þar sem aðilar á íslenskum verðbréfa-markaði fegri ársuppgjör sín. Þetta er ein niðurstaðna rannsóknar Stefáns Baldurs Gunnlaugssonar, dósents við Háskólann á Akureyri, á íslenskum hlutabréfamarkaði.

Stefán kynnti niðurstöður rannsóknar sinnar í erindi á málstofu í viðskiptafræði við Háskólann á Akureyri síðastliðinn föstudag. Rannsóknin snýr að breytingum ICEX-vísitölunnar frá ársbyrjun 1993 til 2013. Þar kemur fram samhengi milli vikudags og ávöxtunar íslenskra hlutabréfa. Ávöxtun sé mest á fimmtudögum og föstudögum en lítil sem engin í byrjun vikunnar.

Einnig kemur fram að síðasta dag ársins hafi vísitalan hækkad um 0,45 prósent að miðgildi en lækkað um 0,48 prósent á fyrsta degi ársins. Á seinni hluta tímabilsins sé enn sama uppi á teningnum. ICEX-vísitalan fer upp um 0,51 prósent að meðaltali á síðasta degi ársins en niður um 0,22 prósent á fyrsta degi nýs árs. „Þetta bendir til þess að aðilar á íslenskum verðbréfamarkaði séu að fegra uppgjör sín. Það skýtur skökku við að það sé svona mikill munur á síðasta degi ársins og fyrsta degi nýs árs,“ segir Stefán.

Brott á lögum um verðbréfa-viðskipti geta varðað sektum og fangelsi allt að sex árum séu brotin störfleidd.

Baldur Thorlacius, forstöðumaður Eftirlits Kauphallarinn-



Stefán B. Gunnlaugsson dósent við Háskólann á Akureyri



BALDUR THORLACIUS

höllin leggur sérstaka áherslu á að hafa eftirlit með verðhreyfingum á síðasta viðskiptadegi ársins, sem og öðrum dögum sem geta verið mikilvægir við mat á virði verðbréfa. Hefur það eftirlit í mörgum tilvikum leitt til þess að óskað hefur verið eftir gögnum og framkvæmt ítarlega greiningu á málsatvikum. „Kauphöllin leggur sérstaka áherslu á að hafa eftirlit með verðhreyfingum á síðasta viðskiptadegi ársins, sem og öðrum dögum sem geta verið mikilvægir við mat á virði verðbréfa. Hefur það eftirlit í mörgum tilvikum leitt til þess að óskað hefur verið eftir gögnum og framkvæmt ítarlega greiningu á málsatvikum,“ segir Baldur.

Hann segir ekki hægt að ræða einstaka tilvik. „Kauphöllin getur þó ekki greint frá niðurstöðu einstakra mála. Í þessu samhengi má þó benda á að frá hruni hefur hlutabréfaverð lækkað í fjórum tilvikum af sjö á síðasta viðskiptadegi ársins.“

sveinn@frettabladid.is



ÚRVAL ÚTSÝN

Yljáðu þér VIÐ AÐ BÓKA

Verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og stafabrengl.

SÓLARDAGAR ÚRVALS ÚTSÝNAR

BETRA VERÐ TIL COSTA BRAVA OG TENERIFE

18.–22. mars verða Sólardagar hjá Úrval Útsýn. Þá bjóðum við 2 hótél á Tenerife og 2 hótél á Costa Brava á betra verði. Sjá nánar á uu.is/solardagar.

PANTAÐU NÚNA OG TRYGGÐU ÞÉR SÆTI Í SÓLINA!

Úrval Útsýn | Hlíðasmára 19 | 201 Kópavogi

TENERIFE

FAMILYGARDEN COMPOSTELA

Þriggja stjörnu íbúðahótel á besta stað á Playa de las Americas ströndinni. Verslunarmiðstöðin Oasis er staðsett rétt við hótelið.

NETVERÐ M.V. 2 FULLORÐNA OG 2 BÖRN FRÁ **98.900 KR.** 8.–15. JÚLÍ



TENERIFE

LOS ALISIOS

Los Alisios er skemmtilega endurnýjað 3 stjörnu íbúðahótel í hlíðum Los Cristianos á rólegum stað. Hótelið er aðeins fyrir fullorðna og er 15 mínútna gangur niðri miðbæ Los Cristianos

NETVERÐ M.V. 2 FULLORÐNA OG 2 BÖRN FRÁ **97.900 KR.** 15.–22. JÚLÍ



COSTA BRAVA

HOTEL FENALS GARDEN

Fenals Garden er 4 stjörnu hótél staðsett örstutt frá hjarta bæjarins Lloret de Mar. Aðeins eru um 350 metrar niður á strönd og um 10 mínútna ganga í miðbæinn þar sem finna má úrval veitingastaða, verslana og næturklúbba.

NETVERÐ M.V. 2 FULLORÐNA OG 2 BÖRN FRÁ **88.600 KR.** 29. MAÍ – 6. JÚNÍ



COSTA BRAVA

HOTEL GRAN REYMAR & SPA

Gran Hotel Reymar er glæsilegt 4 stjörnu lúxus hótél í bænum Tossa de Mar. Einstakt útsýni, alveg við Costa Brava ströndina.

NETVERÐ M.V. 2 FULLORÐNA OG 1 BARN FRÁ **107.100 KR.** 29. MAÍ – 6. JÚNÍ



Innfalið í verði: Flug, gisting, flugvallaskattar, fararstjórn, 20 kg taska, handfarangur.

Þýskir þingmenn telja rétt að borga

Grískir ráðamenn hafa krafist nýrra stríðsskaðabóta frá Þjóðverjum og vonast til að bæta þannig fjárhagsstöðu gríska ríkisins. Þýska stjórnin hefur talið þær kröfur fráleitir, en nú taka stjórnarandstæðingar á þýska þinginu undir með Grikkjum.

ÞÝSKALAND Áhrifamiklir þingmenn úr röðum bæði Sósíaldemókrata og Græningja hafa nú tekið undir með Grikkjum og segja rétt að þýsk stjórnvöld greiði Grikklandi frekari stríðsskaðabætur.

„Ég held að af hálfu Þjóðverja væri gott ef við horfðumst í augu við okkar eigin fortíð. Þetta snýst um að viðurkenna að við beittum fólk miklum órétti í Grikklandi,“ hefur þýska tímaritið Der Spiegel eftir Gesine Schwan, sem tvisvar hefur verið í framboði til forseta Þýskalands fyrir hönd Sósíaldemókrataflokkssins.

Ralf Stegner, varaformaður flokkssins, tekur undir þetta: „Þetta snýst um það hvernig við umgöngumst okkar eigin sögu.“

Anton Hofreiter, þingflokkformaður Græningja, er sömu skoðunar: „Þýskaland getur ekki bara sópað þessum kröfum Grikklands út af borðinu,“ segir hann. „Hvorki siðferðilega né lagalega er þessum kafla endanlega lokið.“

Bæði Sósíaldemókratar og Græningjar eru í stjórnarandstöðu á þýska þinginu. Innan stjórnarandstöðunnar hafa þó til þessa einungis þingmenn Vinstriflokksins, sem eru arftakar gamla austurþýska Kommúnistaflokksins, viljað taka undir kröfur Grikkja um stríðsskaðabætur.

Þýska stjórnin hefur vísað þessum kröfum alfarið á bug.

Auk Grikkja hafa reyndar Rússar einnig farið fram á nýjar skaðabætur frá Þjóðverjum vegna framferðis þeirra í stríðinu. Rússneska dagblaðið Ísvestía skýrði í byrjun febrúar frá því að hópur rússneskra þingmanna ætli sér að setja nefnd í þetta mál og krefjast bóta. Þjóðverjar hafi aldrei greitt Rúss-



GESINE SCHWAN Fyrrverandi forsetaframbjóðandi þýska sósíaldemókrata segir Grikkji eiga rétt á frekari stríðsskaðabótum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Stríðsskaðabætur

Eftir að sigur vannst á Þjóðverjum vorið 1945 tóku sigurvegararnir að móta kröfur um stríðsskaðabætur. Þjóðverjar féllust á greiðslur með samningum af ýmsu tagi á næstu árum og áratugum eftir lok heimsstyrjaldarinnar. Reynt var að haga greiðslunum þannig að Þjóðverjar hefðu jafnan nægar þjóðartekjur til að standa undir eigin samfélagi.

- Árið 1961 fengu Grikkir greiðslu upp á 115 milljarða marka frá Þjóðverjum í skaðabætur til fórnarlamba nasista og afkomenda þeirra. Þjóðverjar telja þetta hafa verið endanlega greiðslu.
- Árið 1990, eftir fall Berlínarmúrsins og stuttu fyrir sameiningu þýsku ríkjanna, var svo gerður samningur um endanlegt uppgjör gagnvart framverði Þjóðverja í stríðinu þar sem meðal annars Grikkir féllust á að engin útistandandi mál væru eftir.
- Grikkir segjast þó aldrei hafa gefið formlega yfirlýsingu um að þeir muni aldrei fara fram á frekari skaðabætur. Þýska stjórnin viðurkenni líka á síðasta ári, í svari til þingmanna Vinstriflokksins, að formleg yfirlýsing um slíkt hefði aldrei borist frá Grikkjum.
- Gríska stjórnin fer nú meðal annars fram á endurgreiðslu á fé, sem hernámsstjórn nasista í Grikklandi neyddi grísk stjórnvöld til að „lána“ sér. Þetta nauðungarlán nam á sínum tíma 476 milljónum þýskra ríkismarkna og átti að vera vaxtalaust. Nú samsvarar þessi upphæð tæplega 2.000 milljörðum króna án vaxta, en meira en 13.000 milljörðum króna miðað við þriggja prósentu vexti.

um raunverulegar skaðabætur, því einu bæturnar sem Rússar fengu á sínum tíma voru eignir í Austur-Þýskalandi sem Sovétríkin gátu sjálf hirt af Þjóðverj-

um. Aðallega hafi þetta verið húsgögn, föt og iðn af ýmsu tagi, að því er fram kemur í frásögn þýska tímaritsins Der Spiegel. gudsteinn@frettabladid.is



OR og ON halda árlegan Vísindadag þar sem kynnt eru hin ýmsu rannsóknarverkefni sem unnin eru af starfsfólki fyrirtækjanna eða samstarfsaðilum.

Á meðal umfjöllunarefna verða CarbFix og SulFix verkefnið við Hellisheiðarvirkjun, áhrif gossins í Holuhrauni á neysluvatni, fegurð jarðhitasvæða og greining fíkniefna í skólpi.

Einnig verður fjallað um hvernig aukinni spurn eftir heitu vatni verður best mætt í framtíðinni, skipulagsmál m.t.t. veitureksturs og vatnsverndar og margt fleira.

Vísindadagur

Orkuveitu Reykjavíkur & Orku náttúrunnar

- Föstudaginn 20. mars kl. 9-16
- Ráðstefnusal OR, Bæjarhálsi 1
- Fjöldi áhugaverðra erinda
- Sólmyrkvinn skoðaður af svölum á 6. hæð
- Léttur hádegisverður
- Allir velkomnir - aðgangur ókeypis

Nánari upplýsingar og skráning á www.or.is



SÉRTILBOÐ

Frá kr.

99.900

Allt að
45.000 kr.
afsláttur á mann!

Njóttu sumardagsins fyrsta í

Verona

23. apríl í 4 nætur

Verona er ein elsta og fegursta borg Ítalíu, borg menningar, lista, tísku og ekki síst rómantikur, enda var hún heimkynni frægustu elskenda allra tíma, Rómeó og Júlíu. Hringleikahúsið fræga í borginni, Verona Arena, er frá 1. öld og í sama byggingarstíl og Coliseum í Róm.

Á 13. öld komst Scaligeri ættin til valda og réði ríkjum í hartnær eina og hálfu öld en á þessum tíma gerðist sagan um Rómeó og Júlíu sem Shakespeare gerði ódauðlega. Svalir Júlíu eru enn á sínum stað og einnig hallir Scaligeri fjölskyldunnar og ýmsar glæsibyggingar og listaverk sem setja svip sinn á miðborgina.

Fjöldi ferðamanna flykkist árlega til Verona til að njóta menningarverðmæta, lista og sögu eða til að rápa á milli glæsilegra verslana eða veitingahúsa og njóta hins besta í mat og drykk.

Hotel dei Capuleti

Frábært verð

Netverð á mann frá kr. 99.900
m.v. 2 í herbergi m/morgunmat.
Sértílbóð **kr. 99.900**
Almennt verð kr. 132.900
Afsláttur kr. 33.000



Hotel Armando

Frábært verð

Netverð á mann frá kr. 99.900
m.v. 2 í herbergi m/morgunmat.
Sértílbóð **kr. 99.900**
Almennt verð kr. 139.900
Afsláttur kr. 40.000



Hotel Giberti

Frábært verð

Netverð á mann frá kr. 109.900
m.v. 2 í herbergi m/morgunmat.
Sértílbóð **kr. 109.900**
Almennt verð kr. 154.900
Afsláttur kr. 45.000



Skógarhlíð 18 • Sími 595 1000
Akureyri • Sími 461 1099
www.heimsferdir.is



Kynningarfundur

– vegna hlutafjárútboðs Reita

Arion banki býður til kynningarfundar vegna almenns útboðs á hlutabréfum í Reitum fasteignafélagi hf. Fundurinn verður haldinn föstudaginn 20. mars í höfuðstöðvum Arion banka, Borgartúni 19.

Dagskrá:

- 11.45 Léttar veitingar og kaffi
- 12.00 **Halldór Bjarkar Lúðvígsson**, framkvæmdastjóri fjárfestingarbankasviðs Arion banka, opnar fundinn. **Guðjón Auðunsson**, forstjóri Reita, og **Einar Þorsteinsson**, framkvæmdastjóri fjármála- og rekstrarsviðs Reita, kynna félagið. **Kristófer Þór Pálsson**, forstöðumaður fjárfestingarbankasviðs Arion banka, fjallar um útboðið. **Stefán Broddi Guðjónsson**, greiningardeild Arion banka, fjallar um innlenda hlutabréfamarkaðinn.
- 13.30 Fundarlok

Skráning á arionbanki.is



REITIR

Velkomin til starfa

Borar af öllum stærðum og gerðum

MÚRBÚÐARVERÐ

MÚRBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is



S.J. Fréttablaðið

Billy Elliot

SÖNGLEIKURINN



TRYGGÐU ÞÉR MIÐA!

MIÐASALA | 568 8000 | BORGARLEIKHUS.IS

SGS boða verkfallsaðgerðir eftir páska

Starfsgreinasambandið hefur boðað til atkvæðagreiðslu um boðun verkfalls þann 10. apríl. Samtök atvinnulífsins komu í gær með nýtt útspil í viðræðum við SGS. „Þetta nýja útspil breytir engu,“ segir Björn Snæbjörnsson, formaður SGS.

VINNUMARKAÐUR Starfsgreinasamband Íslands (SGS) kynnti í gær verkfallsaðgerðir sínar sem fyrirhugaðar eru í apríl.

Verði verkfall samþykkt munu um 7.500 manns leggja niður vinnu í tímabundnum verkföllum frá 10. apríl til 26. maí þegar ótímabundin allsherjarvinnustöðvun hefst.

Taxtar félagsmanna innan Starfsgreinasambandsins á almenna vinnumarkaðnum í dag eru rétt rúmar 200 þúsund krónur. Flestir hópar innan raða SGS eru með samningsbundna taxa upp á 207.814 krónur til 222.030 krónur eftir sjö ára starf.

Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segist vona að samningar náist sem fyrst. Hins vegar geti samtökin ekki gengið að kröfum SGS.

„Þessar kröfur þeirra eru ábyrgðarlausar og munu aðeins auka á verðbólgu. Við hljótum að vilja halda verðbólgu í skefjum og tryggja þannig vaxandi kaupmátt launafólks. Við erum til viðræðna um hækkun lægstu launa en til þess verður að nást samstaða innan verkalýðshreyfingarinnar.“

Samtök atvinnulífsins (SA) sendu frá sér nýtt tilboð í gær. Þar kemur fram að samtökin vilja hækka grunnlaun en á móti lækka greiðslur fyrir yfir- og vaktavinnu. Þannig telji SA hægt að nálgast kröfur SGS um launahækkunir.

Björn Snæbjörnsson, formaður SGS, segir hægt að ná samningum áður en verkfall skellur á.

„Samtök atvinnulífsins verða að vera tilbúin að hlusta á okkar kröfugerðir, vilji SA er ekki mikill og þau hafa talið óraunhæft það sem við komum með. Þess vegna boðum við til verkfallsaðgerða. Þetta nýja útspil Samtaka atvinnulífsins breytir engu,“ segir hann og bætir við að kröfur SGS séu



BOÐA VERK FALLSAGÐGERÐIR Björn Snæbjörnsson og Drífa Snædal fóru yfir kröfugerðir SGS á blaðamannafundi í gær. Krafan er að lægstu laun hækki í 300 þúsund krónur á þremur árum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUDUNN

hófsamar og réttlátar. „Við erum að tala um að hækka lægstu laun í 300 þúsund krónur á þremur árum. Aðrar stéttir hafa verið að fá miklu hærri launahækkunir en við. Nú þarf vilja og þor til að ræða málin.“

Björn telur ólíklegt að stjórnvöld geti höggvið á hnúttinn með nýrri þjóðarsátt. „Traust okkar á stjórnvöldum eftir síðustu samningalotu er lítið. Þar komu stjórnvöld að borðinu með loford um ákveðna þjóðarsátt en sviku það daginn eftir. Það þýðir ekki að koma núna og reyna að selja okkur það sama og síðast, það gengur ekki.“

Drífa Snædal, framkvæmdastjóri SGS, segir útspil Samtaka atvinnulífsins nú skjóta skökku við. Ekki hafi verið vilji til viðræðna af hálfu þeirra.

„Vilji SA koma með nýjar hugmyndir þá er þeim í lófa lagið að leggja það á samningaborð ríkissáttasemjara.“

sveinn@frettabladid.is



„Þessar kröfur þeirra eru ábyrgðarlausar og munu aðeins auka á verðbólgu.“

Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri SA



„Aðrar stéttir hafa verið að fá miklu hærri launahækkunir en við. Nú þarf vilja og þor til að ræða málin.“

Björn Snæbjörnsson, formaður SGS.

Tækifæri í mars



Carpatica - Hangandi ljós

Mál (h x b x d): 34 x 41 x 41 sm.

Tækifærisverð:

10.900 kr.

(Fullt verð: 14.900 kr.)



Sao Paolo - Hangandi ljós

Mál (h x b x d): 20 x 20 x 20 sm.

Tækifærisverð:

13.900 kr.

(Fullt verð: 16.900 kr.)



Eva - Borðlampar

Fánlegir í þremur litum.

Tækifærisverð:

5.900 kr.

(Fullt verð: 7.500 kr.)



Kulan - Hangandi ljós

Mál (h x b x d): 25 x 28 x 28 sm.

Tækifærisverð:

6.500 kr.

(Fullt verð: 8.900 kr.)



AUKIÐ FRAMLEIÐSLUVIRÐI Hagstofa Íslands gefur nú hagræikninga landbúnaðarins út í þriðja sinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Aukið framleiðsluvirði rakið til magns fremur en verðbreytinga:

Virði landbúnaðar-afurða jókst milli ára

LANDBÚNAÐUR Áætlað heildarframleiðsluvirði landbúnaðarins fyrir árið 2014 var 64,2 milljarðar á grunnverði og jókst um 4,3 prósent milli ára. Taldir eru með vörustyrkir en ekki vöruskattar. Þetta kemur fram á vefsíðu Hagstofu Íslands.

Virði afurða búfjárræktar er talið vera 41,7 milljarðar króna og þar af vörutengdir styrkir og skattar um 9,9 milljarðar króna.

Virði afurða nytjaplönturæktar eru tæpir 19,5 milljarðar og þar af vörutengdir styrkir og skattar 291 milljón króna. Aðfanganotkun land-

búnaðarins í heild er áætluð 48,5 milljarðar árið 2014 og jókst um 4,2 prósent frá fyrra ári.

Talið er að aukningu í framleiðsluvirði árið 2014 megi rekja meira til magnbreytinga en verðbreytinga. Þá er talið að breytingu á notkun aðfanga megi rekja til 6,5 prósent magnaukningar og 2,2 prósent verðhækkunar. Framleiðsluverðmæti landbúnaðarins árið 2013 er metið 61,6 milljarðar á grunnverði miðað við uppfærðar tölur og er það heildaraukning um 4,3 prósent frá 2012

-ngy



7 SKÜFFUR

SÁ VINSÆLI

283 verkfæri 177.750 m/vsk



PRO SERIA

Búðu til þinn eigin vagn

18% afsl
Af tónum vögnum

25% afsl
Af verkfærabökkum



7 SKÜFFUR

PRO PLUS SERIA

282 verkfæri 197.511 m/vsk



8 SKÜFFUR

PRO PLUS SERIA

322 verkfæri 237.033 m/vsk

VINNUSTÖÐ

Hægt að velja um veggpanil eða veggskáp
Vinnuborð 827 x 1560 x 710
Veggpanill 600 x 1560
Skápur 603 x 1560 x 200
3 skúffu skápur 360 x 687 x 459

79.900 m/vsk
Skápur

72.900 m/vsk
Vinnuborð

49.900 m/vsk
3 Skúffur skápur

24.900 m/vsk



8 SKÜFFUR

SÁ RISASTÓRI

360 verkfæri 286.435 m/vsk



383 STK - VERKFÆRAVAGN Á HJÓLUM

8 Skúffur - 1/4", 3/8" og 1/2" topplykasett
Fastir lyklar, skrallyklar, sexkantar og skrúfjárn,
djúpir toppar, höggskrúfjárn, skiptilykill, slaghamar,
splittatangir, tangir, járnsgög, bitar og fl.
Sterkur vagn með lás

NÝTT

269.900 m/vsk
Okkar besta verð

Verulega deildar meiningar meðal flokksmanna:

Sjálfstæðisflokkur er stefnt í vanda

Mörgum var brugðið þegar Jórunn Frímansdóttir, fyrrverandi borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, sagði frá sneypuför á ritstjórnarstofu Morgunblaðsins í von um að ritstjóri blaðsins myndi samþykka að Evrópusinnaðir sjálfstæðismenn ættu samleið með þeim flokksmönnum sem eru annarrar skoðunar. Ritstjórnin hafnaði þeim og síðan hefur þannig þenkjandi fólk yfirgefið flokkinn. Ekkert hefur verið rætt um hvers vegna ekki var leitað til formannsins, Bjarna Benediktssonar.

Sigurjón Magnús Egilsson

sme@frettabladid.is



Ljóst er að sumum þeirra sem enn starfa innan Sjálfstæðisflokksins og ætla að gera áfram, er ekki skemmt yfir framgangi ríkisstjórnarinnar. Sumt af því fólki á bág með að þola að stigið sé yfir samþykktu þingsályktun um aðildarumsókn að Evrópusambandinu. Á vefnum hringbraut.is segir að þingmaðurinn Vilhjálmur Bjarnason sé ósáttur með framganginn og í hans huga er augljóst að þarna hafi verið farið á svig við reglur og þingsköp og að líkja megi ákvörðun ráðherra við siðrof.

Víst er að Vilhjálmur á skoðanasystkin innan Sjálfstæðisflokksins. Fyrirnefndur ritstjóri Morgunblaðsins gefur ekki mikið fyrir sjónarmið á móta þeim sem Vilhjálmur heldur fram. Í forystugrein þess annars ágæta blaðs skrifar ritstjórnin: „EKKI er öll vitleysan eins í umræðunni um Evrópumálin. Því er til að mynda haldið fram að þingsályktunartillaga, sem ríkisstjórnin sem þvingaði hana í gegnum þingið fylgdi ekki sjálf, hafi einhverja þýðingu fyrir allt aðra ríkisstjórn og allt annað þing. Því er líka haldið fram að núverandi utanríkisráðherra hafi brotið gróflega af sér með því að ræða ekki við utanríkismálanefnd þingsins áður en hann framkvæmdi yfirlýsta og margrædda stefnu ríkisstjórnarinnar.“

Þar talar maður sem mark er tekið á í forystu ríkisstjórnarinnar. Maður sem hefur lengur verið forsætisráðherra en nokkur annar Íslendingur, maður sem þekkir stjórnarhættina. Hann kveður upp úr með að þingsályktun, samþykkt af Alþingi, hafi enga þýðingu milli kjörtímabíla, alls ekki þegar ríkisstjórnarskipti verða.

Þetta er ekkert grín. Stærsti stjórnarmálaflokkur þjóðarinnar, sá sem heldur ríkisstjórninni saman og um leið gangandi, siglir blindsiglingu og með öllu er óvíst hvert hann stefnir. Títtnefndur ritstjóri, sem virðist ráða hvaða fólk er í Sjálfstæðisflokknum og hvaða ekki, ætlar bersýnilega ekkert að gefa eftir. Hann er búinn að gefa tóninn. Þingsályktunin lifði ekki milli kjörtímabíla. Dómur um það er fallinn og var birtur á blaðsíðu 20 í Morgunblaðinu í gær. Gert er ráð fyrir að flestir stjórnarþingmenn skipi sér í raðir með þeim stóra dómi. En aðrir?

Bjarni Benediktsson, sem er jú formaður Sjálfstæðisflokksins, sagði á þingi að meirihlutinn réði. Þannig virkar lýðræðið, mikið rétt. En þá verður meirihlutinn að fara eftir leikreglunum. Áhöld eru um hvort svo hafi verið gert. Minnihluti þingmanna mun berjast, sumir segja að hann muni verjast, til að fá annan dóm um málið en þann sem birtist í Morgunblaðinu í gær. Á meðan hrannast upp óveðursský yfir Valhöll að Háaleitisbraut 1 í Reykjavík.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Málþóf og gísling

Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra sparði ekki stóru orðin í umræðum á Alþingi í gær. Hann taldi sem fyrr algjöran óþarfa að fara með ESB-viðræðuslit fyrir þingið og spurður um lyktir eigin tillögu um ESB-viðræðuslit, sem hann lagði fram í fyrra, var hann ekki í vafa um hver væri ástæða þess að hana hefði dagað uppi. „Í fyrsta lagi er alveg ljóst að það þingmál sem var flutt fyrir ári var tekið í gíslingu af stjórnarandstöðunni. Hér var málþóf dag eftir dag um málið, því var haldið í gíslingu...“ Þessi ummæli féllu í svári við andsvari Helga Hrafn Gunnarssonar, þingmanns Pírata. Helgi Hrafn var ekki seinn á sér að minna ráðherra á að málið hefði ekki dagað uppi í þingsal, heldur í utanríkis-

málanefnd, en formaður þeirrar nefndar er Birgir Ármannsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins.

Fimm daga gísling

Helgi Hrafn er með tölvulæsari þingmönnum og var ekki lengi að fletta upp umræðunni frá því í fyrra. „Þingsályktunartillagan var rædd 27. febrúar, síðan var hún rædd 10. mars, 11. mars, 12. mars og 13. mars. Þetta eru örfáir dagar sem fóru í að ræða Evrópusambandið, virðulegi forseti Evrópusambandið.“ Við þetta bætti hann þeirri skoðun sinni að hann teldi að utanríkisráðherra áttaði sig stundum ekki á því við hvaða mál hann væri að fást.


Vertu bara heima

Óhætt er að segja að ummæli utanríkisráðherra um málþóf og gíslingu hafi hleypt illu blóði í marga. Svandís Svavarsdóttir, þingmaður Vinstri grænna, sagði ráðherra koma fram af hroka. Hann setti ofan í við Helga Hrafn fyrir að hafa tekið þátt í þingstörfum um tillöguna í fyrra og verið í umræðum um hana og spurði hvort hann vildi takmarka málfrelsi þingmanna. „Mér er skapi næst að biðja hæstvartan ráðherra að vera einhvers staðar annars staðar svo við þingmenn getum rætt hér saman um stöðu Alþingis.“ Hafi Gunnar Bragi ætlað að lægja öldur á Alþingi með skýrslu sinni í gær, mistókst það hrappallega.

kolbeinn@frettabladid.is



HALLDÓR



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Práinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is FRÉTTASTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson sme@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Náttúrufræðisafn Íslendinga

MENNING



Úrsúla Jünemann kennari og leiðsögumaður

Oft er talað um það að áhugi og færni nemenda í náttúrufræðum sé frekar bágborið hér á landi. Af hverju skyldi það vera?

Þegar ég var í heimsókn í Berlín nýverið fór ég meðal annars á Náttúrufræðisafnið þar. Þvílík upplifun! Maður hefði getað verið þar í nokkra daga. Þetta safn telst með þeim stærstu í heiminum. Auðvitað getum við ekki keppt við slíka milljóna-borg þó okkur finnist alltaf að við eigum að vera bestir í heiminum. En við gætum sniðið okkur stakk eftir vexti. Náttúrufræðisafnið sem er búið að vera á hrakhólum í mörg ár ætti loksins að fá varanlegt húsnæði þar sem uppbyggingin og starfsemi gæti átt sér stað. Þar ætti að fara fram fræðsla fyrir skólahópa, áhugasamar fjölskyldur og ferðamenn. Af hverju í ósköpunum getum við þetta ekki eins og aðrar þjóðir?

Við státum okkur af okkar einstöku náttúru og það með réttu. Við sem búum hér ásamt þeim sem heimsækja okkur ættum að eiga rétt á því að okkar náttúrufersemar – hvort sem þær eru tengdar jarðfræði, steinum, uppstoppuðum dýrum, eldvirkni, lífríkinu í hafinu, plönturíkinu, veðurfari o.fl. og fl. – séu til sýnis á góðum og aðgengilegum stað með faglegum upplýsingum fyrir almenning.

Það er svo mikilvægt fyrir fólkíð í dag

→ Þegar ég heimsótti Náttúrufræðisafnið í Berlín þá var ég alveg heilluð af því hve vel var hugsað um að ná til barnanna.

– og ekki síst börnin – að fá einhver tengsl við umhverfið og náttúruna. Við fjarlægjumst þetta sífellt meira og lifum í einhverjum gervi- og tækniheimi. Tæknin gæti ef til vill bjargað mörgu en gæti einnig leitt okkur á villigötur ef við trúum einungis á hana.

Þegar ég heimsótti Náttúrufræðisafnið í Berlín þá var ég alveg heilluð af því hve vel var hugsað um að ná til barnanna. Þar var fullt af upplýsingum, þrautum og leikjum sem vöktu athygli þeirra. Þar var greinilega gert ráð fyrir skólahópum til að koma og vinna að sérstökum verkefnum og rannsóknum. En einnig fjölskyldur með börnunum sínum gátu gert sér glödan dag þarna og upplifað margt og fræðst í leiðinni.

Nýverið hafa 15 náttúruverndar- og úti-vistarsamtök sent menntamálaráðherra áskorun um að Náttúrufræðisafnið fái loksins varanlegt húsnæði ásamt viðunandi aðstöðu fyrir starfseminna sína í þágu náttúruvísinda.

Það er ekki eftir neinu að biða!

Láttu nýja hleðslutækið vera það síðasta sem þú kaupir.

FrayFix fylgir með öllum hleðslutækjum á meðan birgðir endast.

Hleðslutæki 11.990.-
FrayFix 3.990.-



Samþykktu fyrir 23. mars

69 þúsund umsóknir bást frá 105 þúsund einstaklingum um skuldaleiðréttingu á verðtryggðum húsnæðislánum. Frestur til að samþykkja leiðréttinguna rennur út þann 23. mars nk. Þessi frestur á við um þær umsóknir þar sem niðurstöður voru birtar þann 23. desember sl. Enn á eftir að vinna úr 3.900 umsóknum og unnið er hörðum höndum við að klára vinnslu þeirra. Ýmsar ástæður liggja þar að baki. Í nokkrum tilvikum vantar frekari gögn sem kallað hefur verið eftir frá umsækjendum og í öðrum tilvikum er m.a. um að ræða dánarbú og breytingar á fjölskylduhögum.

FJÁRMÁL



Elsa Lára Arnardóttir þingmaður Framsóknarflokksins

lánanna og í afborgunum. Gaman hefur verið að fá fréttir frá fólki sem er ánægt með leiðréttinguna. Segja hana hafa góð áhrif á heimilisbókhaldið. Segjast geta farið 2-3 sinnum í matvöruverslunina fyrir þá upphæð sem lánið minnkarnum. Alla munar um það. Auðvitað er það mismunandi hvað lánið lækka um, fer allt eftir skuldahlutfalli hvers og eins. Þak aðgerðarinnar var fjórar milljónir.

Peir sem eiga eftir að samþykkja leiðréttinguna, eiga að hafa fengið póst eða eiga von á pósti frá ríkisskattstjóra, sem á að minna á samþykkisfrestinn. Samkvæmt fréttum frá ríkisskattstjóra hafa margir tekið vel við sér þegar þeir hafa fengið áminningarpósta þessa efnis.

Heimilin áfram í fyrsta sæti

Nú hafa rúmlega 32 þúsund umsóknir borist um ráðstöfun sér eignarsparnaðar. Hægt er að velja um tvær leiðir. Það er að borga séreignarsparnað inn á húsnæðislán eða borga inn á sérstakan húsnæðissparnað. Enn er hægt að

→ Peir sem eiga eftir að samþykkja leiðréttinguna, eiga að hafa fengið póst eða eiga von á pósti frá ríkisskattstjóra, sem á að minna á samþykkisfrestinn.

sækja um þessa aðgerð og gildir hún til ársins 2017.

Auk þessa styttest verulega í frumvörp er koma á móts við þá sem eru á leigumarkaði. Þar er m.a. tekið á uppbyggingu húsnæðissamvinnufélaga, unnið að lækkuð leiguverðs, auknu framboði íbúða og meiri stuðningi við þá sem búa í leiguhúsnæði, í gegnum húsnæðisbætur.

Samkvæmt þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar eru frumvörp er varða afnám verðtryggingar af neytendalánnum, væntanleg í þingið í lok mars. Þau miða að því að fyrstu skref í afnámi verðtryggingarinnar af neytendalánnum, fari fram í byrjun ársins 2016.

Það er óhætt að halda því fram að ríkisstjórn Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar hafi sett heimilinn í fyrsta sæti og haldi þeirri forgangsröðun áfram.

68 milljörðum þegar ráðstafað

80 milljörðum var ráðstafað í beina niðurfellingu skuldaleiðréttingarinnar. Nú þegar hefur 68 milljörðum verið ráðstafað inn á verðtryggðar húsnæðisskuldur landsmanna og búið er að ganga frá afgreiðslu þeirra mála inni í bankakerfinu. Í þeim tilvikum hafa áhrif leiðréttingarinnar komið fram, bæði hvað varðar höfuðstól

Starfstengt diplómanám fyrir fólk með þroskahömlun

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks var undirritaður af Íslands hálfu árið 2007. Tilgangur samningsins er að tryggja fötludu fólki mannréttindi til jafns við aðra þjóðfélagsþegna. Í honum er tilgreint að aðildarríkin skuli stefna að því að koma á menntakerfi á öllum skólastigum án aðgreiningar. Þrátt fyrir yfirlýsta stefnu um jafnrétti til náms hefur fólk með þroskahömlun á Íslandi og í öðrum löndum átt fá tækifæri til að afla sér frekari menntunar að framhaldsskóla loknum.

MENNTUN



Jóhanna Einarsdóttir forseti Menntasviðs Háskóla Íslands

námsins er tvíþætt. Annars vegar að undirbúa nemendur til starfa á afmörkuðum starfsvettvangi, svo sem í leikskólum, frístundaheimilum og á vettvangi fatlaðs fólks. Hins vegar að gera nemendum kleift að öðlast hagnýta þekkingu og félagslega færni í námsumhverfi án aðgreiningar í því skyni að greiða fyrir aukinni þátttöku þeirra í samfélaginu. Starfstengda diplómanámið hefur verið mikil lyftistöng fyrir fólk með þroskahömlun og mikilvægt skref í réttindabaráttu fatlaðs fólks. Námið miðar að því að veita nemendum möguleika á fullgildri þátttöku í samfélaginu með því að gefa þeim tækifæri til náms í háskóla. Námið hefur vakið mikla athygli í útlöndum þar sem áhugi hefur verið á að taka upp sambærilegt nám við erlenda háskóla. Námið hefur jafnframt hlotið viðurkenningar inn-

anlands, Múrbrjót Landssamtakanna Þroskahjálpar árið 2007 og á Alþjóðadegi fatlaðs fólks þann 3. desember sl. hlaut Menntavísindasvið Hvatningarverðlaun Öryrkjabandalags Íslands. Í umsögn dómnefndar kemur fram að verðlaunin séu veitt fyrir „frumkvöðlastarf á heimsvísu í að bjóða fólki með þroskahömlun tækifæri til að stunda háskólanám. Þetta framtak hefur mikla þýðingu fyrir jafnrétti fólks með þroskahömlun til náms og atvinnuþátttöku“.

Diplómanámið hefur þegar sannað gildi sitt. Rannsóknir hafa sýnt að nemendur sem hafa lokið náminu eiga mun auðveldara með að komast í störf á sínu námssviði og bera meiri ábyrgð að námi loknum. Félagsleg þátttaka í háskólaumhverfinu og samvera við aðra háskólanemendur er jafnframt mikilvægur ávinningur. Námið hefur rutt brautina við að bæta líf og aðstæður fatlaðs fólks í íslensku samfélagi.

Starfstengt diplómanám fyrir fólk með þroskahömlun við Menntavísindasvið Háskóla Íslands er fyrsta námsframboð í háskóla fyrir fólk með þroskahömlun hér á landi. Námið hefur verið starfrækt frá árinu 2007 og mun fjórði hópurinn útskrifast nú í vor. Meginmarkmið

Afnema á skerðingu lífeyris aldraðra

Hver eru helstu baráttumál eldri borgara í dag? Á aðalfundi Félags eldri borgara í Reykjavík 20. febrúar sl. voru þessi tvö mál efst á lista kjaramála: Afnám skerðingar lífeyris aldraðra frá almannatryggingum vegna greiðslna úr lífeyrissjóði. Og leiðrétting lífeyris vegna kjaragliðunar krepputímans. Hér verður gerð grein fyrir þessum tveimur baráttumálum eldri borgara.

KJÖR ALDRAÐRA



Björgvin Guðmundsson formaður kjaranefndar Félags eldri borgara

gegnum þessu kerfi. Svo alvarlegt er ástandið. En þingmenn sitja samt með hendur í skauti í þessu máli og hafast ekki að!

Hitt baráttumál eldri borgara, sem var efst á lista aðalfundarinnar 20. febrúar sl., var krafan um að kjaragliðun krepputímans yrði leiðrétt strax. Stjórnarflokkarnir báðu lofuðu þessari leiðréttingu fyrir kosningar 2013 og raunar lofuðu þeir einnig að leiðrétta að fullu alla kjaraskerðinguna frá árinu 2009 en aðeins er búið að leiðrétta hluta hennar.

Samkvæmt útreikningum kjaranefndar Félags eldri borgara í Reykjavík þarf að hækka lífeyri aldraðra og öryrkja um a.m.k. 20% strax til þess að framkvæma þessa leiðréttingu. ÖBÍ telur að hækka þurfi lífeyrinn enn meira. Ekkert bolar á efninum á þessu stóra kosningaloforði. Það er engu líkara en að ríkisstjórnin ætli að svíkja þetta loforð. Því verður þó ekki trúað að öreyndu. En kjörtímabilið er hálfnað og því ekki seinna vænna að efna þetta loforð.

→ ÖBÍ telur að hækka þurfi lífeyrinn enn meira. Ekkert bolar á efninum á þessu stóra kosningaloforði.

Auðvelt að standa við loforðið

Fjárhagur ríkissjóðs fer nú batnandi. Til dæmis var greiðsluafkoma ríkissjóðs tæpum 100 milljörðum betri árið 2014 en árið á undan. Því ætti að vera auðvelt fyrir ríkið að borga lífeyrisþegnum skuldina vegna kjaragliðunar krepputímans. Það kostar um það bil 17 milljarða. Þetta er aðeins spurning um forgangsröðun. Ríkisstjórnin hefur ekki sýnt mikinn áhuga á málefnum aldraðra og öryrkja eftir kosningar. Hún hefur aðeins gert tvennt að eigin frumkvæði í þessum málaflokki: Hækkað frítekjumark vegna atvinnutekna aldraðra og endurreist grunnlífeyri til þeirra sem hafa greiðslur úr lífeyrissjóði. Stjórnarflokkarnir höfðu meiri áhuga á öldruðum og öryrkjum fyrir kosningar. Þá gáfu þeir þessum hópi mikil kosningaloforð. Nú er komið að því að standa verður við þessu kosningaloforði. Það eru nógir peningar til.

TRAUSTIR, NOTAÐIR GÆÐABÍLAR Á HAGSTÆÐU VERÐI



VW Passat Comfortl. 1.6 TDI
Árgerð 2013, dísil
Ekinn 20.500 km, sjálfskiptur

Ásett verð: 4.190.000



MM Pajero Instyle
Árgerð 2011, dísil
Ekinn 73.000 km, sjálfskiptur

Ásett verð: 6.290.000



Audi A3 Sportback 1.8 T
Árgerð 2008, bensín
Ekinn 94.000 km, sjálfskiptur

Ásett verð: 2.290.000



VW Caddy Maxi Trendl 2.0 Eco. Árg. 2014, bensín/metan
Ekinn 9.000 km, beinskiptur

Ásett verð: 3.590.000



VW Polo 1.4 Comfi 85 hö 5g
Árgerð 2013, bensín
Ekinn 46.000 km, beinskiptur

Ásett verð: 2.250.000



Toyota Land Cruiser
150 GX. Árgerð 2012, dísil
Ekinn 36.000 km, sjálfskiptur

Ásett verð: 8.290.000



Lexus RX400 Hybrid EXE
Árgerð 2008, bensín
Ekinn 120.000 km, sjálfskiptur

Ásett verð: 3.390.000



Fiat 500
Árgerð 2012, bensín
Ekinn 17.000 km, beinskiptur

Ásett verð: 1.990.000



Kia Cee'd EX Sport
Árgerð 2011, dísil
Ekinn 55.000 km, sjálfskiptur

Ásett verð: 2.890.000

Komdu og skoðaðu úrvalið!



NOTAÐIR BÍLAR heklanotadibir.com

Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Opíð virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16

Einkarekstur í heilbrigðis-kerfinu fyrir hvern?

Prófessor við HÍ hefur sem oftari farið mikinn við að rægja einkarekstur í heilbrigðiskerfinu og verið fylgt eftir af lektor og alþingismönnum á vinstri væng. Engin tilraun er gerð til að skilgreina gæði.

Eftir 40 ára einkapraxis kemst ég ekki hjá að leggja orð í belg. Þegar ég hóf störf á þáverandi Borgarspítala þótti sjálfsagt að sérfræðingar gæfu einnig kost á þekkingu sinni og reynslu án þess að sjúklingar væru lagðir inn til legu, þ.e. væru „ambulant“ skv. alþjóðlegu heiti. Göngudeildir þekktust þá ekki og var því eingöngu um rekstur einkastofu sérfræðinga að ræða.

Eftir viðtal og skoðun veikinda þarf yfirleitt blóðrannsókn og oft röntgenmynd t.d. af lungum. Þótt

HEILBRIGÐIS-MÁL



Birgir Guðjónsson lyf- og meltingarlæknir

ég væri starfandi á Borgarspítalanum þurfti ég að hringja sérstaklega til að panta tíma fyrir sjúkling í blóðrannsókn, aðra hringingu þurfti til að fá einnig röntgenmynd ef þörf var á. Þriðju símhringinguna gat þurft til frekari samræmingar. Flóknari röntgenrannsóknir á sjúklingum utan sjúkrahúsa fengust ekki fyrr en eftir marga daga.

Hægt var hins vegar að vísa fólk á Landakot þar sem rannsóknardeildin undir stjórn Jóhanns Lárusar Jónassonar tók fyrirvaralaust við sjúklingum til rannsóknar og röntgendeildin undir stjórn Þorkels Bjarnasonar tók röntgenmynd af lungum án nokkurra símhringinga.

Frumkvöðlar

Jóhann Lárus og Þorkell voru frumkvöðlar í að gera ambulansþjónustu við sjúklinga aðgengilega, lipra og skjóta. Þeirra starfsemi varð enn betri þegar Jóhann Lárus setti á laggirnar rannsóknarstofu í Lækna-stöðinni og Þorkell röntgenstofu í Domus Medica. Blóðrannsóknastofur komu síðar á öðrum stofum og röntgendeild í einkarekstri hefur síðar verið stofnsett í Orkuhúsinu.

Minnist ég þess að ung margra barna móðir austan af fjörðum greindist með sjúkdóm sem gat þýtt æxli bæði í briskirtli og hálsi. Tölvusneiðmyndatæki var þá komið á aðalspítala landsins og þurfti slíka rannsókn til frekari staðfestingar. Ungu móðirin mátti fara til síns

→ Göngudeildir þekktust þá ekki og var því eingöngu um rekstur einkastofu sérfræðinga að ræða.

heima, koma eftir þrjár vikur til skoðunar á öðru svæðinu og þrem vikum síðar á seinna svæðinu. Þrátt fyrir grátbætur til þáverandi yfir-læknis kom ekki til greina að fá þessarar rannsóknir strax og jafnvel ekki báðar samtímis eftir þrjár vikur. Þetta lýsir vel þjónustulípurð hins opinbera rekstrarfyrirkomulags.

Við könnun í dag þann 9. febrúar fengist blóðrannsókn strax á öllum rannsóknarstofum. Við grunsemdir um meinsemdir í kvíð fengist ómskoðun á efri hluta kvíðar á morgun, þ.e. 10. febrúar, á bæði einkaröntgenstofum og LSH. Tölvusneiðmynd af kvíð fengist strax í dag í Orkuhúsinu og Rtg. Domus, en þann 20. febrúar eða eftir 11 daga á LSH Fossvogi, eftir 2-3 vikur (þ.e. 23. febr.-2. mars.) á LSH Hringbraut, tölvusneiðmynd af ristli fengist í Orkuhúsi og Rtg Domus strax eftir tveggja daga undirbúning, en eftir 2-3 vikur á LSH Fossvogi eða Hringbraut.

LSH sinnir sínum innliggjandi sjúklingum ugglaut fljótt og vel en hvert vildu háskólakennararnir og alþingismennirnir vera sendir til frekari rannsókna ef þeir kæmu til læknis með grun um slæmt innan-mein?

Gæti svarið við fyrirsögninni verið SJÚKLINGA. Skrifað að morgni 9. febrúar.

Á makrílnum skuluð þið þekkja þá

Fyrir aðeins þremur árum varð makrill nokkuð óvænt að verðmætum nytjastofni hér við land. Við það skapaðist líka einstakt tækifæri til að innleiða nýjar og markaðsvænni aðferðir við úthlutun á veiðheimildum. En tækifærið var ekki nýtt því félagar í vildarklúbbi LÍÚ á Alþingi komu í veg fyrir það. Stórútgærdinni var því úthlutað 96% af

SJÁVARÚT-VEGUR



Atli Hermannsson fyrrverandi veiðarfærasölumaður og eigandi smábáts

heildarkvótanum og smábátaflotanum gert að sætta sig við 4%. Þessi skipting er ekki bara ósanngjörng og óréttlát, heldur lýsir hún líka alveg ótrúlegri ósvifni. Nægir að nefna að þegar makrílveiðar smábáta voru stöðvaðar í fyrrasumar áttu stóru skipin enn eftir að veiða 30 þúsund tonn. Og þegar stóru skipin hættu veiðum urðu sjö þúsund tonn eftir óveidd af þeirra heildarkvóta – eða nokkurn veginn sama magn og smábátaflotanum var úthlutað.

Þá hefur stórútgærdin ekki aðeins úr þessum 96% af kvótanum að móða. Því á bak við landskvóta Grænlandinga stendur íslenska stórútgærdin. Því á síðustu árum hafa nokkrar af stærstu útgerðum landsins verið að koma sér fyrir á Grænlandi með því að flagga þangað eldri skipum eða stofna skúffufyrirtæki í einni eða annarri mynd. Megnið af grænlandskum makrílkvótanum er því einnig veitt af „íslenskum“ skipum. Þegar

→ Þessi skipting er ekki bara ósanngjörng og óréttlát, heldur lýsir hún líka alveg ótrúlegri ósvifni.

krókaveiðar smábáta voru stöðvaðar í fyrrasumar var hart gengið á Sigurð Inga sjávarútvegsráðherra að auka aflaheimildir þeirra – en honum varð ekki haggð. Í viðtölum sagði ráðherra

mikilvægt að vera ekki með einhverja hentistefnu sem skaðað gæti ásýnd kvótakerfisins út á við. Svo kölluð ásýnd (út á við) skipti því meira máli en vistvænar krókaveiðar sem skapað hefðu milljarða útflutningsverðmæti og 500 störf við veiðar og vinnslu víðs vegar um landið. Það hefur verið talað um afgang af minna tilefni.

Nú hefur Landssamband smábátaeigenda kynnt sjávarútvegsráðherra kröfu sína fyrir komandi vertíð. Landssambandið ítrekar að krókaveiðar á makríl eigi í eðli sínu að vera frjálssar. En til vara leggur sambandið til að smábátum verði úthlutað a.m.k. 12 þúsund tonnum eða rétt um 10% af væntanlegum heildarkvóta. Einhverjum kann að þykja það mikið. En þegar haft er í huga að smábátar í Noregi eru með 18% af heildarkvótanum, er ekki óeðlileg krafa að vildarklúbbur stórútgærdarinnar sjái aðeins að sér.

FUDGE Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma

FUDGE

FUDGE

FUDGE

FUDGE

FUDGE

FUDGE

FUDGE

Rakarastofan Klapparstíg

S: 551 3010

Mercedes-Benz B-Class

Ljúfir gæðabílar – en smá notaðir



Mercedes-Benz

B 220 CDI



Árgerð 2014, ekinn 29 þús. km, sjálfskiptur, dísil, 170 hö.

Búnaður: Metallic lakk, leðuráklæði, bakkmyndavél, 16" álfelgur, hiti í framsætum, Light & Sight inniljósþakki, þokuljós að framan o.fl.

Verð 5.290.000 kr.

B 220 CDI



Árgerð 2014, ekinn 23 þús. km, sjálfskiptur, dísil, 170 hö.

Búnaður: Metallic lakk, leðuráklæði, bakkmyndavél, 16" álfelgur, hiti í framsætum, Light & Sight inniljósþakki, þokuljós að framan o.fl.

Verð 5.390.000 kr.

B 180 CDI BLUE EFFICIENCY



Árgerð 2013, ekinn 28 þús. km, beinskíptur 6 gíra, dísil, 109 hö.

Búnaður: Bakkmyndavél, hiti í framsætum, 16" álfelgur, krómpakki, sætisþægindapakki, Light & Sight inniljósþakki, þokuljós að framan o.fl.

Verð 4.490.000 kr.

B 200 CDI BLUE EFFICIENCY



Árgerð 2012, ekinn 35 þús. km, beinskíptur 6 gíra, dísil, 136 hö.

Búnaður: Aksturstölva, Metallic lakk, 16" álfelgur, exclusive pakki, dökkar rúður, hiti í framsætum, krómpakki, þokuljós að framan o.fl.

Verð 4.690.000 kr.



Bílaflármögnun Landsbankans

Kletthálsi 2 • 110 Reykjavík • Sími 590 2160 • www.notadir.is
Opíð virka daga kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16



NOTAÐIR BÍLAR



Almennt útboð

á hlutum í Reitum fasteignafélagi hf. hefst miðvikudaginn
25. mars kl. 16.00 og lýkur föstudaginn 27. mars kl. 16.00



Arion banki hyggst selja 13,25% í félaginu

Markmið seljanda er annars vegar að útboðið geri félaginu kleift að uppfylla skilyrði Nasdaq Iceland um dreifingu hlutabréfa sem tekin eru til viðskipta á Aðalmarkaði og hins vegar horfir seljandi til þess að selja eign sína á sem hagstæðustu verði.

Tekið er við áskriftum rafrænt á vef Arion banka, arionbanki.is

Stærð útboðsins nemur 100.000.000 hlutum og er söluandvirði þeirra að lágmarki 5.550 milljónir króna. Tvær áskriftarleiðir eða tilboðsbækur eru í boði en ákvörðun um stærð tilboðsbóka mun taka mið af eftirspurn í útboðinu, bæði hvað varðar verð og magn.

Tilboðsbók A

- > Hver áskrift að andvirði 100.000–10.000.000 kr.
- > Verðbil 55,5–63,5 kr./hlut
- > Eitt endanlegt verð, jafnt eða lægra en í B

Tilboðsbók B

- > Áskrift að andvirði yfir 10.000.000 kr.
- > Lágmarksverð 55,5 kr./hlut
- > Eitt endanlegt verð, jafnt eða hærra en í A

Meginregla við úthlutun verður að taka þeim áskriftum sem berast á hæsta gengi. Gert er ráð fyrir að niðurstöður útboðs verði birtar opinberlega 30. mars 2015. Útboðið er með fyrirvara um að hlutir í félaginu verði teknir til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Slíkt samþykki birtir Nasdaq Iceland ásamt tilkynningu um fyrsta mögulega viðskiptadag með að lágmarki eins viðskiptadags fyrirvara. Eindagi kaupverðs er áætlaður 7. apríl 2015 og stefnt að því að viðskipti geti hafist á Aðalmarkaði 9. apríl 2015.

Minnt er á að fjárfesting í hlutabréfum felur í sér áhættu og að áskrift í útboðinu er bindandi

Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér vel upplýsingar um félagið og skilmála útboðsins í lýsingu hlutabréfa sem félagið birti 17. mars 2015 og er sérstaklega bent á kafla um áhættuþætti. Lýsinguna má nálgast rafrænt á reitir.is/fjarfestar og arionbanki.is. Hana má einnig nálgast innbundna á skrifstofu Reita í Kringlunni 4-12 í Reykjavík og hjá Arion banka í Borgartúni 19 í Reykjavík.

Nánari upplýsingar

Fyrirtækjaráðgjöf fjárfestingabankasviðs Arion banka hf. hefur umsjón með útboðinu og því ferli að fá hlutabréf og skuldabréf félagsins tekin til viðskipta. Aðstoð vegna útboðsins má nálgast hjá fyrirtækjaráðgjöf og markaðsviðskiptum fjárfestingabankasviðs Arion banka eða verðbréfa- og lífeyrisþjónustu í síma 444-7000 og tölvupóstfangi reitirutbod@arionbanki.is.

Reitir sérhæfa sig í þjónustu og rekstri atvinnuhúsnæðis með áherslu á verslunarhúsnæði, skrifstofuhúsnæði og hótélbyggingar á höfuðborgarsvæðinu. Heildareignir Reita í árslok 2014 námu 102 milljörðum króna. Fasteignir í eigu félagsins eru um 130 talsins og nálægt 410 þúsund fermetrum að stærð. Meðal þeirra má nefna stærstan hluta Kringlunnar, Hilton Reykjavík Nordica, Icelandair hótél Reykjavík Natura, Kauphallarhúsið og nokkrar af þeim íslenskrar byggingarsögu í miðbæ Reykjavíkur. Stærstu leigutakar Reita eru Hagar, Flugleiðahótél, ríki og sveitarfélög samtals með tæpan helming tekna félagsins.

+

Hjartans þakkir fyrir vináttu, hlýhug og samúð við andlát okkar ástkæru eiginkonu, móður, ömmu, dóttur, tengdadóttur og tengdamóður,

GUÐRÚNAR PÁLSDÓTTUR
Hellnafelli 4, Grundarfirði.

Sérstakar þakkir til allra þeirra sem stutt hafa fjölskylduna á þessum erfiðu tímum. Megi Guð blessa ykkur.



Kristbjörn Rafnsson
Agnes Ýr Kristbjörnsdóttir
Arna Rún Kristbjörnsdóttir
Helgi Rafn Kristbjörnsdóttir
Páll Guðmundsson
Rafn Ólafsson
Kristbjörn Helgi Jóhannesen

Tómas L. Hallgrímsson
Elí Jón Jóhannesen

Svana Svanþórsdóttir
Hrafnhildur Guðmundsdóttur

+

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

INGUNN HOFFMANN
hjúkrunarheimilinu Sóltúni 2,
áður til heimilis að
Flókagötu 43, Reykjavík,

verður jarðsungen frá Fossvogskirkju föstudaginn 20. mars kl. 13.00. Þeim sem vilja minnst hennar er vinsamlega bent á Rauða krossinn.



Hans Indriðason
Niels Indriðason
Indriði Indriðason
Gunnar Indriðason
Ragnheiður Indriðadóttir
og fjölskyldur.

Erla Einarsdóttir
Guðlaug Ástmundsdóttir
Anna Toft
Hildur Þorvaldsdóttir
Kristinn Karlsson

+

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

BRYNDÍS ÁGÚSTA
SIGURÐARDÓTTIR
áður til heimilis að Fróðengi 9, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimili Hrafnistu í Reykjavík þann 10. mars. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 19. mars kl. 13.00.



Áslaug Finnsdóttir
Sigrún Finnsdóttir
Eyjólfur Ágúst Finnsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Haukur Harðarson

+

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

ÓSK AXELSDÓTTIR
lögg. sjúkráþjálfari,
Lundi 3, Kópavogi,

lést á Borgarspítalanum síðastliðinn fimmtudag. Útför hennar fer fram frá Digraneskirkju, Kópavogi, fimmtudaginn 19. mars klukkan 13.00.



Sigurjón Sigurðsson
Lárus Axel Sigurjónsson
Bjarki Sigurjónsson
Ágústa Jóhanna Sigurjónsdóttir


Katrín Ósp Gústafsdóttir
Guðrún Erla Hilmarsdóttir
Helgi Guðlaugsson

+

Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,

HALLDÓR R. HALLDÓRSSON
Þverási 27,
Reykjavík,

lést á Landspítalanum 9. mars. Útför hans fer fram frá Árbæjarkirkju föstudaginn 20. mars kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir. Þeim sem vilja minnst hans er bent á MND félagið.



Bryndís Eiríksdóttir
Sigríður Gyða Halldórsdóttir
Kristín H. Halldórsdóttir
Birna Margrét Halldórsdóttir
Hjálmar Arnar, Sigurður, Agnes Dís, Halldór Bjarki og Ingunn María

Marteinn S. Sigurðsson
Brynjaf Helgi Ingólfsson

FRÉTTABLAÐIÐ

Vegna stærðar blaðsins á morgun, fimmtudag, verður Fréttablaðið prentað í tvennu lagi.

Frestur til að skila inn dánarauglýsingum í fimmtudagsblaðið færast því fram til kl. 13.30.

Kláraði guðfræði með skert skammtímaminni

Í dag, 18. mars, er vitundarvakningardagur fólks með heilaskaða. Hugarfar verður með opið hús í tilefni dagsins, en mars er tileinkaður fólki með heilaskaða um allan heim.

Marsmánuður er tileinkaður fólki með heilaskaða um allan heim. Í dag, 18. mars, heldur Hugarfar, félag fólks með ákominn heilaskaða, vitundarvakningardag. Af því tilefni verður myndin Heilaskaði af völdum ofbeldis sýnd í öllum unglíngadeildum grunnskólanna í dag sem Hugarfar, Reykjalundur og SÍBS stóðu að.

Ákominn heilaskaði orsakast oftast af ytri áverka sem er tilkominn vegna ofbeldis, slysa og falla. Afleiðingarnar reynast oft dulin fötlun sem ekki sést utan á fólki en getur valdið því viðtækum vanda svo sem að flosna úr námi eða vinnu og missa í kjölfarið fótanna í lífinu. Á Íslandi verða um 500 manns fyrir heilaskaða árlega, af þeim þurfa um 50-80 á sérhæfðri endurhæfingu að halda ár hvert. Stór hluti þess hóps er ungt fólk.

Dís Gylfadóttir hlaut heilaskaða eftir bílslys sem hún lenti í aðfaranótt gamlársdags árið 2002. „Ég var með vitundarlaus í tvo sólarhringa og vinstri hlið líkamans var lömuð frá toppi til tár,“ segir Dís. Lömunin gekk til baka, en við tók löng og ströng endurhæfing þar til Dís náði líkamlegum styrk aftur. „Eftir hann var ég bara send út og átti að vera í lagi. Þarna hefði þurft að vera staður sem fólk gæti leitað á og fengið stuðning og félagsskap.“ Dís missti skammtímaminnið eftir slysið og sögðu lækarnir við hana að hún ætti að fá sér Stöð 2, því það væri það eina sem hún gæti hugsanlega dunda sér við. Hún sýndi þeim hins vegar að hún væri fær um svo miklu meira en það og í fyrravor útskrifaðist hún úr guðfræði með embættispróf.

„Ég hefði svo sannarlega þurft á því að halda að hafa einhvern stað til að leita á í náminu, þar sem ég gæti hitt fólk í sömu sporum og lært af því og fengið stuðning,“ segir hún. Tilgangurinn með deginum er að vekja athygli á málefnum og er draumurinn að hér verði starfandi staður sambærilegur Hovedhuset í Danmörku. Þar getur fólk með heilaskaða komið og áherslan er lögð á að læra og eflast í gegnum vinnuna. Dís segir nauðsynlegt fyrir fólk með heilaskaða að geta hist og fengið stuðning hvert frá öðru. „Maður heyrir alltaf í fréttunum af þessum sem var laminn niðri í bæ eða lenti í slysi og er haldið sofandi. Svo kemur frétt að viðkomandi sé vaknaður og við höldum að allt sé í lagi. Það er ekkert þannig.“

Í tilefni af vitundarvakningardegjum mun Hugarfar verða með opið hús í Sigtúni 42, Reykjavík, frá klukkan 17-19.

adda@frettabladid.is



ÓTRÚLEG Dís lét heilaskaðann ekki stoppa sig í því að ljúka embættisprófi í guðfræði. MYND/HÖRÐUR ASBJÖRNSSON

PETTA GERÐIST: 17. MARS 1760

Fyrsti lyfsali Íslands skipaður

Björn Jónsson (1738-1798) var skipaður lyfsali, sá fyrsti hér á landi, þennan dag fyrir 255 árum. Áður hafði landlæknir gegnt lyfjastörfum. Björn var fyrsti lyfjafræðingur Íslendinga sem fékk full réttindi til lyfsölu, en þau veittu ráðamenn í Kaupmannahöfn þann 18. mars árið 1772.

Með tilkomu Björns í embættið var opnuð lyfjabúð í Nesstofu við Seltjörn, þar sem hans embætti deildi húsnæði með landlæknisembættinu. Í Nesstofu starfaði einnig ljósmóðir og þar voru lyfjafræðinemar í kennslustundum, þótt þeir tækju lokapróf í Kaupmannahöfn að loknu námi sem lyfjasveinar.

Í garðinum umhverfis Nesstofu plantaði Björn lyfsali ýmsum lækningajurtum og annaðist þær meðan hann gegndi embætti, ásamt því að gera þar kornræktartilraunir og stunda matjurtarækt.

Nesapótek, sem stundum var kallað landlæknisapótekið, var flutt til Reykjavíkur 1834 og gert að Reykjavíkurapóteki, sem endanlega var lagt niður 1999.



Þá hafði elsta apótek landsins verið á tveimur stöðum í 236 ár þegar því var lokað. Akureyrarapótek starfaði í fjögur ár frá 1819 og svo aftur eftir 1836. Þá


var lyfjabúð opnuð í Stykkishólmi 1835. Fjölgun apóteka gekk því hægt fyrir sig á Íslandi framan af sem og uppbygging lyfjafræðináms.

+

Okkar ástkæri sonur og bróðir,

AXEL DAGUR ÁGÚSTSSON
Norðurtúni 16,
Egilsstöðum,

lést laugardaginn 7. mars. Útförin fer fram í Egilsstaðakirkju föstudaginn 20. mars kl. 13.



Eydís Bjarnadóttir
Ágúst Þorbjörnsson
Ívar Hrafn Ágústsson
Geir Þór Ágústsson
Kristín Steinunn Ágústsdóttir
Vaka Bergsdóttir

Bergur Már Hallgrímsson
Ragnhildur Geirsdóttir

+

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

BJARNFRÍÐUR LEÓSDÓTTIR
á Akranesi,

lést á Heilbrigðisstofnun Vesturlands þriðjudaginn 10. mars. Útför hennar verður gerð frá Akraneskirkju föstudaginn 20. mars og hefist athöfnin klukkan 13.00.



Steinunn Jóhannesdóttir
Leó Jóhannesson
Hallbera Fríður Jóhannesdóttir
barnabörn og fjölskyldur þeirra.

Einar Karl Haraldsson
Sólveig Reynisdóttir
Gísli Gíslason

OYSTER PERPETUAL
GMT-MASTER II



ROLEX



MICHELSEN
ÚRSMÍÐIR

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 18. mars 2015 | 11. tölublað | 11. árgangur

Sími: 512 5000 | [visir](http://www.visir.is) www.visir.is

FYRSTA
FLOKKS
ÞJÓNUSTA



Guðjón Ó
VISTVÆNA PRENTSMÍÐJAN

E EIMSKIP

Allt að 10 milljarða króna fjárfestingar og aukin umsvif

6 FJÁRFESTINGAVERKEFNI frágengin á fáeinum vikum - í 5 löndum

STARFSMÖNNUM FJÖLGAR UM **50-100**

Fleiri og stærri fjárfestingar koma til álíta á næstunni



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Veltan jókst um 1.700 milljónir

Bílaumboðið Brimborg velti rúmlega 9,3 milljörum króna í fyrra og jókst veltan um 1,69 milljarða króna. Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði nam 693 milljónum króna en afskriftir námu tæplega 279 milljónum og nam rekstrarhagnaðurinn því 414 milljónum. Stjórnendur Brimborgar telja að heildarmarkaður bíla hafi vaxið umtalsvert á liðnu ári. → **SÍÐA 2**

Stærðin skiptir máli

Vaxtamunur á Íslandi er sá sami og vaxtamunur í Þýskalandi, Bretlandi og Kanada séu bornir saman bankar af svipaðri stærð. Þetta kemur fram í nýrri rannsókn greiningardeildar Arion banka á vaxtamun. Þar kemur fram að vaxtamunur íslenskra útlánastofnana er 2,3 prósent. Í rannsókninni voru skoðaðir bankar í Evrópu og Bandaríkjunum sem voru nálægt íslenskum bönkunum í stærð, með efnahagsreikninga á bilinu 450-2.300 milljarðar króna. → **SÍÐA 4**

Með yfir 550 í vinnu

Erla Ósk Ásgeirsdóttir var á dögnum ráðin forstöðumaður starfsmanna- og gæðasviðs Icelandair hótela. Hún segir í samtali við Markaðinn að 22 hótél heyri undir Icelandair hótelin. Það eru Hilton Reykjavík Nordica, níu Icelandair hótél og tólf Edduhótél. Að auki reka Icelandair hótél fimm veitingastaði. Erla segir að starfið sé gríðarlega spennandi, en krefjandi á sama tíma. „Hjá okkur starfa 550 manns sem eru fastráðnir,“ segir Erla Ósk en aðrir starfsmenn séu mun fleiri og svo bætast við 200 manns á hverju sumri. Erla segir að það verði opnuð tvö ný hótél á næsta ári. → **SÍÐA 8**



STJÓRNAR- MAÐURINN

@stjornarmadur

Twitter icon

Facebook icon

LinkedIn icon

Instagram icon

YouTube icon

Google Plus icon

SoundCloud icon

Dribbble icon

Behance icon

DeviantArt icon

500px icon

StockTwits icon

Forum icon

Reddit icon

Nextdoor icon

Blackboard icon

Discourse icon

MyBB icon

phpBB icon

Vanilla icon

Flarum icon

bbPress icon

bbPress icon

bbPress icon

bbPress icon

bbPress icon

bbPress icon

bbPress icon

bbPress icon

bbPress icon

bbPress icon

Gnarr og sjóræningjarnir eiga það sameiginlegt að vera ekki hluti af æfðum kór með fjölfölduð nótnablöð frá flokkskótór. → **SÍÐA 12**

Módel: Andrea Stefánsdóttir
Umgjörð: Victoria Beckham

Konukvöld **19. mars**
í Smáralind OPIÐ FRÁ 10 TIL 23

20% afsláttur af öllum vörum

Optical Studio
SMÁRALIND

www.facebook.com/OpticalStudio

Á maganum úti í móa

Skjóðan

UTANRÍKISRÁÐHERRA hefur í umboði ríkisstjórnarinnar farið sendiferð með lettersbréf til handa ráðamönnum í ESB. Menn eru ósammála um efni bréfsins og hefur það þó verið birt opinberlega á tveimur tungumálum. Sumir halda því fram að það hafi enga merkingu aðra en þá að á rétta alkunna stefnu ríkisstjórnarinnar. Aðrir fullyrða að með þessu litla bréfi sé formlega búið að slíta aðildarviðræðum Íslands við ESB.

BRÉFIÐ átti að koma í veg fyrir vandræðagang ríkisstjórnarinnar með málið inni á Alþingi vegna boðarar þingsályktunartillögu um formleg viðræðuslit. Ríkisstjórnin prófaði þá leið í fyrra og varð að draga tillöguna til baka þegar ljóst var að hún lamaði þingstörf og fór gegn vilja kjósenda. Já,

þetta þingræði er full þunglamalegt, sérstaklega fyrir ráðherra sem hafa brýnum erindum að gegna í útlöndum svona að jafnaði.

NÚ ER ALLT orðið vitlaust í þjóðfélaginu þrátt fyrir að engin kæmi fram þingsályktunin. Stjórnarandstaðan boðar hertöku þingmála. Forystumenn ríkisstjórnarinnar eru sakaðir um stórkostlegustu kosningasvik síðari tíma vegna þess að þeir lofuðu allir sem einn að þjóðin fengi að ráða framtíð ESB-umsóknarinnar og að þjóðaratkvæðagreiðsla færi fram á þessu kjörtímabili.

SÚ HERKÆNSKA ríkisstjórnarinnar að halda málinu frá þinginu virðist hafa snúist upp í andhverfu sína. ESB-málið er ekki fyrsta málið sem ríkisstjórnin lendir í miklum vand-

ræðum með. Stjórnarflokkarnir ná ekki saman um fiskveiðistjórnun. Í skattamálum hefur Sjálfstæðisflokkurinn snúið Framsókn niður. Skuldaleiðrétting hefur valdið vonbrigðum. Verðtryggingin verður ekki afnumin. Ekki blasir við að fjármagnshöft verði afnumin á næstunni þrátt fyrir að öllum sé ljós nauðsyn þess. Framtíðarsýn skortir.

Í STUTTU MÁLI er hver höndin upp á móti annarri innan ríkisstjórnarmeirihlutans. Engin samstaða um helstu mál og fylgi beggja stjórnarflokka nærri sögulegu lágmarki samkvæmt könnunum. Sé ríkisstjórninni líkt við bíl þá er sá bíll pikkfastur á maganum langt úti í móa. Kannski þessi ESB-ólæti og viðbrögð stjórnarandstöðunnar gagnist stjórnarliðum við að benda á stjórnarandstöðuna

og kenna henni um eigin vandræðagang. Er ESB-sprengjan kannski ekkert annað en smjörklípa til að dreifa athyglinni frá því að ríkisstjórnin er nánast óstarfhæf?

GREINILEGA var það misráðið af ríkisstjórninni að hreyfa við ESB-málinu nú. Almenn og þegjandi sátt virtist komin á um að engin þjóðaratkvæðagreiðsla færi fram um ESB á kjörtímabilinu og málið væri í salti. Nú hefur sú sátt verið rofin. Ríkisstjórnin hefur glatað tiltrú og verður vart meira en eins konar starfsstjórn fram að næstu kosningum, sem óhjákvæmilega munu snúast um þjóðarvilja um framhald ESB-umsóknarinnar.

SKJÓÐAN er frekju- og leiðindaskjóða, sem lætur ekkert mannlegt sér óviðkomandi.

Gengi félaga í Kauphöll Íslands

4
Á UPPLÉIÐ
Félög sem hækkuðu í verði

10
Á NIÐURLEIÐ
Félög sem lækkuðu í verði

0
STÓÐU Í STAÐ
Félög sem stóðu í stað

MESTA HÆKKUN
NÝHERJI
48,6% frá áramótum

NÝHERJI
5,5% í síðustu viku

MESTA LÆKKUN
VÍS
-11,2% frá áramótum

TRYGGINGAMIÐST.
-17,2% í síðustu viku

Félag	Gengi í gær	Frá áramótum	Víkubreyting
Bank Nordic (DKK)	115,50	11,1%	0,4%
Eimskipafélag Íslands	228,00	-3,8%	-1,3%
Fjárskipti (Vodafone)	38,05	8,7%	-4,2%
Hagar	43,50	7,5%	-1,2%
HB Grandi	37,00	9,5%	-0,4%
Icelandair Group	21,75	1,6%	-1,6%
Marel	152,00	10,1%	1,0%
N1	28,60	23,3%	-0,5%
Nýherji	7,70	48,6%	5,5%
Reginn	15,50	14,4%	4,4%
Sjóvá	13,40	12,1%	-1,1%
Tryggingamiðstöðin	23,40	-11,0%	-17,2%
Vátryggingafélag Íslands	8,04	-11,2%	-11,1%
Össur	431,00	19,4%	-2,7%
Úrvalsvisitalan OMX18	1.363,84	4,0%	-2,2%
First North Iceland			
Century Aluminum	3.300,00	0,0%	0,0%
Hampiðjan	25,30	11,9%	-2,3%
Sláturfélag Suðurlands	1,85	0,0%	0,0



BÍLASALA Ársreikningur Brimborgar bendir til þess að bílasala hafi tekið vel við sér í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Velta Brimborgar jókst um 1.700 milljónir

Bílaumboðið Brimborg velti rúmlega 9,3 milljörðum króna í fyrra. Veltan jókst um 1,69 milljarða króna. Hagnaður fyrirtækisins nam 62 milljónum miðað við 183 milljóna króna tap árið á undan.

Hagnaður bílaumboðsins Brimborgar nam rúmlega 62 milljónum króna á síðasta ári, samkvæmt ársreikningi. Það er verulegur viðsnúningur frá fyrra ári þegar fyrirtækið tapaði 183 milljónum króna. Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði nam 693 milljónum króna en afskriftir námu tæplega 279 milljónum og nam rekstrarhagnaðurinn því 414 milljónum. Rekstrartekjur fyrirtækisins námu rétt rúmlega 9,3 milljörðum íslenskra króna. Eignir félagsins nema 5,5 milljörðum króna, en eigið fé er tæpar 675

milljónir. Eiginfjárhlutfallið er rúm 12 prósent. Stjórnendur Brimborgar telja að heildarmarkaður bíla (fólksbílur, sendibílur, minni rútur og pallbílur) hafi vaxið umtalsvert á liðnu ári. Í greinargerð sem fylgir ársreikningnum kemur fram að 10.462 nýir bílar hafi verið skráðir á árinu sem er 32 prósent vöxtur frá fyrra ári þegar aðeins 7.913 nýir bílar voru nýskráðir. Vöxtur bílamarkaðar án bílaleigubíla var 24 prósent. Þá segir í greinargerðinni að 4.470 bílaleigubílar hafi selst á

árinu sem er 45 prósent vöxtur og hlutfall þeirra af heildarsölu var 43 prósent. „Sala til annarra fyrirtækja en bílaleiga tók vel við sér og óx um 35 prósent og nam 2.008 bílum,“ segir í greinargerðinni. Þá kemur einnig fram að einstaklingsmarkaður fór rólega af stað á árinu 2014 en tók við sér seinni hluta ársins og jókst sala til einstaklinga á árinu um 19 prósent. Keyptu einstaklingar 3.984 bíla sem er 38 prósent af heildarmarkaði. Brimborg seldi 1.282 nýja bíla sem er 57 prósent vöxtur frá fyrra ári þegar seldust 817 nýir bílar. -jhh

Dagatal viðskiptalífsins

- MIÐVIKUDAGUR 18. MARS**
Hagstofan – Samræmd visitala neysluverðs
Seðlabanki Íslands - Vaxtaákvörðun
Landsbanki Íslands - Aðalfundur
Fí fasteignafélag slhf - Aðalfundur
- FIMMTUDAGUR 19. MARS**
Fjárskipti hf. - Aðalfundur
- FÖSTUDAGUR 20. MARS**

- Hagstofan – Mánaðarleg launavísitala
Hagstofan – Vísitala launa
- MÁNUDAGUR 22. MARS**
Íbúðalánasjóður – Áætluð birting ársreiknings
Reykjaneshöfn – Áætluð birting ársreiknings
Orkuveita Reykjavíkur – Ársreikningur

Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT

Clean ahead

Hako gólfþvottavélar og sópvélar

Skiptitilboð á ræstivögnum, gólfþvottavélum og sópvélum

Scrubmaster B30 CL gólfþvottavél

Scrubmaster B115 R gólfþvottavél

Sweepmaster M600 sópur

Sweepmaster B800 R sópvél

Rekstrarvörur
- fyrir þig og þinn vinnustað

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • sala@rv.is • rv.is

Hafðu samband við ráðgjafa eða sölumenn RV og fáðu tilboð í þá Hako vél sem hentar þér.

RANGE ROVER SPORT

FULLKOMIN HÖNNUN TÆKNILEGIR YFIRBURÐIR



ABOVE & BEYOND

Að aka um á Range Rover Sport er ævintýri líkast. Hann er ekki einungis einn fallegasti jeppi sem hannaður hefur verið heldur er hann tæknilega fullkominn. Byltingarkennt burðarvirki úr áli eykur sportlega eiginleika og minnkar eldsneytiseyðslu. Range Rover Sport sameinar betur en nokkur annar jeppi hefur gert hingað til sportlega eiginleika og hæfni við erfiðar akstursaðstæður. Range Rover Sport er búinn 8 þrepa sjálfskiptingu, loftþrúðafjöðrun á öllum hjólum og rómaða Terrain Response drifbúnaðarkerfinu. Verið velkomin í reynsluakstur.

www.landrover.is



ENNEEM / SJ / A / NM07276

Range Rover Sport kostar frá 14.750.000 kr. með 258 hestafla dísilvél sem togar 600 Nm og eyðir einungis 7,3 l/100 km í blönduðum akstri miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun.

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Eignir Faxaflóahafna náðu 13,2 milljörðum króna í lok árs 2014 og varð ekki veruleg breyting á milli ára. Fastafjármunir eru rétt tæplega 90 prósent af eignunum:

Tekjur Faxaflóahafna hærri og gjöld lægri en ætlað var

Afkoma Faxaflóahafna sf. var betri á síðasta ári en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Tekjur voru 220,9 milljónir króna umfram áætlun en rekstrarútgjöld voru 56,2 milljónum undir áætluðum útgjöldum.

Þá voru fjármagnsliðir undir því sem áætlað var í fjárhagsáætlun og skýrist það af lækkun lána og óverulegri verðbólgu. Rekstraragnaður fyrir fjármagnsliði varð því 277 milljónum króna meiri en

gert hafði verið ráð fyrir. Ástæða lægri gjalda skýrist af minni eignagjöldum og lægri afskriftum eigna en gert var ráð fyrir.

Rekstrartekjur Faxaflóahafna fyrir árið 2014 voru 3,05 milljarðar króna og hækkuðu um 7,2 prósent á milli áruna 2013 og 2014. Allir tekjuliðir voru umfram það sem áætlað var. Mestur var munurinn í vörugjöldum, sem voru 58,7 milljónum yfir áætlun. Rekstrargjöld

Faxaflóahafna árið 2014 voru 2,4 milljarðar króna og hækka um 139 milljónir króna, þótt þau hafi verið undir áætlun.

Eignir Faxaflóahafna voru 13,2 milljarðar króna í lok árs 2014 og varð ekki veruleg breyting á milli ára. Fastafjármunir eru 11,7 milljarðar króna, langtímakröfur lækka um 178 milljónir og veltufjármunir hækka um 298 milljónir.

-jhh



MÁR GUÐMUNDSSON SEÐLABANKASTJÓRI

Vaxtaákvörðun Seðlabanka í dag: Óvissa vegna kjaradeilna

Seðlabanki Íslands tilkynnir vexti bankans á fundi í dag. Greiningardeildir allra stóru bankanna gera ráð fyrir að vöxtum verði haldið óbreyttum.

Hagfræðideild Landsbankans segir að orðalag í yfirlýsingu og fundargerð peningastefnufundar frá því í febrúar gefi til kynna að frekari vaxtalækkunir komi ekki til greina fyrr en mynd kemst á niðurstöður kjaraviðræðna.

Greining Íslandsbanka og Greiningardeild Arion segja einnig að óvissa vegna kjaraviðræðna hafi áhrif.

-jhh

Ný Hagtiðindi um sjávarútveg:

EBITDA dróst saman

Hagnaður sjávarútvegsfyrirtækja fyrir afskriftir, fjármagnskostnað og tekjuskatt (EBITDA) sem hlutfall af heildartekjum dróst saman milli áruna 2012 og 2013. Þetta kemur fram í nýútgefnum Hagtiðindum Hagstofu Íslands.

Í fiskveiðum og -vinnslu lækkaði hlutfallið úr 30 prósentum í 26,5 prósent. Í fiskveiðum lækkaði hlutfallið úr 25 prósentum árið 2012 í 20,1 prósent árið 2013 og í fiskvinnslu lækkaði hlutfallið úr 17,2 prósentum í 17 prósent.

Hagnaður fyrir skatta jókst þó úr 17,5 prósentum árið 2012 í 22,4 prósent árið 2013 og nam alls 61 milljarði.

- ih

Breytingar gerðar hjá Advania:

Hætta með IBM Cognos

Capacent hyggst taka yfir þjónustu og ráðgjöf á IBM Cognos-lausanum frá Advania og ætlar að styrkja sig enn frekar á sviði þessarar hugbúnaðarlausnar.

Hugbúnaðurinn er meðal annars ætlaður til áætlanagerðar, fjárhagsuppjóra, tölfræðilegra greininga og skýrslugerðar.

Hjá Capacent starfa nú 12 ráðgjafar sem eru sérhæfðir á sviði stjórndaupplýsinga.

Advania gerir áherslubreytingar á sviði viðskiptagreindar en framvegis mun fyrirtækið sérhæfa sig í Microsoft BI-viðskiptagreindarlausnum.

-jhh

Staðan svipuð og í Þýskalandi

Vaxtamunurinn hjá íslenskum bönkum er sá sami og hjá bönkum í Þýskalandi af svipaðri stærð. Hann er meiri hér en víðast á Norðurlöndum en svipaður og í Kanada og Bretlandi.

Vaxtamunur á Íslandi er sá sami og vaxtamunur í Þýskalandi, Bretlandi og Kanada séu bornir saman bankar af svipaðri stærð. Þetta er niðurstaða nýrrar rannsóknar Greiningardeildar Arion banka á vaxtamun. Þar kemur fram að vaxtamunur íslenskra útlánastofnana, eða hlutfall hreinna vaxtatekna af heildareignum, er 2,3 prósent.

Í rannsókn Greiningardeildarinnar var skoðað úrtak 135 banka sem eru á lista The Banker yfir 1.000 stærstu banka heims. Skoðaðir voru bankar sem voru nálægt íslensku bönkunum í stærð, með efnahagsreikninga á bilinu 450-2.300 milljarða króna.

Umræðan um mikinn vaxtamun íslensku bankanna hefur verið áberandi á síðustu árum. Hann kom síðast til tals eftir að bankarnir birtu ársreikninga fyrir árið 2014 og þar áður í janúar, þegar hagfræðingur VR benti á í fjölmiðlum að vaxtamunurinn hefði aukist þegar vextir Seðlabanka Íslands voru lækkaðir í nóvember.

Ef vaxtamunurinn er borinn saman við stærstu banka

á Norðurlöndum er hann sláandi. Þannig kemur til dæmis fram í kynningu Íslandsbanka á afkomu síðasta árs að vaxtamunur bankans hafi verið 3,0 prósent, en hjá SEB 1,0 prósent, hjá Swedbank var hann 1,3 prósent, hjá Danske Bank 0,7 prósent og hjá Nordea var hann 0,9 prósent. Vaxtamunurinn hjá Íbúðalánasjóði er 0,3 prósent. Hjá Landsbankanum er hann 2,4 prósent samkvæmt ársreikningi fyrir 2014 og hjá Arion er hann 2,8 prósent. Höskuldur Ólafsson, bankastjóri Arion, segir óraunhæft að bera saman vaxtamun íslensku bankanna við þessa áður nefndu banka á Norðurlöndunum. Stóru bankarnir á

HÖSKULDUR ÓLAFSSON

Norðurlöndunum eru allir á lista yfir 100 stærstu banka í Evrópu en íslensku bankarnir komast ekki á þann lista.

Í úrtaki því sem Greiningardeild Arion styðst við í rannsókninni eru fjórir íslenskir bankar, Arion, Íslandsbanki, Landsbankinn og Íbúðalánasjóður, bornir saman við banka á Norðurlöndunum, í Evrópu og Bandaríkjunum sem eru af svipaðri stærð. Í samanburði við önnur Norðurlönd sést að vaxtamunur er mestur á Íslandi eða um 2,3 prósent. Hann er næstmestur í Danmörku eða um tvö prósent en minnstur í Finnlandi, eða 1,1 prósent. Að sama skapi er eiginfjárlutfall íslensku bankanna hærra, vanskil eru meiri og hlutfall áhættuveginna eigna er hærra.

Sé vaxtamunurinn borinn saman við vaxtamun í öðrum löndum sést að hann er 2,3, pró-



BANKARNIR Það er niðurstaða Greiningardeildar Arion banka að séu íslensku bankarnir bornir saman við banka af svipaðri stærð, þá sé vaxtamunurinn svipaður hér og í Þýskalandi, Hollandi, Bretlandi og Kanada en mun minni en í Bandaríkjunum.

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS VISA Á STJÓRNVÖLD



ÁSDÍS KRISTJÁNSDÓTTIR forstöðumaður efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins

Efnahagssvið Samtaka atvinnulífsins segir í nýju álitum að innheimtur vaxtamunur bankanna sé mikill í alþjóðlegum samanburði. Þetta eigi við jafnvel þó leiðrétt sé fyrir stærð þeirra. Þessi vaxtamunur greiðist af almenningi og fyrirtækjum og því sé ekki undarlegt að hann sé gagnrýndur. Telur efnahagssviðið að skýringuna megi meðal annars rekja til þess að íslenskir bankar séu dýrir í rekstri miðað við banka í öðrum löndum. Hluta þess kostnaðar geti bankarnir minnkað með aukinni haggræðingu en stór hluti kostnaðar þeirra sé tilkominn vegna ytri þátta sem bankarnir hafi litla stjórn á. Smæð landsins, krafa um mikla eiginfjárbindingu, íþyngjandi skattbyrði og sívaxandi regluverk liggja allt utan áhrifasviðs bankanna en sé til þess fallið að auka rekstrarkostnað þeirra og tekjupörf um leið.

sent í Þýskalandi og 2,2 prósent í Hollandi. Vaxtamunurinn er öllu minni í Portúgal eða 1,4 prósent og 1,2 prósent í Belgíu. Á Spáni er hann 0,8 prósent.

Samkvæmt niðurstöðum Greiningardeildarinnar er vaxtamunur í Bretlandi 2,3 prósent, í Kanada er hann 2,2 prósent og í Bandaríkjunum 3,1 prósent. jhahakon@frettabladid.is

Ný rannsókn bendir til að búa þurfi starfsmenn undir störf erlendis:

Brotalöm í starfsmannamálum

Það virðist vera brotalöm á því hvernig íslensk sjávarútvegsfyrirtæki hafa haldið utan um málefni starfsmanna sem eru sendir út til að vinna í sjávarútvegi og -iðnaði. Þetta kemur fram í nýlegri eiginlegri rannsókn Sigrúnar Eddu Eðvarðsdóttur í meistaranámi við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands.

Sigrún bendir á að þegar þjálfari á starfsmann og búa undir starfsdvöl í erlendu ríki sé nauðsynlegt að taka hæfileika og persónuleika

hans með í myndina. Það þurfi að miðla upplýsingum til viðkomandi um landið. Þetta geti verið gagnnýtar upplýsingar um aðbúnað og svæðið sjálft sem viðkomandi ætlar að búa á, um pólitískt, félagslegt og menningarlegt umhverfi. Aðlagist starfsmaðurinn eða fjölskylda hans ekki, geti það haft alvarlegar afleiðingar, bæði fyrir starfsmanninn og fyrirtækið sem á í hlut. Það geti valdið kvíða hjá starfsmanninum, slakri frammistöðu og ótímabærri heimkomu.

-jhh



SÍGRÚN EDDA EÐVARÐSDÓTTIR

Aðalfundur fer fram á morgun:


Sama stjórn hjá Vodafone

Stjórn Vodafone á Íslandi verður óbreytt og er sjálfkjörin í hana. Framboðsfrestur er runninn út en aðalfundur félagsins verður haldinn á morgun. Anna Guðný Aradóttir, Heiðar Guðjónsson, Hildur Dungal, Hjörleifur Pálsson og Vilmundur Jósefsson munu skipa stjórnina áfram.

Rekstur Vodafone var ágætur á síðasta ári. Hagnaður eftir skatta jókst um 29 prósent á milli ára og nam rúmum milljarði króna.

-jhh

„UMBÚÐIRNAR? ÉG FÆ ALLT HEILA KLABBID HJÁ ODDA“




ODDI HEFUR FRAMLEITT ALLSKONAR PAPPÍRS-, KARTON- OG PLASTUMBÚÐIR Í 80 ÁR. UMBÚÐIRNAR SVARA ÞÖRFUM KRÖFUHARRA VIÐSKIPTAVINA Í ATVINNULÍFINU, TIL DEÐIS Á VEITINGASTÖÐUM & KAFFIHÚSUM.

→ ODDI.IS / 515-5000



VIÐ ERUM ODDI.
VIÐ FRAMLEIÐUM UMBÚÐIR.



© RÁN FERGRAVO



STÓRHUGA Gylfi Sigfússon, forstjóri Eimskips, væntir þess að tilkynnt verði um frekari fjárfestingar, og þær jafnvel stærri en að undanförunu, á næstu vikum og mánuðum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Eimskip stórhuga í fjárfestingum

Á undanförunum vikum hefur Eimskipafélag Íslands tilkynnt um nokkrar stórar fjárfestingar í fimm löndum. Frekari fjárfestingar eru í farvatninu og þær jafnvel stærri en að undanförunu. Þess utan er Bakkafoss, 900 gámaeininga flutningaskip félagsins, í smíðum í Weihei í Kína þó blikur séu á lofti um framgang þess verkefnis.

ÚTTEKT

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



Víð kynntum þessi áform okkar um væntanlegar fjárfestingar í apríl í fyrra, um að við myndum skoða kaup á ýmsum fyrirtækjum í tengslum við rekstur okkar á Norður-Atlantshafi. Það er í raun tilviljun sem ræður því að fjárfestingarnar dattu allar inn á fyrsta fjórðungi rekstrarársins,“ segir Gylfi Sigfússon, forstjóri Eimskips, spurður hverju það sæti að margar stórar fjárfestingar félagsins röðuðu sér á stutt tímabil nú í byrjun árs. „Sumt af þessu hafði jafnvel lengri aðdraganda,“ bætir Gylfi við.

Fjárfestingarnar sem um ræðir eru hvort tveggja hér heima á Íslandi og erlendis. Í lok febrúar samdi félagið við VHE, Kælismiðjuna Frost og Suðurverk um byggingu á 10.000 tonna frystigeymslu á athafnasvæði félagsins í Hafnarfirði þar sem umsvif Eimskips teygja sig aftur til ársins 1970, en þar er fyrir 3.000 tonna frystigeymsla. Gert er ráð fyrir að fyrsti áfangi frystigeyslunnar verði tilbúinn til notkunar þegar liður á árið og verkinu verði að fullu lokið fyrir árslok. Auk þess er möguleiki fyrir hendi á að stækka nýju geymsluna í áföngum um allt að 14.000 tonn til viðbótar.

Gylfi segir uppbygginguna í beinu sambandi við þróun í veiðum á uppsjávarfiski, og bæði hafi verið litið til Hafnarfjarðar og Reykjavíkur. Verkefnið sé sprottið af aðstöðu-

leysi til geymslu á sjávarafurðum á suðvesturhorni landsins vegna þessara umfangsmiklu veiða sem nú eru stundaðar, en Eimskip hefur ekki byggt frystigeyslur vegna starfsemi sinnar í áratug.

Fjárfestingin er um 1,5 milljarðar króna, og gæti haft víðtæk hliðaráhrif á atvinnulíf í Hafnarfirði. „Það hafa innlend fyrirtæki viðræð hugmyndir um að setja upp uppsjávarverksmiðjur í næsta nágrenni við okkur, því með okkar fjárfestingu setjum við ýmislegt annað af stað. Eins hafa norskir aðilar sýnt því áhuga að setja upp sjávarútvegstengda starfsemi, t.d. króka- og netagerð. En við völdum Hafnarfjörð vegna styrkleika staðarins í afgreiðslu togara,“ segir Gylfi.

Uppsveifla á Grundartanga

Eimskip tilkynnti um 1,2 milljarða fjárfestingu og uppbyggingu á iðnaðar- og hafnarsvæðinu á Grundartanga skömmu áður en áformin í Hafnarfirði voru kynnt; kaup á þremur lóðum sem samtals eru 22.400 fermetrar og tveimur nýjum hafnarkrönnum, en annar verður settur upp í Grundartangahöfn þar sem hann m.a. þjónar álveri Norður-áls, en hinn á Mjóeyrarhöfn á Reyðarfirði þar sem hann leysir eldri krana af hólmi.

„Á Grundartanga eru fyrir mörg fyrirtæki og stórir viðskiptavinir eins og Norðurál, sem hyggur á stækkun. Höfnin verður mjög stór á íslenskan mælikvarða en þar eru engir kranar að þjónusta höfnina sem hefur því takmarkað tækifæri til móttöku skipa. Lóðirnar eru keyptar með uppbyggingu næstu ára í huga; Silicor Materials er að byggja sólarkísilverksmiðju aust-

an megin við Norðurál, sem er 120 milljarða króna fjárfesting, en eins erum við að sinna járnblendiverksmiðju Elkem að hluta, og fleira kemur til með að fara af stað,“ segir Gylfi.

Beggja vegna Atlantsála

Frá áramótum hefur Eimskip tilkynnt um fjárfestingar í tveimur borgum á Nýfundnalandi í Kanada, í Danmörku og Hollandi auk Þýskalands. Í löndunum fjórum er fjárfest í frystigeyslu, flutningsmiðlun auk yfirtöku á vöruheimsu og uppsetningu á fyrirtæki í skiparekstri.

Gylfi segir að hver fjárfesting fyrir sig lúti ólíkum lögmálum. Kaupin á flutningsmiðlun Jac. Meisner í Rotterdam eru byggð á langri rannsóknarvinnu, en fyrirtækið er gamalgróid og virt í heimalandinu og áhugi Eimskips beinist að frekari þjónustu við viðskiptavinum hollenska félagsins um allan heim. Á Nýfundnalandi hefur Eimskip haft skipaviðkomur í St. Anthony þær. Flutningsmiðlunarfyrirtækið CargoCan hefur bækistöðvar í höfuðstað Nýfundnaland og er einn stærsti flutningsmiðlari þar í landi og mun efla starfsemina verulega þar.

„Við verðum með þessum viðskiptum mjög öflugt félag á Nýfundnalandi í rekstri á frystigeysluhúsnæði, en við erum að efla starfsemi okkar á þeim hafnarsvæðum þar sem við erum að vinna. Þetta má greinilega sjá í gegnum fjárfestingar okkar hérna heima en ekki síður við höfnina í Árósum sem er næststærsta höfnin í Skandinavíu í gámaumsýslu,“ segir Gylfi

og bætir við að hrein veltuaukning Eimskips vegna þessara fjárfestinga og viðskipta erlendis sé um 16 milljónir evra eða 2,4 milljarðar íslenskra króna – sem er 3-4% aukning á veltu Eimskips á ári. Fjárfestingarnar á Nýfundnalandi, í Hollandi og Danmörku eru sex milljónir evra eða tæpar 900 milljónir íslenskra króna.

Stofnun félags um skipaumsjón og rekstur í samstarfi við König & Cie í Hamborg í Þýskalandi er hrein viðbót við aðra þekkingu í skiparekstri Eimskips. Félagið verður með þessu samstarfi sérhæft í rekstri skipa, viðhaldi, og öllum almennum viðskiptum með skip. Eignarhlutur Eimskips í þessu nýja félagi er 80%.

„Með þessu komumst við nær skipaðnaðinum og í betri takt við það sem er að gerast í heiminum, bæði hvað varðar leigu og kaup á skipum, nýbyggingar og viðhald. Við erum að reyna að ná betri tökum á þessum lið í okkar rekstri og þeim kostnaði sem rekstri skipa fylgir og komast nær þessari Mekka skipaðnaðarins sem er Þýskaland,“ segir Gylfi.

Kína og Bakkafoss

Í október árið 2011 tilkynnti Eimskip um smíði á tveimur nýjum 900 gámaeininga og 10.000 tonna gámaskipum í Kína. Fjárfestingin var um sex milljarðar og afkastageta félagsins talin aukast um 17% þegar bæði skipin væru komin heim. Skipin, sem eru þau fyrstu sem félagið hefur látið smíða fyrir sig í 15 ár, átti kínverka fyrirtækið að afhenda árið 2013, ef allt gengi að óskum. Lagarfoss, annað þeirra, kom til heimahafnar í Reykjavík 17. ágúst 2014, mun seinna en von var

„Pað hafa innlend fyrirtæki viðræð hugmyndir um að setja upp uppsjávarverksmiðjur í næsta nágrenni við okkur, því með okkar fjárfestingu setjum við ýmislegt annað af stað.“

á og hafði Eimskip samið um 20% niðurfellingu á kaupverði skipanna tveggja vegna tafa. Þegar samið var um afslátt kaupverðsins átti að afhenda Bakkafoss nú í desember.

„Nú er ljóst að skipið kemur ekki fyrr en nokkuð er liðið á árið 2016, og við erum á leiðinni til Kína til að skoða hvaða möguleika við eigum í stöðunni. Tryggingar okkar og ábyrgðir leyfa að á vissum tímum getum við farið fram á að ganga út úr kaupunum og fengið endurgreitt. Þetta erum við að skoða núna, en ástæðan er að skipasmíðaðnaðinum gengur illa hvarvetna í heiminum um þessar mundir og það á líka við um Kína. Skipasmíðastöðin sem annast okkar verkefni er að bíða eftir vilyrði frá kínverskum ríkisbönkum um fjármagn en við ætlum okkur ekki að bíða endalaust eftir því,“ segir Gylfi sem nefnir að kaup eða leiga á öðru nýju og sambærilegu skipi komi til greina. „Verðin hafa verið að síga mjög mikið á skipum af þessari ▶

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



FRAMTÍÐ ÍSLENSKRAR FERÐAÞJÓNUSTU

Samtök ferðaþjónustunnar halda fund um mótun stefnu og framtíðarsýnar í íslenskri ferðaþjónustu í dag klukkan 13 í Húsi atvinnulífsins. Á fundinum verður rætt um framtíðarsýn íslenskrar ferðaþjónustu og kallað eftir ábendingum þátttakenda. Á vefsíðunni ferdamalastefna.is má finna upplýsingar um verkefnið Framtíðarsýn í ferðaþjónustu.



White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél 12 kg Þurrkari



Taka 12 Kg · Hljóðlát Stórt op > auðvelt að hlaða Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn

Afkastamikill þurrkari >



RAFVÖRUR

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS



MAGNAÐ

„Þá þræðir maður efstu toppa og útsýnið þaðan er óviðjafnanlegt. Maður sér bæði norður yfir Breiðafjörðinn, út á Vestfjarðakjálkann og suður yfir Faxaflóann.“

Á SNÆFELLSNESI

Brynhildur á góðri stundu með Tröllkarlinn/Örninn í baksýn.

ALDREI HEFUR VERIÐ MEIRI ÞÖRF FYRIR D-VÍTAMÍN EN NÚNA

Einfalt í notkun

- Spreyjað undir tungu
- Gott bragð
- Vörn gegn kvefi og flensu



Útsöluastaðir: flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur stórmarkaða og verslana

Til hvers að flækja hlutina?

365

SJÁLFKRAFA Í BESTA ÞREP!

365.is | Sími 1817



ELSKAR TOPPAHOPP

UPPÁHALDSGÖNGULEIÐIN Brynhildur Ólafsdóttir leiðsögumaður heldur mikið upp á gönguleiðina eftir fjallgarðinum á Snæfellsnesi.

Brynhildur er ættuð frá Grundarfirði og þekkir því Snæfellsnesfjallgarðinn vel. Hefur oft gengið hann sjálf í gegnum tíðina auk þess sem hún hefur farið fyrir gönguhópum á vegum Ferðafélags Íslands.

„Oft er talað um að ganga eitt-hvað þvert og endilangt og það á vel við um fjallgarðinn. Það er hægt að þvera hann á mörgum stöðum og ganga gamlar þjóðleiðar á milli byggðarlaga en í algeru uppáhaldi hjá mér er að ganga eftir honum endilöngum,“ segir Brynhildur, sem kallar það að fara toppahopp. „Þá þræðir maður efstu toppa og útsýnið þaðan er óviðjafnanlegt. Maður sér bæði norður yfir Breiðafjörðinn, út á Vestfjarðakjálkann og suður yfir Faxaflóann.“

Brynhildur hefur alltaf gengið fjallgarðinn frá austri til vesturs enda ekki amalegt að hafa drottninguna Snæfellsjökul ávallt fyrir augum. „Á leiðinni eru algjörlega

frábær fjöll, til dæmis Örninn og Helgrindur, sem minna mann á Alpafjölinn, og svo Kistufellið sem er auðvitað fegursta fjall Íslands.“

FIMM TIL SEX DAGA FERÐ

„Ef maður ætlar að fara alveg frá Vatnaleið og enda uppi á jökli, myndi ég mæla með því að taka fimm til sex daga í það. Þá er farið rólega yfir og fólk getur notið göngunnar og útsýnisins,“ segir Brynhildur sem á góðar minningar frá sólríkum dögum á fjallstoppunum. Hún segir leiðina þó einnig geta orðið algert veðravíti, sér í lagi þegar blási að sunnan. „Ég hef oft lent í því að vera í frábæru veðri í nokkra daga og hrekjast síðan niður af fjallgarðinum þann næsta.“

FJÖLL BERA TVÖ NÖFN

Brynhildur upplýsir að mörg fjallanna beri mismunandi nöfn eftir því hvort horft er á þau að norðanverðu eða sunnanverðu.

„Örninn heitir til dæmis Örninn þegar horft er á hann að sunnanverðu en Tröllkarl þegar horft er að norðanverðu. Þetta segir kannski sitt um einangrunina sem hefur verið þarna áður fyrir.“

UNDURFAGUR SÓLEYJARDALUR

Gist er í tjöldum á leiðinni. Uppáhalds tjaldstaður Brynhildar er Sóleyjardalur. „Dalurinn er undir Erninum sem er gríðarlega tilkomumikið fjall. Þar er algjör paradís að setja upp tjald, með sléttu og blómaskrúð og læk sem liðast þar um,“ segir hún glaðlega.

BÆDI SUMAR OG VETUR

Brynhildur segir tilvalið að nýta fjallgarðinn að vetri til. „Þar er frábært að æfa sig í vetrarfjallamennsku, fara á fjallaskíði og sofa í snjóhúsi. Þjörgunar-sveitirnar hafa til dæmis gjarnan notað þetta svæði sem þjálfunarbúðir fyrir nýliða.“

NORÐURKRILLIÐ er komið aftur!

Omega 3 í sinni hreinustu og öflugustu mynd - ekkert eftirbragð!

Sótt í Suðurskautshafið, hreinasta hafsvæði veraldar.

Í Norðurkrilli vel er virk vænsta efnablanda, geðheilsunni gefur styrk og gjarnarn leysir vanda.

Höfundur
Kristján Hreinsson



Rannsóknir hafa sýnt fram á verulegan heilsufarslegan ávinning á inntöku Omega 3 fitusýrum s.s. fyrir:

- hjarta- og æðakerfið
- einbeitingu og minni
- heila og taugakerfi
- hátt kólesteról
- lifraráhrifsemi
- teygjanleika húðarinnar
- geðheilsu
- bólgur og liðverki



Ásta Kjartansdóttir
Vörustjóri

NORÐURKRILL fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum stórmarkaða og verslana

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** | Sölumenn: **Bryndis Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434
Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429

Heilsuréttir fjölskyldunnar



Gulrótarbúff

DEKKVERK

Nýbýlavegur 2 Kópavogi & Lyngás 20 Garðabæ
Sími: 578 7474 www.dekkverk.is
OPIÐ ALLA DAGA 10-19



MOTTUMARS LYKLAKIPPA FYLGIR HVERJUM SELDUM DEKKJAUMGANGI Í MARS

**Dekk · Smur · Framrúður · Hjólastilling
Bremsuviðgerðir · Smáviðgerðir**

MOTTUMARS TILBOÐ Á HARÐSKELJADEKKJUM

TEGUND	VERÐ NÚNA	VERÐ ÁÐUR
185/65R15	45.000 kr.	74.000 kr.
195/65R15	49.000 kr.	78.000 kr.
205/55R16	59.000 kr.	100.000 kr.
225/45R17	69.000 kr.	122.000 kr.

SJÁ FLEIRI STÆRÐIR OG VERÐ Á DEKKVERK.IS

WEST LAKE
PERFORMANCE TYRES

Samkvæmt dekkjaprófun AUTO-BILD 2014 á 50 dekkjum voru Westlake dekkín á meðal 15 dekkja sem mælt var með. Westlake voru einnig hjóðlátustu og hagkvæmstu dekkín í prófuninni.

MATRIX

Total Result á **20% afslætti** – á öllum Matrix sölustöðum landsins.



Finndu okkur á „Matrix á Íslandi“



KÚBA Malecón-strandlengjan er vinsæll áfangastaður.

GETTY/NORDIC PHOTO



JAMAÍKA Það er nánast skylda að heimsækja safn Bobs Marley þegar komið er til Jamaíka.



PÚERTÓ RÍKÓ El Yunque-regnskógurinn er töfrandi staður.

DRAUMAR UM SÓL

KARÍBAHAF Þar sem um fjörutú lægðir hafa gengið yfir landið í vetur er ekki skrítið að flestir séu farnir að láta sig dreyma um sól og sumaryl.

Eyjar Karíbahafsins eru draumastaður margra um þessar mundir. Á eyjunum er gott veður, hiti og sól, og þar má finna sér ýmislegt til dundurs. Hér á eftir geta lesendur lesið um nokkrar perlar svæðisins og hvernig hægt er að eyða tímanum þar og þannig stráð salti í eigin sár. Lesendur gætu jafnvel ákveðið eftir lesturinn að slá þessu öllu upp í kæruleysi, keypt sér flugmiða og flúið veturinn á Íslandi.

HAVANA, KÚBA

Kúba er land sem á sér engin söguleg fordæmi og er land andstæðna, það er fátækt á efnahagslega vísu en ríkt á menningarlega sviðinu, að mörgu leyti í niðurniðslu en arkitektúrinn þar er stórfenglegur. Í miðborg höfuðborgarinnar, Havana, er upplifun að ganga meðfram átta kílómetra langri strandlengjunni sem nefnist Malecón. Ströndin hefur löngum verið uppáhaldsstaður elskenda af öllu tagi, heimspekinga, ljóðskálda, farandsöngvara, veiðimanna og þeirra sem horfa löngunaraugum yfir til Flórída.

JAMAÍKA

Þegar Jamaíka er nefnd á nafn fylgir nafn reggjistjornunnar Bobs Marley oft á eftir. Marley er afsprengrangur tónlistarhefðar eyjarinnar sem teygir rætur sínar allt til þjóðsöngva Vestur-Afríku.

Því er tilvalið að heimsækja

safn sem er tileinkað Bob Marley og er til húsa á Hope Road þar sem hann bjó og tók upp tónlist sína frá árinu 1975 til dauðadags árið 1981. Safnið er vinsælasti túristastaður borgarinnar en því hefur verið haldið að mestu óbreyttu frá þeim dögum sem söngvarinn bjó þar.

DÓMINÍSKA LÝÐVELDIÐ

Landslag Dóminíska lýðveldisins er afskaplega fjölbreytt, há fjöll, eyðilegar sléttur, gamaldags arkitektúr í nýlendustíl og frábærar strendur. Rincón-ströndin er nánast fullkomin. Þrír kílómetrar af hvítum, mjúkum sandi og marglitur sjór sem gott er að synda og kafa í. Rincón er það stór að yfirleitt er nóg pláss fyrir ferðalanga til að flatmaga án þess að vera alveg ofan í næsta sólarsleikjara. Þéttur pálmaskógur skýlir baki strandgesta og við strandlengjuna má finna veitingastaði sem bera fram ferskt sjávarfang og leigja strandbekki þannig að auðvelt er að eyða þar heilu dögnum við leik og í leti.

FRÖNSKU ANTILLAÆYJAR

St. Martin, St. Barthélemy, Guadeloup og Martinique mynda Frönsku Antillaeyjar og hafa þær allar upp á margt að bjóða. Eyjarnar eru frábrugðnar hver annarri en allar hafa þær fransk-karabíska menningu og einkenni. Sameiginlegt með þeim öllum eru



FRÖNSKU ANTILLAÆYJAR Í Karíbahafi er margt að sjá undir yfirborðinu.

ótrúlega fallegar strendur sem eru þó ólíkar um leið. Þeir sem vilja gera meira en bara liggja í sólbaði á ströndinni eru á réttum stað því á eyjunum eru margar gönguleiðir, bæði við strönd og inni í skógi, þar er hægt að fara í siglingar, á kajaka, seglbretti, stunda dýfingar og köfun. Auk þess er maturinn þar algjört lostæti.

PÚERTÓ RÍKÓ

Eyjaskeggjar kalla heimaland sitt á réttmætan hátt „Eyju töfranna“ og einn þeirra staða sem gera Púertó Ríkó töfrandi er El Yunque-regnskógurinn. Áður en komið er inn í skógin má heimsækja litla bæi þar sem innfæddir hafa búið öldum saman. Regnskógurinn er heimili yfir 240 plantna sem margar hverjar sjást ekki víða annars staðar. Hann er heill heimur náttúrulegra gönguleiða, fossa, gríðarlegs útsýnis og dýralífs. Þeir sem til þekkingu mæla með því að myndavél sé höfð með í för þegar El Yunque er heimsóttur.

SLYSABÆTUR

MIÐVIKUDAGUR 18. MARS 2015

Kynningarblað Slysabætur.is, Sjúkratryggingar Íslands og Pinn réttur

Við sækjum bætur – Slysabætur.is

Upplýsingavefurinn slysabætur.is er einn sá öflugasti á sínu sviði hérlendis. JP Lögmenn reka hann en stofan býr yfir langri og mikilli reynslu af innheimtu slysabóta. Mikilvægt er fyrir fólk að leita strax ráða hjá sérfræðingi hafi það orðið fyrir slysi.

Slysabætur.is er einn öflugasti upplýsingavefur landsins á sínu sviði og fær fjölda heimsókna og fyrirspurna daglega. Að baki honum standa JP Lögmenn sem búa yfir langri og mikilli reynslu af innheimtu slysabóta og ráðgjöf til fólks sem lent hefur í áföllum eða slysum og orðið fyrir líkamstjóni. Meðal starfsmanna stofunnar eru Oddur Þórir Þórarinnsson, lækna-kandidat og lögfræðingur, og Snædís Björt Agnaradóttir héraðsdómslögmaður. Að þeirra sögn er mikilvægt að fólk leiti strax til sérfræðinga hafi það orðið fyrir slysi. „Það er mjög mikilvægt að leita strax aðstoðar lögfræðinga til að tryggja rétta meðferð málsins og að fá úr því skorið sem fyrst hvort maður kunni að eiga rétt á bótum. Þetta á við hvort sem fólk hefur lent í umferðarslysi, vinnuslysi, frítímalslysi eða öðrum hremmingum“, segir Snædís Björt. Þannig fær fólk upplýsingar um rétt sinn og tryggir að réttilega sé staðið að málum frá upphafi. „Það vill stundum gerast að fólk kemur hreinlega of seint og málin eru fyrnd eða erfitt reynist að sanna tjón. Við leggjum líka áherslu á að fólk leiti til lækna- is strax eftir slys þannig að upplýsingar um áverka liggja þá þegar fyrir. Það hjálpar mikið til við framhaldið,“ bætir Snædís Björt við.

Persónuleg þjónusta

Slysabætur.is hefur þá sérstöðu að einn starfsmanna, Oddur Þórir Þórarinnsson, er bæði læknir og lögfræðingur. Hann segir slysabætur.is leggja áherslu á persónulega þjónustu og regluleg samskipti við viðskiptavinina sína. „Við kappkostum að veita viðskiptavinum okkar persónulega þjónustu og greiðan aðgang að sérfræðingum stofunnar. Eins verður að hafa í huga að þessi mál geta verið viðkvæm og því er mikilvægt að fólk upplifi að við séum mannleg og tilbúin að ræða hlutina á persónulegum nótum. Þá finnst mér oft gott að skoða áverka fólks til að fá betri tilfinningu fyrir tjóni þess,“ segir Oddur Þórir. „Þannig erum við í mörgum tilfellum ekki eingöngu að sækja bótarétt heldur einnig að leiðbeina um möguleg úrræði til að umbjóðendur okkar og skjólstæðingar

nái betri heilsu og líðan, sem alltaf er markmiðið,“ bætir Oddur Þórir við. „Þá sendum við umbjóðendur okkar til frekari rannsókna hjá læknum eða öðrum sérfræðingum eftir því sem nauðsyn krefur. Við viljum hafa eins ítarlegar upplýsingar um líkamlega heilsu og líðan viðkomandi og mögulegt er.“

Aðspurð um feril skaðabótamála segir Snædís Björt að það geti verið misjafnt eftir málum en mörg þeirra séu fremur einföld í sniðum. „Við byrjum á að ræða við þann sem hefur orðið fyrir slysi og fáum hjá honum umboð til þess að afla gagna og vinna að málinu. Við óskum síðan eftir gögnum frá viðkomandi tryggingafélagi, lögregluskýrslum, vottorðum lækna og öðru sem kann að hafa þýðingu fyrir málið. Þetta endar svo yfirleitt á því að við og tryggingafélagið biðjum sameiginlega um mat á líkamstjóni. Við útbúum matsbeiðni, förum með umbjóðendum okkar á matsfund og gerum síðan upp bæturnar við tryggingafélagið þegar matið liggur fyrir. Við fylgjum fólki í gegnum allt ferlið en sýna þarf þolinmæði því slysamál geta tekið nokkurn tíma. Mikilvægt er að heilsufar sé orðið stöðugt og öll einkenni komin fram áður en farið er í mat vegna þess að bótaréttur fæst að jafnaði ekki endurskoðaður eftir að uppgjör hefur átt sér stað“, segir Snædís Björt.

Fjölbreytt þjónusta

Oddur Þórir bætir við að slysabætur.is hjálpi einnig einstaklingum sem orðið hafa fyrir líkamsárás eða kynferðisofbeldi. „Við sinnum réttargæslustörfum fyrir fórnarlömb kynferðisbrota og líkamsárása og gætum hagsmuna þeirra bæði hjá lögreglu og fyrir dómi. Við höfum mikla reynslu í þessum málum,“ segir Oddur Þórir og bætir við að fórnarlömb kynferðisbrota og alvarlegra líkamsárása eigi yfirleitt rétt á að fá tilnefndan réttargæslumann sér að kostnaðarlausu. „Við svörum öllum fyrirspurnum sem berast til okkar og leggjum metnað okkar í að aðstoða alla þá sem við getum,“ segir Oddur Þórir. „Það kostar ekkert að hafa samband og leita ráða.“

Á slysabætur.is er að finna ítarlegar upp-



Oddur Þórir, lækna-kandidat og lögfræðingur, og Snædís Björt héraðsdómslögmaður taka vel á móti viðskiptavinum. MYND/GVA

lýsingar um allar tegundir slysamála, feril þeirra og kostnað, svo og svör við algengum spurningum tjónþola, auk góðra ráða þeim til handa. „Þarna er að finna ýmsar gagnlegar upplýsingar á mannamáli,“ segir Snædís Björt. „Við reynum að hafa textann vel skiljanlegan almenningi en ekki bara einhverja lögfræðifrasa.“

Hægt er að ná í Odd Þóri og Snædís Björtu í s. 588-5200 eða senda fyrirspurn á slysabætur@slysabætur.is.

Slysabætur.is eru með skrifstofur á Höfðatorgi í Reykjavík og að Austurvegi 6 á Selfossi. Nánari upplýsingar má finna á www.slysabætur.is.

LIFÐU LÍFINU

VIÐ SÆKJUM BÆTURNAR

Slysabætur.is - Höfðatorgi, 105 Reykjavík / Austurvegi 6, 800 Selfoss
Sími: 588 5200 - Fax: 588 5210 - Netfang: slysabaetur@slysabaetur.is

SLYSABÆTUR.is

Hvað þýðir slysatrygging við heimilisstörf á skattframtali?

Á skattframtali er hægt að merkja við reit sem heitir slysatrygging við heimilisstörf. Þetta er valfrjáls möguleiki. Peir sem lenda í slysi við heimilisstörf geta átt rétt á bótum hafi þeir fyllt reitinn út.

Berglind Ýr Karlsdóttir, lögfræðingur og deildarstjóri slysatrygginga hjá Sjúkratryggingum Íslands, segir að þetta sé ódýr trygging, aðeins 450 krónur á ári. Þeir sem eru að fylla út skattskýrslu sína um þessar mundir og merkja við þennan reit eru slysatryggðir við heimilisstörf frá 1. ágúst 2015 þegar nýtt skattár hefst. Tryggingin gildir í eitt ár og nær eingöngu til framteljanda.



Berglind Ýr Karlsdóttir

Trygging kemur sér vel

„Árið 2012 merktu 147 þúsund manns við þennan reit. Þeir sem lenda í slysi við heimilisstörf eiga rétt á bótum hafi þeir merkt við þennan reit á skattframtali. Þetta er trygging sem gefur fólki meðal annars rétt á endurgreiðslu á lækniþjónustu, lyfjakostnaði og sjúkrabjálfun. Það getur einnig verið dagpeningaréttur og réttur til bóta vegna varanlegs tjóns sem fólk verður fyrir,“ útskýrir Berglind. Samkvæmt Hagstofu Íslands fengu 995 manns bætur vegna slysa við heimilisstörf á árunum 2007-2013.

Hún segir að slys við heimilisstörf geti verið mjög margvísleg. „Talsvert er um að fólk detti, til dæmis við að hengja upp gluggatjöld, skeri sig illa, detti í stiga eða fljúgi um koll í hálfu fyrir utan heimilið. Tryggingin nær til heimilis, bílskúrs, geymslu, afmarkaðs garðs og innkeyrslu. Einnig gildir hún í sumarbústað í eigu framteljanda eða sem hann leigir. Dæmi er um að fólk fari út með ruslið og detti í hálkunni,“ segir Berglind.

Dýrt að slasast

„Til að fá þessar bætur þarf að tilkynna slysið strax til Sjúkratrygginga en fylgja þarf áverkavottorð frá lækni. Yfirleitt fer það ekki á milli mála hvort slysið hafi gerst á heimilinu en það getur komið upp vafi hvort það hafi verið við heimilisstörf. Það er gott að ítreka að þetta eru ekki öll slys á heimilinu heldur einungis þau sem tengjast heimilisstörfum. Ef maður dettur í stiga á leið í vinnu telst það ekki heimilisstarf, en ef viðkomandi var að ryksuga stigann gildir tryggingin. Oft þarf að spyrja fólk hvaða



heimilisstarf það var að inna af hendi þegar slysið átti sér stað,“ segir Berglind.

Hún segir vel hægt að mæla með því að fólk haki við þessa tryggingu þar sem lækni- og sjúkrabjálfaþjónusta geti verið mjög dýr, til dæmis koma á slysideild, röntgenmyndir og sjúkrabjálfun.

Dagpeningar

Ákveðnar reglur eru um dagpeninga í þessari tryggingu og þeir eru ekki háir, aðeins 1.727 krónur á dag. Ef fólk er frá vinnu meira en tíu daga eru greiddir dagpeningar frá áttunda degi. Verði fólk fyrir varanlegu tjóni, sem nær tilteknu lágmarki, eru greiddar miskabætur eða lækni- og sjúkrabjálfaþjónusta,“ segir Berglind og bætir við að fólk ætti að kynna sér réttindagáttina á sjukra.is en þar er hægt að flýta fyrir öllum samskiptum raf-rænt við Sjúkratryggingar.

Ef maður er að taka til eftir börnin og dettur í stiganum er gott að vera slysatryggður við heimilisstörf. Ef maður dettur um leikföng á leið til vinnu er maður hins vegar ekki tryggður. Það má tryggja sig við heimilisstörf með því að haka við sérstakan reit á skattframtali. Gott er að vera líka slysatryggður hjá vátryggingafélögum.

MYND/GETTY

Gott að vita

Í reglum um slysatryggingar við heimilisstörf má sjá hvar hún gildir:

- Á heimili hins tryggða og í sumarbústað þar sem hinn tryggði dvelur.
- Í bílskúr og geymslu við heimili hins tryggða eða sumarbústað þar sem hann dvelur.
- Í afmörkuðum garði og innkeyrslu við heimili hins tryggða eða sumarbústað þar sem hann dvelur.

Til heimilisstarfa sem falla undir slysatryggingu teljast meðal annars eftirtalin störf:

- Hefðbundin heimilisstörf, svo sem matseld og þrif.
- Umönnun sjúkra, aldraðra og barna.
- Viðhaldsverkefni og viðgerðir.
- Hefðbundin garðyrkjustörf.

Undanskilin slysatryggingu við heimilisstörf eru meðal annars:

- Slys sem einstaklingar verða fyrir við ýmsar daglegar athafnir sem ekki teljast til hefðbundinna heimilisstarfa svo sem að klæða sig, baða og borða.
- Slys sem einstaklingar verða fyrir á ferðalögum, svo sem í tjaldi, hjólhýsi og á hótélum.

**REYKJAVÍK
SÍÐDEGIS
ER Í LOFTINU**

**ÞORGEIR, KRISTÓFER OG BRAGI
OG MÁLEFNI LÍÐANDI STUNDAR**

VIRKA DAGA MILLI KL. 16:00 - 18:30



f BYLGJAN989

#BYLGJAN



SIÓNVARP



BYLGJAN.IS



ÚTVAPPIÐ



FM 98.9

HLUSTAÐU
HVAR SEM ER,
HVENÆR SEM ER

BYLGJAN
989

684.497 NOTENDUR FLESTIR GESTIR HJÁ VÍSI



Met var slegið í síðustu viku því enginn fréttamiðill á Íslandi hefur fengið fleiri notendur í heimsókn á einni viku en Vísir.*

Við þökkum kærlega fyrir og ætlum að halda áfram að færa lesendum okkar vandaðar fréttir, greina vel frá því sem hæst ber ásamt því sem okkur þykir skemmtilegt og áhugavert.

Velkomin í heimsókn.

VÍSIR

*Samkvæmt vefmælingu Modernus vikuna 9.-15. mars 2015.



Hjá Þínum rétti starfa lögmennt með mikla reynslu af umsjón slysamála, bæði gagnvart tryggingafélögum sem og af meðferð slíkra mála fyrir héraðsdómi og Hæstarétti.
MYND/VILHELM

Engin þóknun ef engar bætur fáast

Þinn réttur er lögmannsstofa sem sérhæfir sig í innheimtu slysabóta vegna hvers konar slysa. Hjá Þínum rétti starfa lögmennt með mikla reynslu af umsjón slysamála, bæði gagnvart tryggingafélögum sem og af meðferð slíkra mála fyrir héraðsdómi og Hæstarétti.

Fimm lögmennt starfa hjá félaginu, tveir hæstaréttarlögmennt og þrjár héraðsdómslögmennt.

Eva Hrönn Jónsdóttir hæstaréttarlögmaður er framkvæmdastjóri og einn eigenda Þíns réttar. „Reynsla okkar sem störfum hjá Þínum rétti er sú að fyrir viðskiptavinum er mjög mikilvægt að eiga greiðan og milli-liðalausan aðgang að lögmanni sínum á öllum stigum málsins. Þess vegna höfum við lagt áherslu á að sami lögmaður sinni málinu frá upphafi til enda. Viðskiptavinir geta því alltaf treyst því að sá lögmaður sem þeir leita til sé til taks hvenær sem er í ferlinu og geti gefið ráðleggingar og upplýsingar um hvað sé fram undan.“

Engar bætur – engin þóknun

Þjónusta lögmannna Þíns réttar er viðskiptavinum alltaf að kostnaðarlausu ef engar bætur fáast greiddar vegna slyss.

Arnar Kormákur Friðriksson er héraðsdómslögmaður og einn eigenda Þíns réttar:

„Við vitum að þeir sem lent hafa í slysi veigra sér stundum við því að leita til lögmannna þar sem þeir óttast að verða fyrir kostnaði vegna þjónustu hans. Hjá Þínum rétti er það án undantekninga þannig að viðskiptavinir greiða okkur enga þóknun ef engar bætur innheimtast vegna slyss. Að sama skapi er öllum frjálst að hafa samband og fá mat á rétt-



Skrifstofa Þíns réttar er til húsa í Turninum, Smáratorgi 3, Kópavogi, á 16. hæð.

Sólarhringssímaþjónusta er í s. 412-2828.

Netfang
info@thinnrettur.is.

www.thinnrettur.is

arstöðu sinni sér að kostnaðarlausu. Fáist bætur greiddar reiknaast þóknun sem hlutfall af bótunum og í sumum tegundum slysa, svo sem umferðarslysum greiðir tryggingafélagið stærstan hluta þeirrar þóknunar.“

Þjónusta utan skrifstofutíma

Haukur Örn Birgisson er hæstaréttarlögmaður og einn eigenda Þíns réttar.

„Við hjá Þínum rétti leitumst við að veita viðskiptavinum okkar

bestu þjónustu sem völ er á. Við vitum að það er oft mikilvægt fyrir þá sem lent hafa í slysi að geta náð tali af lögmanni strax og þjóðum þess vegna upp á þjónustu utan hefðbundins skrifstofutíma.“

Á fimmtudögum er skrifstofa Þíns réttar opin á milli kl. 17 og 19 og er þá hverjum sem er velkomið að koma og hitta lögmann sér að kostnaðarlausu til þess að fá mat á réttarstöðu sinni og ráðgjöf vegna slyss. Jafnframt býður Þinn réttur upp á símaþjónustu allan sólar-

hringinn í síma 412-2828.

„Við erum stolt af því að bjóða upp á þessa þjónustu því eins og við vitum geta slyss orðið hvenær sem er sólarhringsins. Þá getur komið upp sú staða að einstaklingur þarf að ráðfæra sig við lögmann strax og við viljum koma til móts við þær þarfir,“ segir Haukur Örn.

Fyrstu skrefin mikilvæg

Lögmennt Þíns réttar eru sammála um mikilvægi þess að brugðist sé

rétt við strax frá upphafi. „Það er mikilvægt að sá sem lent hefur í slysi leiti tafarlaust til læknis,“ segir Haukur.

„Sé það ekki gert getur reynst erfitt að sýna fram á að líkamleg einkenni sem einstaklingur býr við tengist slysinu í raun og veru. Annað sem er mjög mikilvægt er að slyss sé tilkynnt strax til viðkomandi tryggingafélags og annarra aðila þar sem hinn slasaði kann að eiga rétt til bóta og þar getur aðkoma lögmanns skipt höfuðmáli. Þeir sem hafa lent í slysi eru eðlilega ekki alltaf upplýstir um hvert þeim ber að sækja rétt sinn og hvernig ferlinu frá slysi að greiðslu bóta er hátað og þess vegna er mikilvægt að leitað sé til lögmanns strax í upphafi svo tryggt sé að fólk fari ekki á mis við rétt sinn.“

Það er til dæmis algengur misskilningur að þeir sem lenda í umferðarslysum og eru í órétti, eigi ekki bótarétt. Lögbundnar slysa-tryggingar ökumanns og eiganda bifreiðar, sem og farþega, eiga hins vegar við um líkamstjón allra sem slasast í umferðarslysum, óháð því hver veldur tjóninu. Einnig er það reynsla okkar að einstaklingar eru oft ekki meðvitáðir um slysa-tryggingar sem innifaldar eru í heimilistryggingum þeirra, til dæmis vegna slysa í frítíma.“

DRAGDU ÚR FÍNUM LÍNUM, ÞURRKI OG LÍFLAUSRI HÚÐ
LIQUID GLOW SKIN•BEST

• Bylting í olíum fyrir andlit með Astaxanthin einu öflugasta andoxandi efni náttúrunnar. Húðin verður strax mýkri og ljómandi.

• Stjórnaðu ljómanum: berðu dropa á húðina þar sem óskað er, notaðu hana eins og maska eða næturkrem eða blandaðu henni einfaldlega við SKIN BEST kremið þitt fyrir aukinn ljóma.

HENTAR VIÐKVÆMRI HÚÐ ✓ ÁN PARABENA

NÝTT

„PURR“ OLÍA
ALLAR HÚÐGERÐIR



GEFUR FALLEGAN LJÓMA
MEÐ AÐEINS EINUM DROPA
#HOWDOIGLOW/BIOThERM.COM

LEIGHTON MEESTER

BIOThERM

BIOThERM BOMBA

Í LYFJU 18. MARS – 20. MARS

25%
KYNNINGARAFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
BIOThERM VÖRUM.



Kaupukinn þinn þegar þú kaupir Biotherm vörur fyrir 7.800 kr.* eða meira.

*eftir afslátt

Tilboðið gildir í Lyfju Lág múla, Smáratorgi, Smáralind, Laugavegi og Reykjanesbæ

LYFJA
– Lifið heil



BÍLAR & FARARTÆKI

BÍLAHÖLLIN

S: 567-4949



Kia Sportage Ex 4wd 4/2012 ek.86pús. Sjálfskiptur. Ný ryðvarinn. Ný vetrardekk. Ásett verð 3.980.000.- TILBOÐSVERÐ 3.680.000.-



Suzuki Grand Vitara Premium 4/2011 ek.92pús. Beinskiptur. Ásett verð 2.990.000.- TILBOÐSVERÐ 2.690.000.-



BMW X3 3.0i 11/2004 ek.77pús. Sjálfskiptur. Ný vetrardekk. Ásett verð 2.490.000.- TILBOÐSVERÐ 2.190.000.-

www.bilarydvarn.is
S. 587 1390

Bílahöllin
Bíldshöfða 5, 112 Rvk
Sími: 567 4949
www.bilahollin.is

KRÓKUR



KRÓKUR
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

Krókur
Sími: 522 4600
http://www.krokur.net


567 2277 NÝJA BÍLAHÖLLIN



BÍLL DAGSINS!!!! TILBOÐ 3.190 P.
TOYOTA Tundra crewmax limited. Árgærd 2008, ekinn 148 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Ásett 3.990.000 Tilboðsverð 3.190.000. Rnr.210264.

Nýja bílahöllin
Eirihöfða 11, 110 Rvk.
Sími: 567 2277
www.nyja.is

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



TOYOTA Yaris hybrid. Árgærd 2013, ekinn 23 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.790.000. Rnr.249999.



MERCEDES-BENZ B 220 CDI. Árgærd 2014, ekinn 23 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.390.000. Rnr.161332.



BMW 320d f30 sportline. Árgærd 2014, ekinn 9 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 7.590.000. Rnr.990959.



KIA Sorento ex. Árgærd 2007, ekinn 112 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.690.000. Rnr.161223.

ASKJA notaðir bílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 590 2160
www.notadir.is

bíll.is
bestir í bílum...



KLÁR Í VINNU
NISSAN Patrol gr 44" og 38" með Árgærd 2006, ekinn 114 Þ.KM Með öllu og rúmlega það Verð 6.980.000. Rnr.138220 sími 6952015

Bíll.is
Sími: 577 3777
www.bill.is

100 bílar.is



BMW X5 3.0 D 2011 ek 82þkm - M-Sportpakki - Keyless-go - USB tengi - M-Stýri - Sportsæt - Professional hjómkerfi - Hiti í fram og aftursætum ofl. Raðnr 151769

100 bílar ehf
Pverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opíð 10-18.00, Lau 11-15
www.100bilar.is

TOYOTA
Baldursnes 1 Akureyri
Sími 460 4300
www.toyotaakureyri.is

ARCTIC CAT Crossfire 800 h.o. 141". Árgærd 2010, 4þ.km. Verð 1.450.000. Ath skipti.Rnr.200297.



TOYOTA Urban Cruiser GX Awd. 12/2010, 110þ.km,dísel, 6 girar.Skipti ód. Verð 2.090.000. Rnr.260696.



TOYOTA Yaris Sol 1.33. 12/2012, 34þ. km, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.490.000. Rnr.260643.



TOYOTA Yaris hybrid Active 1.5. 3/2013, 33þ.km, bensín, sjálfskiptur, krómllistar. Verð 2.790.000. Skipti ód. Rnr.122826.



TOYOTA Land Cruiser 150 L. 12/2010, 107þ.km,dísel, sjálfskiptur. Verð 6.230.000. Skipti ód. Rnr.118650.



TOYOTA Land Cruiser 150 GX 7manna. 2/2014, 19þ.km,dísel, sjálfskiptur. Verð 10.150.000. Skipti ód. Rnr.118620.



TOYOTA Land Cruiser 200 VX 7manna. 2/2014, 18þ.km, dísel, sjálfskiptur. Verð 18.900.000. Skipti ód. Rnr.200020.

Toyota Akureyri
Baldursnes 1, 600 Akureyri
Sími: 460 4300
Opíð virka daga 9-18

Bílar til sölu

Seldur.is

KAUPUM BÍLA HÆRRA UPPÍTÖKUVERÐ

Við staðgreiðum bílinn þinn og þú getur þar með fengið staðgreiðsluafslátt af nýja bílnum. Sendu okkur upplýsingar í gegnum www.seldur.is og við sendum þér staðgreiðslutilboð.



Mitsubishi Lancer árg.08 ek 150þús sk.15 sjálfsk. Verð 2.000.000 kr Uppl. í s. 697 6209



VOLVO XC90 D5 árg 2007, ekinn 154 þ.km Dísel, sjálfskiftur Nýfirfarinn af Brimborg verð 3980.000. Uppl. s. 822 7070

500-999 þús.



TILBOÐ 890 ÞÚS
WV golf trendline árg. .06 ek. 112þús, 5grá 5 dyra. Nýsk.16. einn eig. ásett verð 1290 þús TILBOÐ 890 ÞÚS möguleiki á 100% láni s.841 8955

Bílar óskast

Óska eftir bíl á bilinu 30-500þ. Ekki eldri en .00. Má þarfnast viðgerðar. S. 866 0784.

KAUPI BÍLA FYRIR ALLT AÐ MILLJÓN STGR!!

Óska eftir að kaupa bíla fyrir allt að 1.000.000. staðgreitt. Er með pappír og pening til að ganga frá því samdægurs ef að samningar nást. Bíllinn má þarfnast lagfæringar og/ eða skoðunar. skoða allar tegundir. Hringdu í síma: 659-9696 eða sendu email á 6599696@gmail.com

BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.
Má þarfnast lagfæringar.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

Sendibílar

568 5000
NS
Nýja Sendibílastofnun

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Fjór hjól

DAYCO
Hágæða reimar fyrir vésleða og fjór hjól á góðu verði.
Stál og Stansar ehf.
VAGNHÖFEN 7 • SÍMI 517 5000

Bátar



TÆKIFÆRI Í FERÐAÞJÓNUSTU!
Hvala-sjóstangarveiðiskip er nú til sölu, skipið er með öll leyfi fyrir 75 farþegum hægt að fjölga í allt að 200 farþega, bar og veitingaleysi, leyfi í Reykjavíkurhöfn ef vill, verð 109 milljónir,auðveld kaup. Allar nánari uppl. í s. 820-5181



Smiðum álhúrdír í báta stóra sem smáa. Skoðaðu heimasíðuna okkar alguggur.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.

Bílþjónusta

B.S. VERKTAKAR

Malbiksviðgerðir - málu bilastæða - vélsúpun - skilti www.verktak.is S: 5514000

Varahlutir



FELGUR
Nýjar og notaðar felgur í miklu úrvali. VAKA S:567 6700.

SUPLEX
Hágæða gormar í fólkabíla og jeppa.
Stál og Stansar ehf.
Vagnhöfði 7 - sími 517 5000

Viðgerðir

BÍLAVERKSTÆÐIÐ SMÁPARTAR

Getum bætt við okkur nokkrum kúnum

Upplýsingar á Smápartar.is eða í síma 5675040-7785040

AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI

Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Þar á meðal pústviðgerðir, bremsur og allar viðgerðir. Uppl. s. 555 6020.

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, mmc carisma, kangoo. Renni diskur og skálar. Sérgræin bremsuviðgerðir. S. 892 7852.

ÞJÓNUSTA

Pípulagnir

PÍPULAGNIR
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.
Uppl. í s. 699 6069 & 663 5315.

Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

VY-PRIF EHF.
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 662 4010 www.vy.is

Bókhald

Bókhald
• Skattframtöl einstaklinga
• Skattframtöl fyrirtækja
• Bókhald einstaklinga og fyrirtækja
• Bókhald húsfélaga
• Laun og skilgreinar
• Stofnun fyrirtækja
Sanngjarnt verð

Bókhaldsþjónustan Viðvík ehf
Síðumúla 1 108 Reykjavík
581-1600 • www.vidvik.is

HSE Bókhald & Uppgjör slf
Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launuppgjör, Ársuppgjör. Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

SKATTFRAMTAL 2015
Framtalsþjónusta fyrir einstaklinga og rekstraraðila. Mikil reynsla - hagstætt verð. Uppl. í síma 517-3977 eða 897-1877. FOB Suðurlandsbraut 6. www.fob.is

Við hjóla að...
Barnaheill
Save the Children á Íslandi
börn eiga rétt á vernd og umönnun

MILLJARÐA FJÁRFESTINGAR Í FIMM LÖNDUM

EIMSKIP

51 STARFSSTÖÐ Í 19 LÖNDUM

16 FLUTNINGASKIP Í REKSTRÍ

1.400 STARFSMENN ÞAR AF 800 Á ÍSLANDI

Um helmingur tekna félagsins kemur frá starfsemi utan Íslands

5. JANÚAR Holland

ROTTERDAM Kaup á hollenska flutningsmiðlunarfirmu Jac. Meisner Internationaal; staðsett á hafnarvæðinu í Rotterdam. Sérþekking fyrir-tækisins er á sviði tollskjala-gerðar, heilbrigðiseftirlits og móttöku og eftirlits á frystum og kældum vörum hvaðanæva úr heiminum til innflutnings til Evrópulanda.

19. JANÚAR Þýskaland

HAMBORG Eimskip og König & Cie. Holding GmbH & Co. KG í Þýskalandi hafa stofnað félag um skiparekstur (e. joint venture) er nefnist: Eimskip & KCie GmbH & Co. KG. Félagið mun leggja áherslu á að ná fram mestum samlegðaráhrifum í rekstri skipa, þar með talið tæknipjónustu, leigu á skipum, kaupum og sölu, nýbyggingum og ýmsum öðrum verkefnum er snúa að rekstri og fjárfestingum skipa.

20. FEBRÚAR Grundartangi

Kaupir þrjár lóðir á iðnaðar- og hafnarvæðinu, samtals 22.400 fermetrar að stærð. Kaup á tveimur stærstu hafnar-krönum Íslands. Annar settur upp á Grundartanga en hinn í Mjóeyrarhöfn þáðan sem eldri krani verður fluttur til Reykjavíkur á meðan Jakinn, krani í Sundahöfn, verður í reglulegu viðhaldi. Gamli kranninn úr Mjóeyrarhöfn verður síðar settur upp í Þórshöfn í Færeyjum til að mæta auknum umsvifum Eimskips þar í landi.

FJÁRFESTING: 1,2 milljarðar

20. FEBRÚAR Stykkishólmur

Tilkynning um hugsanleg kaup á ferðapjónustufyrirtækinu Sæferðum ehf. Félagin hafa undirritað viljayfirlýsingu þessa efnis.

23. FEBRÚAR Hafnarfjörður

Tilkynnt að undirritaður hafi verið samningur við verktaka um byggingu á 10.000 fermetra frystigeymslu til að mæta eftirspurn vegna aukinna uppsjávarveiða útgerðarfyrirtækja.

Fjárfesting: 1,5 milljarðar

23. FEBRÚAR Danmörk

ÁRÓSAR Eimskip í samstarf við Damco, og tekur yfir 15.500 fermetra vöruhús danska félagsins sem er dótturfélag Maersk. Eimskip starfrækir fyrir 6.000 fermetra vöruhús í Danmörku við hlið Damco, og verður hið nýja vöruhús því samtals 21.500 fermetrar. Eftir breytinguna er Eimskip stærsti rekstraraðili í alhliða vöruhúsaþjónustu í höfninni í Árósum sem er næst stærsta höfn Skandinavíu.

26. FEBRÚAR Kanada

ST. ANTHONY Á NÝFUNDNALANDI Kaup á rekstri frystigeymslu St. Anthony Cold Storage Ltd. Afgreiðsla frystitogara ásamt geymslu og flutningi á sjávarafurðum. Eimskip réðst í fjárfestinguna ásamt útgerðarfélaginu Harbor Grace Shrimp Company, meðeiganda Eimskips á Harbor Grace frystigeymslunni í landinu.

ST. JOHNS, HÖFUÐBORG NÝFUNDNALANDS Fjárfesting í flutningsmiðlunarfirmu Cargocan Agency Ltd. – leiðandi fyrirtæki á Nýfundnalandi í flutningsmiðlun með útflutning á fiskafurðum og þurrvöru til og frá landinu.

Fjárfestingar í Kanada, Hollandi og Danmörku: 2,4 milljarðar

Mánud.	Þriðjud.	Miðvikud.	Fimmtud.	Föstud.	Laugard.	Sunnud.
Janúar						
			1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30	31	
Febrúar						
						1
2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22
23	24	25	26	27	28	



► stærð vegna þess að mörg gríðarstór flutningaskip eru í smíðum fyrir stærstu félögin. Skipin sem verið er að smíða eru allt að 19.000 gámaeiningar en í samanburði eru Lagar- og Bakkafoos bara kettlingar við hlið þeirra, aðeins tæplega 900 gámaeiningar. Menn eru að losa sig við minni skipin; einmitt af þeirri stærð sem hentar okkar rekstri og hafnaraðstöðu hér á landi en nokkrir þættir eru til staðar hér á landi

sem setja takmarkanir á okkur við val skipa, svo sem kranaleysi á höfnunum, stærð hafnanna og dýpt þeirra," segir Gylfi en bætir við að Eimskip stefni að því að reka stærri skip í framtíðinni til að ná upp þeirri stærðarhagkvæmni sem sækjast þarf eftir í öllum rekstri.

Fleira í farvatninu

Spurður hvort Eimskip hugleiði frekari fjárfestingar eftir þessa

„hrinu“ sem nú hefur staðið í nokkrar vikur segir Gylfi að margt sé í farvatninu. „Það eru fleiri fjárfestingar í burðarliðnum, sem mögulegt er að verði tilkynnt um á næstu vikum og mánuðum. Leiðarljós okkar er að kaupa félög sem er vel stjórnað og henta vel okkar rekstri; samruni sem við getum nýtt okkur til að ná niður kostnaði og félög sem eru á þeim markaði sem við erum að vinna á. Við erum að leita slíkra

tækifæra fyrir samstæðuna," segir Gylfi sem treystir sér ekki til að nefna dæmi um einstakar fjárfestingar á þessum tímamarki. „Ég get þó sagt að þær fjárfestingar eru af svipuðum toga og stærri en þær sem gengið hefur verið frá að undanfögnu," segir Gylfi en fjárfestingarnar sem tilkynnt hefur verið um á síðustu vikum, að nýju skipunum tveimur meðtöldum, eru um 10 milljarðar króna.

„Ég get þó sagt að þær fjárfestingar eru af svipuðum toga og stærri en þær sem gengið hefur verið frá að undanfögnu.“





Taktu þátt!

Viltu vinna ferð fyrir tvo á leik Sevilla og Real Madrid?

Það eina sem þú þarft að gera er að kaupa Santa Maria vöru í Bónus, taka mynd af strimlinum og senda ásamt nafni, heimilisfangi og símanúmeri á netfangið leikur@adfong.is.

Þú gætir unnið ferð fyrir tvo á leik Sevilla og Real Madrid 3. maí. Flugmiðar og hótél í fjórar nætur í boði Santa Maria.





Starfaði á skipum í eitt og hálf ári

Erla Ósk Ásgeirsdóttir er forstöðumaður starfsmanna- og gæðasviðs Icelandair hótela. Hún hefur mikinn áhuga á körfubolta, fer á leiki og spilaði sjálf íþróttina í ellefu ár. Erla á soninn Baltasar Mána og köttinn Funa.

Erla Ósk Ásgeirsdóttir var á dögnum ráðin forstöðumaður starfsmanna- og gæðasviðs Icelandair hótela. Hún segir í samtali við Markaðinn að 22 hótél heyrir undir Icelandair hótelinu. Það eru Hilton Reykjavík Nordica, nú Icelandair hótél og tólf Edduhótél. Að auki reka Icelandair hótél fimm veitingastaði. Erla segir að starfið sé gríðarlega spennandi, en krefjandi á sama tíma.

„Hjá okkur starfa 550 manns sem eru fastráðnir,“ segir Erla Ósk en aðrir starfsmenn séu mun fleiri og svo bætast við 200 manns á hverju sumri. Erla segir að það verði opnuð tvö ný hótél á næsta ári, í miðborg Reykjavíkur. Annað hótelið verður á Hjartareitnum og hitt þar sem Rammagerðin er. „Svo erum við líka að stækka Marína,“ segir hún. Þessi breyting hafi áhrif á hennar starf því það þurfi að ráða fleira starfsfólk. Aðspurð segist Erla telja að það gæti orðið á annað hundrað manns sem yrðu ráðnir, en þó sé erfiðitt að fullyrða um nákvæma tölu á þessari stundu.

Erla bendir á að erlendum ferðamönnum hafi fjölgað árlega um 20 prósent síðustu þrjú árin og gert sé ráð fyrir yfir 20 prósent fjölgun í ár. „Það sem er krefjandi fyrir okkur er að fjöldi fagmenntaðra hefur ekki haldið í við þennan vöxt,“ segir Erla og bætir við að Icelandair sé í raun stærsti einstaki vinnustaðurinn þegar kemur að starfsnámi á þessu sviði. „Við erum með 71 nema; matreiðslunema, framreiðslunema og bakaranema,“ segir Erla og bætir við að 2/3 af námi þeirra fari fram á hótélunum.

Erla Ósk á að baki fjölbreyttan starfsferil, meðal annars úr ferða-

Fjöldi fagmenntaðra hefur ekki haldið í við þennan vöxt.

mennsku. Hún tók alþjóðlegt nám í ferðamálafræðum í Ferðamálafræðaskóla Íslands eftir stúdentspróf. Þá vann hún sem leiðsögumaður hjá Ingólfi heitnum Guðbrandssyni ferðamálafrömuði.

Erla bjó líka á skipum í eitt og hálf ári. „Ég vann á tveimur mismunandi skemmtiferðaskipum. Sem eru fjórtandi fimm stjörnu hótél í raun og veru,“ segir hún. Það sem hafi verið einstakt við þetta hafi verið það að fólk keypti sér íbúð um borð. „Það átti eina íbúð í New York og aðra íbúð í London og svo eina í skipinu,“ segir Erla Ósk. Þar vann hún sem þerna á báðum skipunum á árunum 2000-2002. Erla hefur líka búið í „Mekka kommúnismans“ í Kína. Á þeim tíma var hún í starfsnámi í sendiráðinu. „Það er eina opinbera starfið sem ég hef unnið,“ segir hún.

Fyrir utan vinnuna segist Erla Ósk hafa mestan áhuga á körfubolta. „Ég fer á leiki bæði í kvenna- og karlakörfunni. Ég spilaði sjálf í ellefu ár og nærast á þessu,“ segir Erla Ósk og bætir því við að uppáhaldsleikmaðurinn hennar sé Hildur Sigurðardóttir. Erla á einn dreng, sem er fjögurra ára gamall og heitir Baltasar Máni. „Hann er hress og skemmtilegur drengur. Og svo býr lítill köttur hjá okkur sem heitir Funi,“ segir Erla Ósk.

jonhakon@frettabladid.is



MEÐ FJÖLBREYTTAN BAKGRUNN Erla lærði ferðamálafræði eftir stúdentspróf og vann líka með Ingólfi Guðbrandssyni.

FRÉTTABLAÐID/GVA

ÓVENJU ÞRAUTSEIG OG ÚTSJÓNARSÖM



Það er óhætt að segja um Erlu Ósk að hún sé sannkölluð hamhleypa til verka, enda er henni algjörlega ómögulegt að sitja auðum höndum. Hún er óvenjulega þrautseig og útsjónarsöm manneskja og keyrir algjörlega óhikað út í hvert verkefni sem að höndum hennar ber. Hún er fljót að læra og skilja, enda ákaflega greind – en það sem skilur hana einna helst frá flestum okkar hinna eru persónuöfrarnir sem gera hana að miðdepli allra mannamóta. Það er í raun óskiljanlegt að hún hafi ekki fengið verðlaunin vinsælasta stúlkan í Ungfrú Vesturland 1995 – hún hlýtur að hafa verið að keppa á móti Helgu Braga eða Eddu Björgvins, því þær eru líklega þær einu sem eru í sömu sjarmadeild.

Þórlundur Kjartansson, ritstjóri Deiglnunnar.



Erla Ósk er ein af þeim mögnuðustu manneskjum sem ég hef kynnst. Við hittumst fyrst í fjallgönguhópnum Fjallageitum þar sem við ákváðum að stökkva út í ískalda á í miðri göngunni. Ekki allir tilbúnir að demba sér í djúpu laugina en Erla Ósk er svo sannarlega sú týpa. Næsta djúpa laug var að fá hana til að koma til NY í mánuð og hjálpa reKode/Skema í Techstars-viðskiptahraðlinum þar sem við vorum um tíma fjórar saman í litlu kojuherbergi. Það vantaði ekki kraftinn í hana. Hún býr yfir mikilli þekkingu og reynslu, er tilbúin til að sinna þeim verkefnum sem þarf að sinna og tekur ábyrgð á þeim verkefnum auk þess að bústa upp mórál og gefa lífinu lit.

Rakel Sölvadóttir, stofnandi reKode.

Selur gleraugu á fimmtán mínútum

Fyrsta sérverslunin sem var opnuð á nýju verslunar- og veitingasvæði í Leifsstöð var Optical Studio. Hún hefur starfað í flugstöðinni í sautján ár. Eigandinn þekkir engin önnur dæmi um gleraugnaverslun á alþjóðaflugvelli.

Fyrsta áfanga við endurnýjun á verslunar- og veitingasvæði í Flugstöð Leifs Eiríkssonar er lokið. Þar hafa þegar verið opnaðir tveir veitingastaðir og ein verslun. Það er gleraugnaverslunin Optical Studio. Verslunin hefur starfað í flugstöðinni allt frá árinu 1998, eða í 17 ár.

Verslunin hefur þá sérstöðu að bjóða upp á sjónmælingar sem framkvæmdar eru af löggiltum sjóntækjafræðingum og styrkleikagleraugu afgreidd á innan við fimmtán mínútum. Kjartan Kristjánsson, eigandi verslunarinnar, segist telja að það sé einstakt að boðið sé upp á slíka þjónustu í alþjóðlegri flugstöð og það eigi sér enga fyrirmynd.

Auk þess að reka Optical Studio í flugstöðinni rekur Kjartan verslun í Smáralind og hefur einnig rekið verslun í Keflavík í 32 ár. Hann segist hafa rennt dálítið blint í sjóinn þegar hann ákvað að hefja reksturinn í flugstöðinni fyrir sautján árum. „Það lá náttúrlega ekki fyrir hvernig viðskiptavinurinn myndi bregðast við í flugstöð þar sem verslunarumhverfið er allt öðruvísi en utan svæðisins. Ég setti þá upp þetta konsept sem snerist þá um það að útbúa styrkleikagleraugu, sérsmíðuð gleraugu, á aðeins fimmtán mínútum. Það var fjárfest í fullkomnustu vélum svo þetta væri mögulegt. Það tók dálítinn tíma að fá fólk til að trúá því sem við lögðum fram og buðum upp á,“ segir Kjartan.

„Útlendingarnir þurfa að heyrja það tvisvar eða þrisvar og trúá því varla að við séum að útbúa styrkleikagleraugu á innan við fimmtán mínútum. Því fólk er ekki vant þessu,“ segir hann. Viðskiptavinurinn sé vanur því fyrirkomulagi að koma og skoða, koma svo aftur og panta og koma svo kannski í þriðja sinn að sækja vöruna. Lausnin í Optical Studio byggist hins vegar á einni heimsókn á friðhafnarvæðið, gleraugun, linsurnar eða sölgleraugun fara með viðskiptavininum í flugið og ferðalagið.

„En auðvitað skal það tekið fram að fólk var fljótt að átta sig á því að það gat heimsótt okkar verslanir í bænum og undirbúið val á vörunni þar. Og það eru auðvitað margir sem gera það,“ segir Kjartan.

Kjartan segir að til þess að geta boðið upp á gleraugnaþjónustu af þessu tagi hnökralaust í umhverfi sem oft er hlaðið eftirvæntingu og spennu þeirra sem um svæðið fara þurfi hann að hafa vel þjálfað starfsfólk sem kann sitt fag vel. Þar eigi hann láni að fagna. „Einnig verð ég að hafa tvöfaldan véla-kost, því ef ein vélin bilar eða eitthvað kemur upp á þá þarf að hafa aðra til taks,“ segir Kjartan. Hann sé líka með mikla lagerumsetningu af styrkleikagleraugum til að geta þjónustað fólk með ólíkar þarfir, til dæmis ef einhver kemur með sjaldgæfa sjónskekku eða annað slíkt. „Þetta hef ég náð að þróa á löngum tíma,“ segir Kjartan.



KJARTAN KRISTJÁNSSON

Það lá náttúrlega ekki fyrir hvernig viðskiptavinurinn myndi bregðast við í flugstöð þar sem verslunarumhverfið er allt öðruvísi.

Kjartan segir að enn séu það aðallega Íslendingar sem kaupi gleraugu í versluninni en útlendingum fari þó fjölgandi. „Útlendingar, þar vil ég nefna Asíubúa, eru að flykkjast til okkar. Þeir kaupa merkjavöruna en svo hafa Skandinávar áttað sig á því hvað það er miklu hagstæðara fyrir þá að versla við okkur heldur en í heimalandi sínu,“ segir Kjartan.

jonhakon@frettabladid.is



Í FLUGSTÖÐINI Optical Studio er fyrsta verslunin sem tekur til starfa í flugstöðinni. Endurbætur halda áfram.

SEX VERSLANIR STARFA ÁFRAM

Um fjórar milljónir farþega fóru um Keflavíkflugvöll árið 2014. Það er mat stjórnenda Isavia að endurhönnun flugstöðvarinnar og útböð verslunar- og veitingasvæðis hafi verið nauðsynlegt til þess að mæta auknum farþegafjölda á flugvelli. Breytingarnar og uppbyggingin muni fjölga störfum á Keflavíkflugvelli verulega sem og auka tekjur á friðhafnarvæðinu.

Sex verslanir og einn veitingastaður, sem áður voru á svæðinu, voru valin í forvali til þess að halda áfram rekstri en við bætast tvær nýjar verslanir og fjórir veitingastaðir. Verslanirnar 66°N, Bláa lónið, Elko, Eymundsson, Optical Studio og Rammagerðin munu allar halda áfram starfsemi. Við bætast tískuvörverslun með þekkt erlend vörumerki ásamt íslenskrri hönnun og sælkeraverslunin Nord. Fjórir nýir drykkjar- og matsölustaðir verða opnaðir á friðhafnarvæðinu, staðirnir Mathús, Loksins bar, Segafredo og Joe and the Juice.

TÖKUM GAMLA PRENTARA UPP Í NÝJA EPSON PRO FYRIR 20.000 KRÓNUR!

ALLT AÐ 50% LÆGRI PRENTKOSTNAÐUR



69.990
~~VERÐ 89.990~~

29.990
~~VERÐ 49.990~~

49.990
~~VERÐ 69.990~~

EPSON

WorkForce Pro



SKOÐA BÆKLING

LOSADU FYRIRTÆKIÐ VIÐ ÓHAGKVÆMA PRENTARA

Það er ekki verðið á prentaranum sem skiptir mestu máli, heldur kostnaðurinn við að reka hann. Ódýrustu prentararnir eru yfirleitt dýrastir þegar upp er staðið. Komdu með gamla og óhagkvæma prentara til okkar og leyfðu okkur að farga þeim við hátíðlega athöfn. Í staðinn færðu glænýjan Epson Workforce Pro með 20.000 króna afslætti, nýjustu tækni og getur lækkað prentkostnað um allt að 50% í samanburði við vinsæla laserprentara. Sparnaður sem getur numið hundruðum þúsunda hjá fyrirtækjum sem prenta mikið.

Nánari upplýsingar í s. 414-1710 og sala@tl.is

tl.is

**TÖLVU
LISTINN**

FYRIRTÆKJAFJÓNUSTA

Umræðan snýst ekki bara um Evrópusambandið:

Að lofa upp í ermina á sér

Ég er þannig úr garði gerður að ég hef alltaf átt auðvelt með að mynda mér skoðanir á hlutum og verið fljótur að því. En þar eru undantekningar. Ég get ómögulega gert upp við mig hvort ég eigi að styðja aðild Íslands að Evrópusambandinu eða ekki. Þar vegast á of miklir hagsmunir og of mörgum álitamálum er enn ósvarað. Fyrir mér snúast hagsmunirnir þó fyrst og fremst um gjalddeyrismál. Hagsmunirnir af því að hafa krónuna og þann sveigjanleika sem fylgir henni vegast á við hagsmuni af því að nota sama gjaldmiðil og okkar helstu viðskiptalönd nota.

Á þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar sem kynnt er á vef stjórnarráðsins kemur fram að Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra gerði ráð fyrir því að lögð yrði fram þingsályktun sem fæli í sér að aðildarumsóknin yrði afturkölluð.

Ég hafði vonast til þess að ekkert yrði úr því að slík tillaga yrði lögð fram. Stærsta ástæðan var sú að á sömu þingmálaskrá voru mál sem ég taldi að skiptu meira máli fyrir þingið að yrðu afgreidd. Þingmál um framtíð húsnæðiskerfisins, þingmál um heildarendurskoðun Seðlabankans og fleira og fleira. Mér þótti líka óskynsamlegt að leggja fram slíka tillögu í ljósi þeirrar sundrunar sem sambærilegt þingmál leiddi af sér í þinginu fyrir ári. Og með þá staðreynd til hliðsjónar að slík ákvörðun er úr öllum takti við þau fyrirheit sem voru gefin í aðdraganda síðustu kosninga.

Þess vegna kom það verulega á óvart að forystumenn ríkisstjórnarinnar skyldu ganga skrefinu lengra og gera tilraun til þess að afturkalla umsóknina án þess þó að spyrja þing eða þjóð álits. Og hvað sem hver segir þá var bréf utanríkisráðherra í síðustu viku ekkert annað en tilraun til þess. Rök um að bréfið hafi verið sent í þeim tilgangi að skerpa á þeirri afstöðu ríkisstjórnarinnar að hún hygðist ekki stuðla að frekari framgangi aðildarumsóknarinnar halda ekki vatni. Viðkomandi stofnunum Evrópusambandsins var fullkomlega kunnugt um þá afstöðu og það þurfti ekkert að skerpa á henni.

Forystumenn ríkisstjórnarinnar geta réttlætt háttalag sitt með ýmsum hætti. Þeir geta vísað í eigin sannfæringu og sagt að þeim hugnist ekki aðild að Evrópusambandinu. Þeir geta líka sagt að það sé ekki meirihlutavilji fyrir því á meðal þjóðarinnar að ganga í Evrópusambandið og því sé tilgangslaus að halda umsóknarferlinu til streitu. Og þeir geta líka byggt málfutning sinn á ályktunum eigin flokksstofnana þar sem lagst er gegn aðild að Evrópusambandinu. Allt þetta skiptir máli fyrir umræðuna.

En hver sem réttlætningin yrði þá er jafn ljóst að í aðdraganda kosninga var kjósendum gefið loforð um það að ekkert yrði aðhafst varðandi aðildarumsókn að Evrópusambandinu nema að undangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu. Og það er áhyggjuefni þegar áhrifamestu menn í stjórn máluum virða slík loforð ekki. Ég er því þeirrar skoðunar að umræðan á liðnum dögum um aðildarumsóknarferlið sem lagt var af stað með árið 2009 snúist minnst um það hvort rétt sé að Ísland gerist aðili að Evrópusambandinu. Hún snýst einfaldlega um heilindi. Hún snýst um það að stjórn málamenn, hvar í flokki sem þeir standa, gefi ekki loforð fyrir kosningar sem þeir sjálfir vita að þeir geta ómögulega staðið við þegar á reynir. Jafnvel þótt því kunni að fylgja ávinningur til skamms tíma.

En hver sem réttlætningin yrði þá er jafn ljóst að í aðdraganda kosninga var kjósendum gefið loforð um það að ekkert yrði aðhafst varðandi aðildarumsókn að Evrópusambandinu nema að undangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu. Og það er áhyggjuefni þegar áhrifamestu menn í stjórn máluum virða slík loforð ekki. Ég er því þeirrar skoðunar að umræðan á liðnum dögum um aðildarumsóknarferlið sem lagt var af stað með árið 2009 snúist minnst um það hvort rétt sé að Ísland gerist aðili að Evrópusambandinu. Hún snýst einfaldlega um heilindi. Hún snýst um það að stjórn málamenn, hvar í flokki sem þeir standa, gefi ekki loforð fyrir kosningar sem þeir sjálfir vita að þeir geta ómögulega staðið við þegar á reynir. Jafnvel þótt því kunni að fylgja ávinningur til skamms tíma.

Nær annar hver maður án atvinnu í Kosovo



Í SÁRRI FÁTÆKT Kosovo er fátækasta héraðið í suðausturhluta Evrópu. Um það bil 40-45 prósent af vinnuaflinu eru án atvinnu, samkvæmt tölum Alþjóðabankans. Kosovo-Albaninn á meðfylgjandi mynd var á mánudaginn í óðaönn að smíða landbúnaðarverkfæri í bænum Pristina.

NORDICPHOTOS/AFP



Markaðshornið

Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@frettabladid.is

Það er áhyggjuefni þegar áhrifamestu menn í stjórn máluum virða slík loforð ekki.

Er um við tilbúin fyrir næstu iðnbýltingu?



Skóðun
Guðrún Hafsteinsdóttir,
formaður Samtaka
iðnaðarins.

Í síðustu viku héldu Samtök iðnaðarins sitt árlega Iðnþing undir yfirskriftinni „Er um við tilbúin fyrir næstu iðnbýltingu?“ Fólk úr íslensku atvinnulífi fjölmennti til að ræða margvísleg hagsmunamál iðnaðar en sérstök kastljósi var beint að menntun, nýsköpun og framleiðni.

Menntun er forsenda bættra lífskjara og vel menntuð þjóð leggur grunn að góðum efnahag. Á Iðnþingi beindum við sérstaklega sjónum okkar að iðnmenntun en undanfarin ár hefur þeim stöðugt fækkað sem velja iðnnám. Við höfum beint fólk í hefðbundið bóknám í stað þess að fagna fjölbreytileikanum og draga fram kosti alls náms. Iðnnám er raunverulegur valkostur sem býður upp á fjölbreytt og spennandi störf til framtíðar. Verk- og hugvit verða að fara

saman. Hér gegnum við foreldrar mikilvægu hlutverki. Ég, eins og svo margir foreldrar, hélt að syni mínum þeirri hugmynd að bóknám væri til alls fyrst þótt hann sýndi ótvíræða hæfileika og mikinn áhuga á verklegum greinum. Hann fór að ráðum móður sinnar í fyrstu en saman ákváðum við svo að láta hugmyndir mínar um örugga framtíð lönd og leið og síðan þá hefur margt breyst til hins betra. Í dag á ég son sem hefur brennandi áhuga á námi sínu á iðnbraut. Hann er glaður, áhugasamur einstaklingur sem á framtíðina fyrir sér og hefur ekki síður góða tekjumöguleika en félagar hans sem ákváðu að leggja stund á hefðbundið bóknám.

Nýsköpun styrkir framþróun. Þau samfélög sem skara fram úr eru þekkingarsamfélög sem ýta undir rannsóknir og þróun og efla menntun. Samfélög þar sem fólk er hvatt til að skapa og sjá tækifæri til breytinga. Í því felst nýsköpun. Íslensk fyrirtæki standa sig vel í alþjóðlegum samanburði og umhverfi nýsköp-

unar er á margan hátt gott en við getum og viljum gera betur. Til þess að verða leiðandi á sviði nýsköpunar þurfum við að hlúa sérstaklega vel að nýjum hugmyndum og gæta þess að hér séu kjöraðstæður fyrir fyrirtæki að vaxa og dafna.

Aukin framleiðni er grunnur verðmætasköpunar. Það eru sameiginlegir hagsmunir okkar sem þjóðar að vinna að aukinni framleiðni sem hefur svo margföldunaráhrif inn í samfélagið í formi tekjuafgangs og verðmætasköpunar. Aukin afköst og hagræðing í rekstri hefur ekki einungis áhrif á eigendur fyrirtækja heldur einnig starfsmenn. Landsframleiðsla á hverja unna vinnustund er undir meðaltali OECD ríkja en við vegum það upp með löngum vinnutíma. Í þessu felst tækifæri fyrir atvinnurekendur og launþega til umbóta.

Með menntun, nýsköpun og aukna framleiðni að leiðarljósi sköpun við gott umhverfi sem gerir Ísland aðlaðandi fyrir fólk og fyrirtæki. Ert þú tilbúin í slíka iðnbýltingu?

Ertu verktaki eða launþegi?

Hin hliðin

Vala Valtýsdóttir sviðs-
stjóri skatta- og lögfræðingur
sviðs Deloitte, lögfræðingur



Nú um þessar mundir þurfa einstaklingar að fara að huga að hinni árlegu skattframtalsgerð. Oft hafa fyrirtæki samið við einstaklinga um að þeir séu verktakar hjá viðkomandi en ekki launþegar. Hér þurfa menn að staldra við því að það er ekki á þeirra valdi að ákveða hver skattaleg staða þeirra er, þ.e. hvort þeir eru skattlagðir sem verktakar eða launþegar. Skattfyrirvöld hafa ríkar heimildir til að meta starfssambandið og skattleggja eftir því hvort þau telja vera um að ræða. Veru-

legur munur er á því hvort einhver teljist launþegi eða verktaki. Verktaki hefur með höndum sjálfstæða starfsemi. Hann hefur mikið frjálsræði í sínum störfum og ræður t.d. innan vissra marka hvenær hann vinnur verkið og hvort hann vinnur það einn eða með öðrum.

Alla jafna er frekar einfalt að kanna hvort einhver sé verktaki eða launþegi. Þau atriði sem benda til þess að frekar sé um að ræða launað starf en verktaka eru til dæmis; að viðkomandi beri engan kostnað af verkinu/starfsemi; starfsstöð hans er hjá verkkaupa sem skaffar honum þau tæki og tól sem hann þarf til að vinna verkið; hann vinnur fyrir einn eða fáa verkkaupa og fær greidda þóknun þegar hann tekur orlof og í veikindum. Hér skiptir

ekki máli hvort einstaklingurinn fær greitt fyrir verkið beint eða í gegnum félag.

Ef einstaklingur hefur fengið greitt fyrir starf sitt sem verktaki en staða hans er í raun eins og um launþega sé að ræða þá geta skattfyrirvöld endurákvæðað skatta viðkomandi. Þá má gera ráð fyrir að skattfyrirvöld hafni föllum kostnaði og stofni til greiðslu skatta hækki sem því nemur. Ef viðkomandi „verktaki“ hefur verið skráður á virðisaukaskattsskrá og innheimt virðisaukaskatt má gera ráð fyrir að skattfyrirvöld hafni öllum innskatti „verktakans“ þar sem ekki verður talið að hann hafi með höndum sjálfstæða starfsemi.

Auk þessa má gera ráð fyrir að skattfyrirvöld taki upp skattskil

verkkaupans þannig að innskatti verkkaupa af reikningum „verktaka“ verði hafnað. Jafnframt má ætla að skattfyrirvöld leggi trygg-ingagjald á „laun“ verktakans. Auk þess bera verkkaupinn (launagreiðandinn) og verktakinn (launþeginn) sameiginlega ábyrgð á vangreiðdri staðgreiðslu skatta.

Að telja rangt fram í þá veru sem hér hefur verið tæpt á getur haft verulegar fjárhagslegar afleiðingar fyrir „verktakann“ og „verkkaupann“. En þar með er ekki öll sagan sögð. Samningssambandið getur líka valdið fjárhagslegu tjóni í öðrum tilvikum eins og t.d. ef verktakinn slasast við störf og hefur ekki sjálfur tryggt sig eins og almennt er skylt ef viðkomandi hefði verið launþegi verkkaupa.



Við gerum atvinnulífið viðburðaríkara

Practical og Congress Reykjavík hafa nú sameinað krafta sína undir merkjum **CP Reykjavík**. Við erum frísklegt og skapandi þjónustufyrirtæki sem skipuleggur **viðburði, ferðir og ráðstefnur** fyrir innlenda og erlenda viðskiptavini.

cp
REYKJAVÍK

RÁÐSTEFNUR / VIÐBURDIR / HVATAFERÐIR

www.cpreykjavik.is

24 VÉLAR

Icelandair fjölgar 757-300

Á árinu 2015 verða 23 Boeing 757-200 flugvélar í rekstri Icelandair sem taka 183 farþega og ein 757-300 flugvél sem tekur 220 farþega. Af þessum 24 flugvélum eru 22 í eigu félagsins en tvær á leigu og verður þeim skilað næsta haust. Tekin hefur verið ákvörðun um að leysa þær af hólmum með tveimur Boeing 767-300 vélum sem taka um 260 farþega.

13.03.2015 Það er ekki hægt að brjóta lög um fund í utanríkismálanefnd og neita mönnum um þingfund en bjóða síðan í partí í staðinn. Þetta er einfaldlega þannig að við þurfum að einbeita okkur að því að verja fullveldi Alþingis og koma í veg fyrir að ríkisstjórnin spilli samskiptum okkar við Evrópusambandið með varanlegum hætti.

Helgi Hjörvar þingmaður Samfylkingarinnar



23 FLUGFÉLÖG

Spá minni sveiflum

Alls 23 flugfélög hafa fengið úthlutað stæði á íslenskum flugvöllum í sumar en ferðatímabil þeirra og tíðni er þó misjöfn. Á grundvelli þessara gagna gerir Greining Íslandsbanka ráð fyrir að ferðamönnum til landsins, sem fljúga í gegnum Keflavíkflugvöll, fjölgi um 23 prósent milli árána 2014 og 2015. Greining Íslandsbanka segir að stæðatölur bendi til þess að enn muni draga úr árstíðasveiflum í komum til landsins.

222.000 TONN

Aflinn eykst á milli ára

Heildaraffli íslenskra fiskiskipa var rúm 222 þúsund tonn í febrúar, sem er ríflega 120 þúsund tonnum meiri afli en í febrúar árið áður. Munar þar helst um aukinn loðnuafli en tæp 180 þúsund tonn veiddust af loðnu í febrúar samanborið við tæp 56 þúsund tonn í febrúar 2014.

STJÓRNAR- MAÐURINN

Hinn grái hversdagsleiki

Þegar Evrópusambandið ber á góma verða alltaf hróp og köll. Það er furðulegt sökum þess, að um er að tefla fyrirbæri sem er alltumlykjandi. Við kaupum mest af okkar neysluvarningi frá ESB og seljum lungann af framleiðslu okkar þangað. Ferðamenn þaðan fylla margar flugvélar dag hvern og við heimsækjum Evrópu í stórum hópum. Þetta ætti að vera uppspretta skapandi skoðanaskipta um samneytið við þetta fólk. En það er öðru nær.

ÞVÍ SKAL þó ekki haldið fram með nokkurri vissu, að við eigum heima í ESB. Þetta gjöfuga samneyti á sér stað án þess að við séum þar innanborðs. Við einfaldlega vitum ekki með vissu hvað myndi breytast í þessari sambúð fyrr en samningur liggur á borðinu. Raunar ekki alveg fyrr en við stökkvum á vagninn – ef svo ólíklega fer.

SUMIR eru með allt á hreinu og útlísta kostina og gallana eins og stilltir á sjálfstýringu. En við höfum lært, að það eru einmitt þeir sem eru með allt á hreinu, sem óvarlegt er að treysta. Hversdagsleikinn er grár. Myndir í svörtu eða hvítu eru iðulega falskar.

JÓN GNARR og Píratar eru sennilega þeir íslensku pólitíkusar (ef rétt er að nota það orð) sem hafa mestan meðbyr þessa dagana.

GNARR og sjóræningjarnir eiga það sameiginlegt að vera ekki hluti af æfðum kór með fjölföldu nótnablöð frá flokkskontór, sem hefur látið finna út hvaða söngur hljómar best í kosningaslag. Þau leyfa sér þann mun að nálgast málin, klóra sér í hausnum og leita svara fyrir opnum tjöldum. Fylgiskannanir sýna að æ fleiri kjósendur kunna að meta slík vinnubrögð.

PANNIG á að nálgast deiluna um ESB og útkljá hana. Safna saman öllum upplýsingum í eitt plagg – samningsdrög. Hvert og eitt getum við svo tekið afstöðu til staðreyndanna. Andstæðingar aðildar ættu ekki að þurfa að óttast. Þar fara stórir strákar og stelpur. En skoðanaskiptin eiga að byggjast á því sem fyrir liggur, ekki getgátum.

ÍSLENDINGAR vilja ekki ganga í ESB samkvæmt fylgismælingum. En þjóðin vill vita um hvað er að tefla. Þess vegna er grunsamlegt hvað andstæðingar aðildar eru ákafir í málflutningi sínum. Óttast þeir að í samningsdrögum leynist eitthvað sem breyti afstöðu fólks – eitthvað sem er heildinni hagfelld en þrengri hagsmunum óhagfelld? Spyr sá sem ekki veit.

VÖNDUÐ SKRIFSTOFUHUÐSGÖGN

Á MIKLU BETRA VERÐI

PRIMA SKRIFBÖRD
120x80cm eða 150x90cm
Með eða án rafmagnsstöta
Til í hvítu, beyki, hlyn,
kirsuberja, gráu og eik.
Verð frá kr. 34.200,-

ALU BASIC SKRIFBÖRÐSSTÓLL
Blát, grár eða svartur
Verð kr. 53.800,-

TOP-PRO SKRIFBÖRÐSSTÓLL
Blát, grár, svartur
eða rauður
Verð kr. 29.900 kr,-

SITNESS 20 HEILSUKOLLUR
Rauður, fjólublár, blár,
appelsínugulur, ljósgrænn,
grænn, gulur, grár og svartur
Verð kr. 42.700,-

PRIMA MÖPPUHILLUR
Breidd 89cm
Dýpt 40cm
Hæð: 113cm,
185,5 eða 221,5 cm
Opnir eða með
hurðum/skúffum
Til í hvítu, beyki, hlyn,
kirsuberja, gráu eða eik.
Verð frá kr. 29.800,-

Hirzlan
Smíðsbúð 6, 210 Garðabæ, Sími 564 5040
www.hirzlan.is

Topstar tvilum

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

BÓKHALD, UPPGJÖR, RÁÐGJÖF, SKATTFRAMTÖL.
Tek að mér bókhald og uppgjör fyrir fyrirtæki, einstaklinga og húsfélög. Heildarlausnir, Theódór S. Halldórsson, Sími 896 2818

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðafl. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald



- Gluggaskipti
- Glerskipti
- Þakviðgerðir
- Sólpallar
- Sumarhúsaþmá
- Ísmæringar
- Gífsveggir
- Parketlög
- Nýbyggingar
- Öll trésmíði

Smíðaverktakar
smidaverktakar@gmail.com
777-07-09 • 869-59-27

VIÐHÁLD
fasteignaviðgerðir

Viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.

- múrviðgerðir
- þakviðgerðir
- málningarvinnu
- trésmíðavinnu
- gluggaskipti
- glerskipti
- pipulagnir
- flisalagnir
- jarðvinna
- hellulagnir
- álkæðningar

Sími 567 6699
vidhald@vidhald.is
www.vidhald.is



K2
LÖFTSTONNAHEIMISUN

Við hreinsum allar gerðir lofttræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu frjá ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR.
Viðgerðir, flötun og flisal. Vönduð vinnu Tilb./tímav. S. 899-4254

Spádómar

KÆRLEIKS-LJÓSID
Spámiðill Tarot lestur og kristalkúla
VISA 566 7311
Tímaband: síma 8694650

SPÁSÍMINN 908 5666

Stjörnuspa. Tarot. Ársspa. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

Raflagnir Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggitur rafverktaki
www.raflagnir.is

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Þjóðum hagstætt verð í töfluskripti. Straumblik ehf. Löggitur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Önnur þjónusta

FATABREYTINGAR ÁRNI GÆRDBO KLÆÐSKERI

Allar fatabreytingar og viðgerðir.

Skiptum um rennilása.

Fljót og góð þjónusta.

Opið alla virka daga frá kl. 10-12 & 13-16.

Geymið auglýsinguna.

Skraddarinn á Horninu, Skúlagata 26

Sími 861 4380.

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
Börn eiga rétt á vernd gegn eldri.

KEYPT & SELT

Til sölu

Vandaðir leiðiskrossar og skilti, einnig púlt og skilti á dyrleiði.
www.skiltiogmerkingar.is
Sendu þitt um allt land. Sjá heimasíðu.



Ungnautakjöt beint frá býli. Nýjung minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204.

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldreyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

Jón og Óskar - jonogoskar.is

s. 552-4910.

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERKI!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is

Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)

Upplýsingar í síma 661 7000

Til bygginga



HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS

Vatnsklæðning, panill, pallaefti, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðaróli. Indus ehf, Öseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í sínum 660 0230 og 561 1122.

HEILSA

Nudd

TANTRA NUDD

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og aksturmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

TIL LEIGU Á AÐEINS 950 KR FM!

165 - 280 fm bíl með allt að 10 m lofthæð, stórar innkeyrsluhurðir, góð malbikuð lóð og greið aðkoma.

Nánari upplýsingar gefur Sværrir í s 661-7000

WWW.LEIGUHERBERGI.IS

Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smíðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 47.500 á mán. Rent a room price from 47.500 kr. per month.

gsm 777 1313

leiga@leiguherbergi.is

Húsnæði óskast

35 ára kk, með 17 ára son og smáhund óskar eftir íbúð ekki undir 110fm, hæð, einbýli eða radhúsi á höfuðborgarsv. Greiðslugeta upp að 270 þús á mán. Er með góð meðmæli ef óskað er. Uppl. í s. 772 9366

Atvinnuhúsnæði

Óska eftir snyrtilegu húsnæði í Hafnarfirði eða Garðabæ. Skrifstofu eða iðnaðarbil. 40-60fm uppl. í s: 777-9191

Geymsluhúsnæði

GEYMSLURTILLEIGU.IS

Nýjar sérhannað 300 geymslur, stærðir 1,7-7,2 fm. Opnunartilboð: Fyrsti mánuðurinn frír. Aðgangur 24 tíma sólarhrings, upphitað og vaktað. Smíðjuvegur 4 Kópavogi. S: 4143000.

GEYMSLULAUSNIR.IS

Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

GEYMSLUR.COM

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS

Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

Gisting

Gisting í Reykjavík 11.000 kr nóttin. Uppl. í síma 7770122

ATVINNA

Atvinna í boði



SÓMI

Óskum eftir að ráða bílstjóra til starfa, viðkomandi þarf að geta byrjað strax, vera yfir 20 ára, frískur, stundvís, reglusamur og með góð meðmæli. Vinnutími er frá ca 05.00 - 12.00.

Tekið er á móti umsóknum á staðnum og á somi@somis.is

fasteignir

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

Langalína 11 Garðabæ
Eignin verður til sýnis frá kl. 17.15 – 17.45

OPIÐ HÚS



123,9 fm. 3ja herbergja íbúð á 1. hæð í vönduðu fjölbýlishúsi auk sér bílastæðis í lokaðri og upphitaðri bílageymslu. Frábær staðsetning við opið svæði. Fallegar samstæðar innréttingar úr eik. Filt teppi og flisar á gólfum. Mjög stórir og bjartir gólfíðir gluggar í stofu. Góðar flisalagðar vestur svalir. Góð 7 fermetra geymsla á hæðinni. Verð 37,9 millj. Íbúð merkt 0104. Verið velkomin.

tilkynningar

Furugrund 3 - Breytt landnotkun Breyting á Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024

Til kynningar er tillaga að aðalskipulagsbreytingu, sbr. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar breytta landnotkun Furugrunda 3. Breytingin nær til reits VP-5 (Furugrund 3) þar sem breyta á verslun og þjónustu í íbúðarbyggð. Breyta á núverandi húsnæði að Furugrund 3 þannig að risþak verður fjarlægð og í staðinn bætt við nýrri hæð fyrir íbúðir. Í kjallara verður áfram gert ráð fyrir verslun og þjónustu þannig að hlutföll verða 1/3 verslun- og þjónustu og 2/3 íbúðir. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:10.000 ásamt greinargerð dags. í mars 2015. Áformað er að auglýsa ofangreinda aðalskipulagsbreytingu á næstunni í samræmi við 31. gr. skipulagslaga.

Á fundi skipulagsnefndar 16. mars sl. var samþykkt að forkynning á tillögunni stæði til kl. 15:00 mánudaginn 13. apríl 2015. Skulu athugasemdir og ábendingar um efni tillögunar berast skriflega skipulags- og byggingardeild Umhverfissviðs, Fannborg 6, 200 Kópavogi eða í netfangið skipulag@kopavogur.is fyrir þann tíma.

Nánari upplýsingar um tillöguna má finna á heimasíðu bæjarins, www.kopavogur.is sem og í afgreiðslu skipulags- og byggingardeilda í Fannborg 6, 2 hæð frá kl. 8:30 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá kl. 8:30 til 15:00.

Skipulagsstjóri Kópavogs



Kópavogsbær

kopavogur.is

EIGNAMIÐLUN

Sala fasteigna frá Elsta starfandi fasteignasala landsins

1957

Gvendargeisli 48 - íbúð 0103 m. bílageymslu



Glæsileg 3ja herbergja 121,3 fm íbúð á jarhæð í mjög góðu litlu fjölbýlishúsi ásamt stæði í bílageymslu. Sérinnangangur. Sérvernd afgirt. Góðar innréttingar, parket. Tvö svefnherbergi og mjög rúmgóð stofa/ borðstofa. Einstaklega góð staðsetning. Stutt í skóla, leikskóla og ágætis þjónustu. Laus við kaupsamning. Verð: 34,5 millj.

Eignin verður sýnd í dag miðvikudag frá kl. 17:15 – 17:45

588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík



20:05

MARGRA BARNA MÆÐUR

Vandaður íslenskur þáttur þar sem sjónvarpskonan Sigrún Ósk Kristjánsdóttir hittir konur sem eignast hafa fleiri börn en gengur og gerist í dag, fylgist með heimilslífinu og forvitnast um hvernig hlutirnir ganga fyrir sig á stórum heimilum.

SUDOKU

LÉTT

4				2	7		3
	3				8		6
		9			1	2	4
9	4			7	3		
	5	6	8				
			9				
		7	4			2	9
1						7	8
3	2	8	1	9	6		

LÉTT

MIDLUNGS

					6		4
	2	3	4	5	9	1	
9	6			1		2	
7	8	6				3	2
1						4	8
		2			1		6
	3				2		1
	5						3
	7	9					

MIDLUNGS

PUNG

						8	3	1
5	7						6	
	8		6	4				7
	6				7			
			4	5	9			
9		5		2				3
	1							6
				3	5			
4	7							

7	9	4	5	3	1	2	8	6
1	6	2	7	8	4	5	9	3
5	3	8	9	6	2	4	7	1
6	7	3	4	1	5	9	2	8
8	1	5	6	2	9	3	4	7
4	2	9	8	7	3	1	6	5
9	4	7	1	5	8	6	3	2
2	8	1	3	9	6	7	5	4
3	5	6	2	4	7	8	1	9
8	6	1	4	7	2	5	9	3
7	9	2	3	5	1	4	6	8
3	5	4	6	8	9	7	2	1
2	3	7	5	4	8	6	1	9
9	1	5	7	2	6	8	3	4
6	4	8	9	1	3	2	7	5
1	2	3	8	6	5	9	4	7
5	7	6	1	9	4	3	8	2
4	8	9	2	3	7	1	5	6
8	1	4	9	2	5	7	3	6
9	5	6	8	3	7	4	2	1
1	6	7	3	5	9	2	4	8
2	3	9	7	8	4	6	1	5
4	8	5	1	6	2	3	9	7
5	4	1	2	9	6	8	7	3
6	9	3	4	7	8	1	5	2
7	2	8	5	1	3	9	6	4

LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

Prautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Myndasögur

PONDUS



Eftir Frode Øverli

GELGJAN



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

BARNALÁN



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

FJÖLBREYTT MIÐVIKUDAGSKVÖLD!

Fáðu þér áskrift á 365.is

365

20:30

GREY'S ANATOMY

Vinsælir dramaþættir sem fjalla um flókið einkalíf læknanna á Grey-Sloan spítalanum í Seattle-borg.



21:15

TOGETHERNESS

Vandaðir gamanþættir um tvö pör sem búa undir sama þaki en þurfa að láta sambúðina ganga upp með öllum sínum upþákomum.



21:45

BONES

Stórskemmtilegir þættir þar sem fylgst er með störfum Dr. Temperance Brennan, réttarmeinafræðings.



22:00

GHOST RIDER: SPIRIT OF VENGEANCE

Spennumynd um hörkutólið Johnny Blaze með Nicolas Cage í aðalhlutverki.



22:00

GAME OF THRONES

Einn þáttur sýndur hvern virkan dag fram yfir páska þar til ný sería birtist á Stöð 2.



19:00

ARTHÚR 2

Gullfallegt og spennandi ævintýri um Arthúr sem snýr aftur í heim Mínimóanna með ömmu sinni.



SPAKMÆLI DAGSINS

„Ef þú vilt koma í veg fyrir að vera gagnrýndur, þá skaltu ekkert gera, ekkert segja og ekkert vera.“
Jóhannes Sv. Kjarval.

SKÁK

Gunnar Björnsson Dagur Ragnarsson (2.347) hafði hvítt gegn Mikaeli Jóhanni Karlsyni (2.138) á Reykjavíkurskák-mótinu í gær. Hvítur á leik



25. Hxf6! gxf6 26. Dg3! Kf8 27. Dh4! Ke7? (styttr dauðastríðið) 28. Rf5+! og svartur gaf enda óverjandi mát eftir 28....exf5 29. Bxf6+ Ke6 30. exf5+ Kxf5 31. Dg5+ Ke6 32. He1. www.skak.is Lokaumferðin hefst kl. 11.

KROSSGÁTA

LÁRÉTT
2. spjall, 6. í röð, 8. fæða, 9. sjáðu, 11. til, 12. sett, 14. hæ, 16. skst., 17. nagdýr, 18. skip, 20. haf, 21. tútta.

LÓÐRÉTT
1. gáski, 3. samtök, 4. skordýr, 5. óskaði, 7. hvasst horn, 10. munda, 13. angan, 15. slagæð, 16. á nefi, 19. kvað.

LAUSN
LÁRÉTT: 2. rabb, 6. rs, 8. ala, 9. sko, 10. kú, 11. ósæð, 12. íttíð, 13. ílm, 14. hallíð, 15. snúð, 16. ör, 17. hálíð, 18. ör, 19. ör, 20. ör, 21. snúð.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

KROSSGÁTA

LÁRÉTT
2. spjall, 6. í röð, 8. fæða, 9. sjáðu, 11. til, 12. sett, 14. hæ, 16. skst., 17. nagdýr, 18. skip, 20. haf, 21. tútta.

LÓÐRÉTT
1. gáski, 3. samtök, 4. skordýr, 5. óskaði, 7. hvasst horn, 10. munda, 13. angan, 15. slagæð, 16. á nefi, 19. kvað.

LAUSN
LÁRÉTT: 2. rabb, 6. rs, 8. ala, 9. sko, 10. kú, 11. ósæð, 12. íttíð, 13. ílm, 14. hallíð, 15. snúð, 16. ör, 17. hálíð, 18. ör, 19. ör, 20. ör, 21. snúð.

Góð
þjónusta og
hagstæð verð
á skoðunum
um allt land

Klikkaðu ekki á skoðun!

Vertu tilbúinn að takast á við
vetrarfærðina á nýskoðuðum bíl



FRÍTT
WI FI OG
RJÚKANDI
GÆÐA KAFFI



ÖRUGG BIFREIÐASKOÐUN
UM ALLT LAND



Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is



MENNING

SYSTKININ
Guðrún og Snorri halda uppi stuði með dönsurum í dag.



Kynda undir vorið með tangótónum

Systkinin Snorri og Guðrún Birgisdóttir leika tangólög á hádegistónleikum í Salnum.

Guðrún Birgisdóttir flautuleikari og Snorri Birgisson píanóleikari flytja eldheita tangótónlist í Salnum í hádeginu í dag. Auk tónlistarinnar munu Svanirnir tveir, Svanhildur Valsdóttir og Svanhildur Óskarsdóttir, stíga dunandi dans. Má því gera ráð fyrir

einstakri stemningu. Á dagskrá eru lög Histoire du tango eftir Astor Piazzolla, Milonga de mis amores eftir Pedro Laurenz, Arrabalera eftir Francisco Canaro og La trampera eftir Anibal Troilo.

Þetta eru síðustu hádegistón-

leikar vetrarins í röðinni Líttu inn í hádeginu sem hóf göngu sína haustið 2012 undir listrænni stjórn Guðrúnar Birgisdóttur. Þeir hefjast klukkan 12.15 og standa yfir í hálf tíma. Tónleikagestum er boðið upp á kaffi og te fyrir tónleikana.

-gun

Breytti lögunum og bætti inn djóki

Stutt verður í glensíð á tónleikum Sætabrauðsdrengjanna í Salnum 20. og 21. mars þar sem ljúflingslög Fúsa Halldórs hljóma ásamt Hæ Mambó og fleiri slögurum. Halldór Smárason hefur útsett lögina á sinn hátt og leikur með.

„Við verðum á léttum nótum með tónlist sem allir þekkja en ég fékk frjálshendur, breytti lögunum dálítið og bætti inn alls konar djóki,“ segir Halldór Smárason tónlistarmaður. Hann leikur með söngvurunum Garðari Thór Cortes, Gissuri Páli Gissurarsyni, Bergþóri Pálssyni og Viðari Gunnarssyni í Salnum á föstudag og laugardag klukkan 20. Þeir kalla sig Sætabrauðsdrengina og þeir sem hlýddu á jólatónleikana þeirra í vetur vita að þar er þéttur hljómur við fjórugar útsetningar í fyrirrúmi.

Halldór er að vestan svo ekki kemur á óvart að þar fari fjölbreytt músíkant, enda fæst hann við allt í senn, nútíma-tónsmíðar, klassík, djassútsetningar og spilamennsku, bæði

Þó um hellings vinnu hafi verið að ræða þá er þetta aðallega gott hópefli sem endar á því að koma fram og gleðja fólk

eftir nótum og eyranu. Hann getur því verið að semja nútímatónlist fyrir einhvern í Manchester einn daginn og spila fyrir dansi á árhátíð næsta dag. En hvar uppgötvuðu Sætabrauðsdrengirnir hann? „Það var hringt í mig þegar ég var 15 eða 16 ára og ég var beðinn að spila með Bergþóri Páls á tónleikum á Hótel Ísafirði. Ég var voða feiminn við það, alger krakki, en sló samt til og árin eftir það spilaði ég nokkrum sinnum með honum, bæði fyrir vestan og meðan ég var við nám í Listaháskólanum. Svo seig ég inn í þetta samstarf við Sætabrauðsdrengina í haust, þá var stefnan tekin á jólaþrógramm og við skemmtum okkur alveg konunglega. Það er svipað uppi á teningnum núna nema nú eru það dægurlagatónleikar. Við ákváðum lög og ég dembdí mér í nýjar útsetningar.“

Halldór kveðst eiga von á góðri skemmtun í Salnum miðað við hvernig æfingarferlið hafi verið. „Það stefnir í rosa partí sem getur ekki klikkað. Þetta eru svo skemmtilegir strákar og það hefur verið fáránlega gaman á hverri æfingu. Þó um hellings vinnu hafi verið að ræða þá er þetta aðallega gott hópefli sem endar á því að koma fram og gleðja fólk.“

gun@frettabladid.is



FERILL HALLDÓRS

Halldór Smárason hefur verið í tónlistarnámi frá sex ára aldri. Byrjaði á Ísafirði, fór í BA-nám í tónsmíðum við Listaháskólann, síðan beint í MA-nám í New York í tvö ár og lauk því vorið 2014.

Síðan hefur hann unnið sjálfstætt og sjaldan verið uppteknari, að eigin sögn. Hann er á förum til Vínar nú í endaðan mars, fékk styrk til að vinna með svissnesk/austurrísku samtímatónskáldi sem heitir Beat Furrer og í haust stefnir hann á doktorsnám í New York í tónsmíðum og í einkatíma í djasspíanóleik.

Á ÆFINGU „Þetta eru svo skemmtilegir strákar og það hefur verið fáránlega gaman á hverri æfingu,“ segir Halldór sem situr við hljóðfærið.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Aðalfundir deilda KEA



Aðalfundir deilda KEA verða haldnir sem hér segir:

Deildarfundur Vestur-Eyjafjarðardeildar

Verður haldinn miðvikudaginn 25. mars kl 16:00 í Leikhúsinu á Möðruvöllum.

Deildarfundur Út-Eyjafjarðardeildar

Verður haldinn miðvikudaginn 25. mars kl 20:00 í Menningarhúsinu Bergi.

Deildarfundur Austur-Eyjafjarðardeildar

Verður haldinn fimmtudaginn 26. mars kl 16:00 á Öngulsstöðum í Eyjafjarðarsveit.

Deildarfundur Þingeyjardeildar

Verður haldinn fimmtudaginn 26. mars kl 20:00 á Veitingahúsinu Sölku á Húsavík.

Deildarfundur Akureyrardeildar

Verður haldinn miðvikudaginn 8. apríl kl 20:00 Veitingahúsinu Greifanum, annarri hæð.

Á fundunum verða venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum um störf deilda félagsins

Deildarstjórnir

Konur stoppuðu ekki bara í sokka

TÓNLIST ★★★★★

Nordic Affect flutti tónlist frá fyrri hluta 18. aldar

Í Salnum í Kópavogi
SUNNUDAGINN 15. MARS

Ef ég hef ekki minnst á það áður þá segi ég það núna: Tónlistarhópurinn Nordic Affect er gersemi í íslensku tónlistarlífi. Tónleikar hópsins eru meira en bara tónleikar.

Nordic Affect samanstendur af þeim Höllu Steinunni Stefánsdóttur fiðluleikara, Georgiu Browne flautuleikara, Hönnu Loftsdóttur sellóleikara, Guðrúnu Hrunn Harðardóttur víóluleikara og Guðrúnu Óskarsdóttur semballeikara. Stundum bætast gestir við, eins og á tónleikunum í Salnum í Kópavogi á sunnudag. Þar lék Tuomo Suni á fiðlu með hópnum.

Nordic Affect flytur yfirleitt barokktónlist. Það í sjálfu sér er ekkert merkilegt; það sem gerir tónleika hópsins svona safaríka er hve óvænlega mikil rannsóknarvinna liggur að baki efnisskránni hverju sinni.

Tónleikarnir núna voru helgaðir því að 100 ár eru liðin frá því að konur á Íslandi fengu kosningarétt. Hópurinn fór því í rannsóknarleiðangur og ákvað að leita fanga í British Museum. Þar er gríðarlega mikið tónlistarefni að finna. Að þessu sinni voru kannað skjöl frá fyrri hluta 18. aldar þar sem konur komu við sögu.

Oft hefur verið látið að því liggja að konur hafi yfirleitt ekki samið tónlist fyrr en á öldinni sem leið,



GERSEMI
Tónlistarhópurinn Nordic Affect er gersemi í íslensku tónlistarlífi.

nema í undantekningartilvikum. Og í leiðinni að þær hafi ekki gert neitt nema að sinna börnum og stoppa í sokka. En konur voru ekki alltaf fórnarlömb, þær voru býsna atkvæðamiklar á tónlistarsviðinu. Á tónleikunum voru leikin verk eftir tvær konur, Elisabeth Jacquet de la Guerre og Önnu Amaliu, prinsessu af Prússlandi. Hinar tónsmíðarnar á efnisskránni voru reyndar eftir karla. En þær voru samt gefnar út af forlögum sem konur ýmist áttu eða þá að þær unnu við að prenta nóturnar.

Öll tónlistin var falleg. Salurinn í Kópavogi hentar þó ekkert sérstaklega vel fyrir strengjatónlist, til þess er endurómunin of þurr. Best færi á að svona dagskrá, sem byggist á rannsóknarvinnu, væri flutt í bergmálandi listasafni. Það myndi auka á nostalgísku stemninguna.

Flutningurinn var allur í fremstu

röð. Samspilið var hárnákvæmt, einstaka raddir fagurlega mótaðar. Talsvert mæddi á flautuleikaranum Georgiu Browne, sem skilaði sínu hlutverki af nákvæmni og snarfærandi tilfinningakrafti. Fiðluleikur Höllu Steinunnar og Tuomo Suni var líka áferðarfagur. Hinir hljóðfæraleikarnir voru sömuleiðis með allt sitt á hreinu.

Þetta voru skemmtilegir tónleikar og einstaklega upplýsandi. En þeir hefðu getað verið enn þá skemmtilegri ef Halla Steinunn hefði sagt frá verkunum eins og hún hefur oft gert áður. Hún segir svo vel frá. Í staðinn varð maður að fá fróðleikinn með því að rýna í tónleikaskrána. Það var ekki líkt því eins mikið fjór.

Jónas Sen

NIÐURSTAÐA: Stórgóðir tónleikar þar sem varpað var ljósi á þátt kvenna í tónlist á fyrri hluta 18. aldar.



nordlux A+
Triton LED HI-Power

Innféld LED ljós með 3 x 3 watta LED perum.
GU10, 230V - Max 35W. Veltanlegt 25°.
Fást í burstuðu stáli eða hvítu.
3 stk í pakka.

4.000,-

~~5.995,-~~



nordlux A++ E
Ripasso glerljós

Í rauðu, lime grænu, hvítu, svörtu eða gráu
gleri. Þv.14 cm. E27 sökkull. Hám. 60W.

4.500,-

~~11.995,-~~

LAGERHREINSUN

ALLT AÐ
60%
AFSLÁTTUR



Tweenlight kastari

Kastarar úr burstuðu stáli með sex ljósum.
6 x GU10 50 watta perur fylgja með.

4.000,-

~~8.495,-~~



Miami loftljós

Þv. 16 cm. G9 - hám. 40 wött.
Glært, rautt eða lime grænt.

5.000,-

~~9.995,-~~



X Light loftljós

Þv.14 cm. E27 sökkull - hám 40
wött. Glært, svart, hvítt, fjólublátt
eða rautt.

5.000,-

~~13.995,-~~



nordlux A++ E
Vanilla borðlampi

Hæð 45 cm. Fjólublár.

6.000,-

~~13.995,-~~



Circolo LED borðlampi

Þv. 30 cm. Hægt at skifta um liti
með fjarstýringu sem fylgir með.

4.000,-

~~6.995,-~~



Natal loftljós

Þv. 60 cm. E27 sökkull - hám
60 wött.

7.000,-

~~9.995,-~~



WOFI
LEUCHTEN
Jette LED veggjós

12 x 12 cm. 1 x LED/3,2 wött
fylgir með. .

20.000,-

~~34.995,-~~

BAUHAUS®



LJÓSMYNDARINN ADAM KATZ SINDING.

NORDICPHOTOS/GETTY

→ Um Adam Katz Sinding

Adam er sjálfærður ljósmyndari sem er búsettur í New York. Hann tekur mest „street style“-myndir, en vill þó ekki titla sig sem slíkan ljósmyndara. Hann heldur úti blogginu Le21éme, en að auki hefur hann meðal annars unnið fyrir Vogue, Marc Jacobs, Maybelline, MAC, Elle magazine, Numéro, Glamour, style.com, My Theresa og Mango.

Í skýjunum með vel heppnaða hátíð

Framkvæmdastýra Reykjavík Fashion Festival segir hátíðina hafa gengið vonum fram og allt skipulag hafi verið til fyrirmyndar.

„Við erum eiginlega bara að bíða eftir að fréttar af einhverju sem fór úrskeiðis,“ segir Þórey Eva Einarsdóttir framkvæmdastýra Reykjavík Fashion Festival. Hátíðin fór fram um helgina og telur Þórey að gestir hafi verið um 2.500. „Það er svipað og hefur verið undanfarið ár. Það var nánast uppselt á allar sýningar og þá miða sem seldust ekki var hægt að telja á fingrum annarrar handar,“ segir hún.

Þórey hefur komið að undirbúningi hátíðarinnar með einhverjum hætti frá því hún var stofnuð árið 2010 og segir gríðarlegan mun á hátíðinni milli ára. „Það var svo gaman að heyra gesti segja strax eftir sýningarnar að þeir gætu ekki beðið eftir því að kaupa fötin af sýningunum, ég hef ekki fundið fyrir þessari spennu áður en það er ótrúlega jákvætt,“ segir hún.

Allt skipulag í kringum hátíðina segir Þórey hafa verið óaðfínanlegt, en á bak við svona batterí er um 180 manna teymi, sem sér um skipulag, dagskrárgerð, akstur á erlendum gestum, hár, fördun og fleira. „Hár- og makeup-teymin frá MAC og Label M voru á heims-mælikvarða. Hönnuðirnir, fjölmiðlaumfjöllunin og bara allt eins og best varð á kosið. Það eina var að það var smá hikst við að koma fólki inn í salinn, en það er auðvitað bara eðlilegt.“ Sýningarnar segir hún hafa verið einstaklega fjölbreyttar. „Það er svo gaman að sjá hvað margir hönnuðir eru komnir með listræna stjórnendur á sýningunum sýnum, sem sýnir að þetta er þverfaglegt verkefni. Sýningarnar voru allar ólíkar og fantafloftar.“

Þórey segist ekki vita betur en að erlendir gestir hátíðarinnar hafi verið ánægðir með hana. „Ég held þeir hafi almennt verið sáttir, annars verðum við bara að bíða og



GEKK VONUM FRAMAR Þórey er hæstánægð með hátíðina og segir skipulag hennar til fyrirmyndar.

sjá hvað þeir segja í umfjöllunum um RFF. Þeir eru alltaf jafn hissa á að við séum bara 300 þúsund og gefum mörgum stórum sýningum úti ekkert eftir,“ bætir Þórey við.

Einn þeirra sem nú þegar hefur fjallað um hátíðina er ljósmyndarinn Adam Katz Sanding sem heldur úti ljósmyndablogginu Le21éme. Myndir sem hann tók birtust á síðunni Style.com sem er ein stærsta og virtasta tískusíða heims. „Við erum í skýjunum með þessa umfjöllun, það sem var svo skemmtilegt við myndirnar er að á þeim eru íslensku hönnuðirnir í eigin hönnun. Maður veit aldrei hvað kemur út úr svona umfjöllun, svo þetta er frábær auglýsing.“ Þórey segir þó mikilvægt að við Íslendingar höldum okkur

“Við verðum að passa okkur að bera okkur ekki of mikið saman við önnur lönd, því hér eru ekki sömu tækifæri og þar.

á jörðinni. „Við verðum að passa okkur að bera okkur ekki of mikið saman við önnur lönd, því hér eru ekki sömu tækifæri og þar. Ég held að það sé hollt fyrir okkur að spá ekki of mikið í stóru merkjunum, þar sem bransinn er kominn á allt annan stað. Hins vegar megum við ekki gleyma að það er ekki langt síðan Listaháskólinn var stofnaður og hvað það er að koma flott fagfólk frá þeim.“
adda@frettabladid.is

Máttur hugsana

samkvæmt Gralsboðskapnum



Fimmtudaginn 19. mars 2015 – kl. 20:00 Aðgangur ókeypis
Norræna húsið, Sturlugötu 5, 101 Reykjavík

Fyrirlestur á ensku

Skipuleggjandi: GRAL-NORDEN
www.is.gral-norden.net

vasey-leuze@gral-norden.net
Sími: 842 2552

Christopher Vasey

VINNUSKÓR

Hágæða vinnuskór fyrir fagfólk á heilbrigðisstofnunum og í matvælaíðnaði á tilboði í mars



20%
AFSLÁTTUR
Í MARS



Veit á vandaða lausn

Verið velkomin í verslun okkar að Síðumúla 16. Opið mán - fös 8.30 - 17.00
Fastus ehf. • Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900 • www.fastus.is

Ómótstæðilegar bollakökur með bláberjum

Það er fljótlegt og einfalt að skella í þessar dásamlega góðu bollakökur með bláberjum og sítrónuberki.

- 280 g hveiti
- 1 tsk. lyftiduft
- 1 tsk. salt
- 115 g púðursykur
- 2 egg
- 150 g bláber (frosin eða fersk)
- 250 ml mjólk
- 85 g brætt smjör
- 1 tsk. vanillu-extrakt
- Rifinn börkur af einni sítrónu

Byrjum á því að stilla ofninn á 200°C. Sigið saman hveiti, lyftiduft og salt í stóra skál. Bláberjum og sykrinum er síðan bætt saman við varlega með sleif. Finnum okkur aðra skál, þískum egginn og bætum mjólkinni, smjörunu og vanillu-extrakt saman við. Setjum því næst eggjablönduna saman við þurrefnin og blöndum því vel saman. Síðast en ekki síst bætum við sítrónuberkinum við. Þessu er síðan öllu blandað vel saman og hellt í bollakökuform. Inn í ofn við 200°C í 20 mínútur. Uppskriftin gefur um 12 bollakökur.

Uppskrift fengin af Evalaufeykjaran.com



BRUNNA LEIÐIÐ

Á LEIÐINNI Í ELDBORG

OFURGRÚPPA ÍSLANDS SNÝR AFTUR 18. APRÍL

19:30 – UPPSELT

22:30 – AUKATÓNLEIKAR KOMNIR Í SÖLU

MÍÐASALA Á HARPA.IS OG MIDI.IS

Það er sannarlega stórviðburður þegar sjálft Brunaliðið kemur saman aftur eftir 35 ára hlé. Það er við hæfi að Maggi Kjartans, Diddú, Pálmi, Maggi Eiríks, Laddi og öll hin rísi úr öskunni í Eldborg og kveiki ærlega í mannskapnum. Ég er á leiðinni, Einskonar ást, Sandalar og allir hinir smellirnir fá að óma. Tryggðu þér miða strax. Það er ÚTKALL!



HARPA

DÆGURFLUGAN

SAMBÍÓIN

Sýnd með ísl. texta

★★★★★
VILLAGE VOICE

CINDERELLA
ÓSKRIFUSKA

Æðisleg ný stuttmynd
Frozen Fever er sýnd á undan

FROZEN
FEVER

Sýnd með ísl. texta

Frá Paul Thomas Anderson, leikstjóranum sem færði okkur Magnolia, There Will Be Blood og Boogie Nights

INHERENT VICE

ÁLFABAKKA

CINDERELLA	kl. 5:30 - 6:30 - 8 - 10:30
FOCUS	kl. 5:40 - 8 - 9 - 10:30
FOCUS VIP	kl. 5:40 - 8 - 10:30
BEFORE I GO TO SLEEP	kl. 10:10
HOTTUB TIME MACHINE 2	kl. 5:50 - 8
FIFTY SHADES OF GREY	kl. 8
JUPITER ASCENDING 2D	kl. 10:40
SVAMPUR SVEINSSON is.Tal. 2D	kl. 5:50

EGILSHÖLL

CINDERELLA	kl. 5:30 - 8 - 10:10
INHERENT VICE	kl. 7 - 10
FOCUS	kl. 5:40 - 8 - 10:20
BEFORE I GO TO SLEEP	kl. 8 - 10:30
SVAMPUR SVEINSSON is.Tal. 2D	kl. 5:30

KRINGLUNNI NÚMÉRUB S.ETI

LA DONNA DEL LAGO OPERA ENDRUFUT	kl. 6
CINDERELLA	kl. 5:30 - 8
INHERENT VICE	kl. 9:45
FOCUS	kl. 10:30
INTO THE WOODS	kl. 5:20
THE THEORY OF EVERYTHING	kl. 8 - 10:40

KEFLAVÍK

CINDERELLA	kl. 8
THE DUFF	kl. 8 - 10:20
FOCUS	kl. 10:30

AKUREYRI

CINDERELLA	kl. 5:30 - 8
INHERENT VICE	kl. 10:30
FOCUS	kl. 8 - 10:30
INTO THE WOODS	kl. 5:20

SAMBÍÓIS

SMÁRRÁ BIÓ **HÁSHÓLA BIÓ**

14 **12**

The Little Death **CHAPPIE**

12 **L**

THE GRUMP

SMÁRRÁ BIÓ **5%**

THE LITTLE DEATH	KL. 5:45 - 8 - 10:20	14
THE DUFF	KL. 3:30 - 5:45 - 8	12
CHAPPIE	KL. 8 - 10:40	12
ANNIE	KL. 5	12
HRÚTURINN HREINN	KL. 3:30	12
FIFTY SHADES OF GREY	KL. 10:20	16
KINGSMAN	KL. 8 - 10:45	16
KINGSMAN LÚXUS	KL. 5 - 8 - 10:45	16
PADDINGTON	KL. 3:30 - 5:45 - ISL.TAL	12

HÁSHÓLA BIÓ **5%**

THE LITTLE DEATH	KL. 5:30 - 8 - 10:20	14
THE GRUMP	KL. 5:30 - 8	12
CHAPPIE	KL. 10:20	12
ANNIE	KL. 5:30	12
VEIÐIMENNIRNIR	KL. 8	16
BIRDMAN	KL. 10:20	12
ÖMURLEG BRÚDKAUP	KL. 5:30 - 8 - 10:40 - ISL.TAL	12

LAUGARÁSBÍÓ **Coca-Cola**

L **L**


ÓDYRT KL. 5:25
800 kr barnaverð fyrir alla

LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

CINDERELLA	5:25, 8	12
CHAPPIE	10:35	12
STILL ALICE	5:50, 8	12
VEIÐIMENNIRNIR	10:25	16
HRÚTURINN HREINN	5:50	12
KINGSMAN	10:10	16

Tímalaus Rihanna

Söngkonan Rihanna vill að áttunda sólóplata sín búi yfir tímalausum hljómi og sagði í viðtali við MTV að hún vildi geta komið fram og sungið lögin á plötunni eftir fimmtán ár.



ÁTTUNDA PLATAN Rihanna hefur verið iðin við kolann og gaf út sjö breiðskífur á átta árum. NORDICPHOTOS/GETTY

En söngkonan sagði einnig í viðtalinu að hún myndi fyrir því að sig langaði ekki eins mikið til þess að flytja lög af fyrri plötum sínum.

Seinasta plata söngkonunnar, Unapologetic, kom út árið 2012 en þann 24. janúar síðastliðinn var fyrsta smáskífan af væntanlegri plötu hennar gefin út. Það er lagið FourFiveSeconds sem Rihanna gerði ásamt Kanye West og Paul McCartney en sá fyrrnefndi er upptökustjóri plötunnar.

Hvað er ég gömul?

BAKPANKAR Viktoríu Hermannsdóttur



Ég hef aldrei skilið fólk sem segist ekki muna hvað það er gamalt. Ég hef lent í því að spyrja fólk um aldur sem tekur sér dágóða stund í að hugsa sig um áður en það getur svarað. Útskýringar fólks um að eftir vissan árafjölda hætti maður að fylgjast jafn vel með hafa heldur ekki virkað sérlega trúverðugar í mín eyru. Satt að segja hef ég aldrei trúað þessu og frekar litið á þetta sem leið til þess að villa um fyrir öðrum um aldur eða hreinlega flýja hann um stund. Fyrr en í síðustu viku.

Ég var að senda gamalli skóla-systur afmælikveðju á Facebook og rak þá fyrir tilviljun augun í aldur hennar. 28 ára. „Humm, er það ekki eitt-hvað skrítið?“ hugsaði ég. Sjálf átti ég afmæli í síðasta mánuði og var alveg með það á hreinu þá hvað ég væri gömul. Hugurinn fór strax af stað. Hafði hún kannski verið ári á eftir í skóla? Hún var nú svolítið

sérstök,“ hugsaði ég algjörlega fordómalaust eða þannig meðan ég í örvæntingu minni reyndi að reikna út aldur minn frá fæðingarári mínu.

GAT verið að ég væri orðin 28 ára? En mér fannst ég eiga þrjú ár í þrútu og það er svo margt sem ég ætla gera á þessum þremur árum.

Ég hringdi í besta vin minn og jafnaldra og spurði hvað við værum gömul. „28 ára,“ svaraði hann um hæl. Og þarna var mér hætt að standa á sama. Gat það virkilega verið að ég væri búin að gleyma hvað ég væri gömul? Eftir að hafa fullvissað mig um að hann hefði á réttu að standa komst ég að því að líklega var það ég sem hefði átt að vera ári á eftir í skóla eftir þessar gáfulegu vangaveltur mínar.

28 ár er ekkert sérlega mikið í stóra samhenginu. Engu að síður er ég komin á þann stað í lífinu að ég er hætt að muna hvað ég er gömul. Og ég veit ekki hvort það er gott eða slæmt.

Starfstengt lúxusvandamál að ferðast um jarðkringluna

Tónlistarmaðurinn Ben Frost heldur tónleika á Húrra í kvöld. Í fyrra lék hann á yfir sjötíu tónleikum víðs vegar um heiminn á aðeins fjórum mánuðum. Væri það möguleiki myndi hann dveljast meira hér heima.

„Ég hlakka rosalega til að spila heima,“ segir tónlistarmaðurinn Ben Frost en hann leikur á tónleikum á Húrra í kvöld. Hann lék síðast á tónleikum hérlandis á All Tomorrow's Parties-hátíðinni í fyrra.

Ben fæddist í Ástralíu og er frá Melbourne. Hann fluttist hingað til lands fyrir rúmum áratug og hefur búið hér síðan. Nú er hann íslenskur ríkisborgari. Í maí í fyrra gaf Ben út plötuna AURORA sem fékk frábæra dóma. Til að fylgja plötunni eftir fór hann í tónleikarferðalag um heiminn. Það stóð í fjóra mánuði og á þeim tíma spilaði hann alls sjötíu sinnum.

„Þetta er búið að vera mikið flakk. Í einni vikunni byrjaði ég á að spila í Tókýó og þaðan fór ég til Lissabon. Frá Lissabon fór ég til Mexíkóborgar og endaði vikuna í London,“ segir Ben. „Það er nánast hætt að skipta máli hve langt þú flýgur, kostnaðurinn er alltaf svipaður. Túrinn var því ekki skipulagður með landfræðilega legu í huga.“

Líkt og áður segir fara tónleikarnir í kvöld fram á Húrra og hefjast þeir klukkan níu. Stemningin þar er oftast ekki rafmögnuð. Ben ætlar sér að bæta örilitlu við hljóðkerfið svo tónlist hans skili sér sem best til áhorfenda.

„Ég verð einn á sviðinu. Oft hef ég verið með hljómsveit með mér en ég ákvað að vera einn á þessum tónleikum,“ segir hann. „Þegar ég er einn hef ég meira frelsi og get leikið mér örilitu. Ég held að það muni skila sér vel í salnum og gera tónleikana aðeins sérstakari. Það gerist ekki svo oft að ég spili hér heima þannig ég ætla að hafa þetta eins sérstakt og ég get.“

Auk þess að semja sína eigin tónlist hefur hann einnig samið fyrir kvikmyndir og þætti. Þar má nefna bresku þættina Fortitude og



FULLUR TILHLÖKKUNAR Ben Frost er fullur tilhlökkunar að fá að spila á Íslandi eftir langan túr um heiminn.

GAGNRÝNI HEFUR ENGIN ÁHRIF Á BEN

„Ég hlusta ekki á gagnrýnisraddir, hvorki góðar né slæmar,“ segir Ben.

„Fólk í kringum mig hafði talað um þetta en ég læt þetta alveg fara fram hjá mér. Ég einbeiti mér bara að því að gera tónlist sem mér finnst góð.“

AURORA kom út í fyrra og var tekið vel um heim allan. Tónlistar-

fréttamiðlarnir Pitchfork, Spin!, Sputnikmusik og Clash settu plötuna til að mynda öll á lista sína yfir bestu plötur ársins.

„Mér liggur ekki á að byrja á nýrri plötu. Ég vil ekki setja eitthvað nýtt inn í kerfið strax. Þegar ég hef búið til eitthvað sem mér finnst nógu gott þá gef ég það út.“

kvikmyndirnar Djúpið og Sleeping Beauty eftir Julíu Leigh.

Sökum starfs síns ferðast Ben mikið um heiminn og dvelur sjaldnast löngum stundum á hverjum stað fyrir sig.

„Ef það væri hægt myndi ég ferðast miklu minna en raun ber vitni. Ég myndi vilja vinna mun meira hér heima líka. Þetta er ákveðið lúxusvandamál að hafa of mikið að gera,“ segir hann.

„Mér liggur til að mynda lítið á að gera næstu plötu mína, hún kemur bara þegar hún er tilbúin.“

johannoli@frettabladid.is

BÍÓ PARADÍS **HAPPY HOUR Á BARNUM 17-20**

Óli prik	18.00	What we do	
The trip to Italy	18.00	in the shadows	22.00
Wild tales	20.00	ÞÝSKIR DAGAR:	
Blowfly park	20.10	Jack	18.00
Wild tales	22.00	Stations of the cross	22.20

ÞÝSKIR DAGAR DEUTSCHE FREIZEIT GERMAN FILM DAYS
BÍÓ PARADÍS 12.-22. MARS 2015

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
Það er barnakáttmismunur
börnum eftir líur hött.

FRÁ
LEIKSTJÓRA
TAKEN

BYLGJAN
989

ÍSLEIFUR
JÓNSSON

Domino's

SEAN PENN
THE GUNMAN

THEY SHOULD HAVE KILLED HIM WHEN THEY HAD THE CHANCE



Frumssýnd 20. mars

LAUGARÁS
BÍÓ

SMÁRA
BÍÓ

HÁSKÓLA
BÍÓ

BORGAR
BÍÓ

Samningurinn við FCK trúnaðarmál

FÓTBOLTI „Það tekur alltaf á að landa góðum leikmönnum,“ sagði Eysteinn Pétur Lárusson, framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar Breiðabliks, spurður hvort það hafi reynt erfið fæðing að ná samningum við danska liðið FCK um félagaskipti sóknarmannsins Kristjáns Flóka Finn-bogasonar. Þessi nítján ára kappi gerði í gær þriggja ára samning við Breiðablik.

Eysteinn sagði að samningurinn við FCK væri trúnaðarmál. „Þetta var tveggja vikna ferli og samningar náðust í gær [í fyrradag]. En ég get ekki tjáð mig um innihald þeirra,“ segir hann en Kristján Flóki hefur æfingar með Blikum þann 1. apríl.

„Við höfum verið í leit að framherja síðan Árni Vil-hjálmsson fór [til Lilleström] og Elfar Árni [Aðalsteinsson] samdi við KA. Þegar við heyrðum af Kristjáni Flóka vildum við fá hann og við erum ánægðir með að það tókst.“



- esá

City á veika von á Nývangi í Barcelona

FÓTBOLTI 16-liða úrslitunum í Meistaradeild Evrópu lýkur í kvöld með tveimur leikjum. Rimma stórliðanna Barcelona og Manchester City ræðst á Nývangi Börsunga í kvöld en þar hafa heimamenn undirtökin eftir 2-1 sigur í Manchester í fyrri leiknum. Barcelona fékk tækifæri til að gera nánast út um einvígið á lokamínútum leiksins en Lionel Messi brást bogalistan á vítapunktinum og því halda þeir ensku enn í veika von fyrir kvöldið.

„City er með ótrúlega góða leikmenn og hefur allt sem þarf til að snúa einvíginu sér í hag. Við munum

nálgastrá þennan leik eins og þann fyrri og slá ekki slöku við. Það er enn nóg af mínútum eftir í einvíginu,“ sagði Andrés Iniesta, leikmaður Barcelona, á blaðamannafundi fyrir leikinn.

Ítalíumeistarar Juventus hafa forystu eftir 2-1 sigur í fyrri leik sínum gegn þýska liðinu Dortmund á heimavelli en liðin mætast á Signal Iduna-leikvanginum í Þýskalandi í kvöld. Eftir mjög svo erfiða byrjun í þýsku úrvalsdeildinni er Dortmund komið upp í tífunda sæti þýsku deildarinnar og hefur ekki tapað deildarleik síðan í byrjun febrúar.



PELLEGRINI Stjóri City. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Pökk sé útvallarmarki þeirra þýsku dugur þeim 1-0 sigur á heimavelli í kvöld og er von á að þeir muni mæta fullir sjálfstrausts til leiks í kvöld.

„Við verðum að skora,“ sagði Massimiliano Allegri, stjóri Juventus. „Ég sé ekki fyrir mér að þessi leikur muni enda 0-0.“

- esá

AÐALFUNDUR

BYGGIÐNAR – FÉLAGS BYGGINGAMANNA

FIMMTUDAGINN 26. MARS n.k. kl 18:00

Fundurinn er haldinn samtímis í húsnæði félagsins í:

REYKJAVÍK

Borgartúni 30, 6. hæð

AKUREYRI

Skipagötu 14, 2. hæð

BYGGIÐN
Félag byggingamanna

Hefbundin aðalfundastörf og staða kjaraviðræðna.

Sjá nánar á byggidn.is

3634-BI - VERTIS



BESTUR Israel Martin var kjörinn besti þjálfarinn. Hér talar hann við sína menn í Tindastól.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

Sólstrandargæi í snjó á Sauðárkróki

Israel Martin, þjálfari Tindastóls, var kjörinn besti þjálfarinn í seinni hluta Dominos-deildarinnar. Hann skilaði nýliðunum í 2. sæti og eignaðist sitt fyrsta barn.

KÖRFUBOLTI Israel Martin, Spánverjinn sem þjálfar Tindastól í Dominos-deild karla í körfubolta, var kjörinn besti þjálfarinn í seinni hluta deildarinnar þegar hún varð gerð upp í Laugardalnum í dag. Martin skilaði nýliðunum í annað sæti deildarinnar og mæta þeir Þór frá Þorlákshöfn í fyrstu umferð úrslitakeppninnar.

Spánverjinn bauð ekki upp á sömu klisjuna og flestir þegar hann var spurður hvort þessi verðlaun hefðu mikla þýðingu fyrir hann. Oft eru íþróttamenn hérlendis vanir – sama hversu oft eða sjaldan þeir fá einstaklingsverðlaun – að segja þau engu máli skipta.

Israel Martin var ekki á þeim buxunum. „Þetta hefur auðvitað mikla þýðingu fyrir mig,“ sagði hann ákveðinn svo blaðamanni

→ Bestu nýliðarnir

Hér fyrir neðan má sjá lista yfir þá tíu nýliða sem hafa náð besta sigurhlutfallinu á einu tímabili í sögu úrvalsdeild karla.

1. Tindastóll 2014-15	77 prósent (17-5)
2. ÍR 1994-1995	75 prósent (24-8)
- 8 liða úrslit: 0-2 tap fyrir Skallagrím	
3. Fram 1981-82	70 prósent (14-6)
4. Keflavík 1982-83	70 prósent (14-6)
5. Þór Þ. 2011-12	68 prósent (15-7)
- Lokaúrslit: 1-3 tap fyrir Grindavík	
6. Fjölnir 2004-05	59 prósent (13-9)
- Undanúrslit: 0-3 tap fyrir Snæfelli	
7. Þór Ak. 1994-1995	56 prósent (18-14)
- 8 liða úrslit: 0-2 tap fyrir Keflavík	
8. Skallagrímur 2004-05	55 prósent (12-10)
- 8 liða úrslit: 1-2 tap fyrir Fjölni	
9. Grindavík 1987-1988	50 prósent (8-8)
10. Haukar 2013-14	50 prósent (11-11)
- 8 liða úrslit: 0-3 tap fyrir Njarðvík	

brá næstum, ekki vanur að heyra þetta. Hressandi.

„Þetta gefur mér aukaorku og hvetur mig til dáða fyrir úrslitakeppnina. Ég og við strákarnir erum mjög ánægðir með árangurinn og við megum njóta hans,“ bætti Spánverjinn við.

Hann vildi þó auðvitað þakka liðinu fyrir. „Þjálfari án leikmanna gerir lítið þannig að ég vil þakka leikmönnum mínum. Þeir eru ástæðan fyrir því að ég fæ þessi verðlaun. Þessir strákar eru mér mjög mikilvægir.“

Engin pressa á stólunum

Tindastóll var lang næstbesta liðið í Dominos-deildinni í vetur. Það var sex stigum á eftir toppliði KR en átta stigum á undan Haukum og Njarðvík sem komu í næstu sætum. Miðað við gengið í deildarkeppninni er búist við miklu af Stólunum í úrslitakeppninni.

„Við erum nýliðar og stóðum okkur frábærlega í deildinni og viljum komast langt í úrslitakeppninni. Það er samt engin pressa á okkur. Við höfum engu að tapa,“ segir Martin, en hvernig list honum á mótherjann?

„Þór er lið sem ég virði mikið. Það er gott lið með góðan sóknarleik sem sækir mikið á körfuna. Hjá okkur eru allir í góðu formi en við megum ekki hugsa um leik tvö áður en leikur eitt er búinn.“

Úr sólinni í snjóinn

Martin er frá Tenerife, einni af Kanaríeyjunum, þar sem hann þjálfaði í sjö ár og byggði upp lið áður en hann hélt til til Kósóvó þaðan sem hann kom til Íslands. Miðað við veturinn sem hefur herj-

að á Ísland er skondið að hugsa til þess að þjálfarinn komi frá einum af vinsælustu sumarleyfisdeildum Íslandi.

„Það eru einmitt margir að spyrja mig að þessu,“ segir Martin og hlær. „En þetta er körfubolta lífið og þess vegna elska ég það. Maður fær tækifæri til að starfa í öðrum löndum og læra nýja hluti,“ segir Martin sem nýtur lífsins í Skaga-firðinum.

„Lífið er frábært. Ég er frá litlum bæ á Tenerife þar sem búa um 10.000 manns. Það eru auðvitað fleiri en á Sauðárkróki en samt. Það eru allir svo vinalegir í bænum og hugsa vel um mig, konuna og nýja barnið mitt. Við höfum allt sem við þurfum og því hef ég ekki yfir neinu að kvarta. Ég er mjög þakklátur,“ segir Martin.

Verðum að hlúa að ungvíðinu

Aðspurður hversu góð íslenska deildin sé hugsar Martin sig aðeins um en segir svo:

„Það eru auðvitað nokkrir landsliðsmenn farnir í atvinnumennsku þannig að gæðin hafa farið aðeins niður á milli leiktíða. Ég er í sambandi við nokkra þjálfara í deildinni sem ég hef talað við um þetta,“ segir hann, en viðurkennir að erfið sé að bera íslensku deildina saman við aðrar deildir.

„Gæðin eru fín og þau munu bara aukast ef við hlúum að okkar strákum og gefum þeim mínútur. Við getum samt ekki borið íslensku deildina saman við aðrar því þetta er allt öðruvísi körfubolti. Hér eru menn minni og taka fleiri opin skot og þrista. Gæðin eru engu að síður fín,“ segir Israel Martin.

tomas@365.is

Komdu á leik í

KÖRFUNNI

Nú eigast við sterkustu liðin í **Domino's-deildinni** og mikilvægt að toppa á réttum tíma. Það verður hart barist enda ekkert til sem heitir léttur leikur í úrslitakeppninni.

EKKI MISSA AF LEIK MEÐ ÞÍNU LIÐI Í DOMINO'S-DEILDinni.

⇒ SJÁUMST Á VELLINUM! ⇐



BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



3898
kr. kg.

BONUS
Vinsælasta fyrirtæki
ársins 2015
Árleg könnun Frjálsrar verzlunar



2998
kr. kg.

Islandslamb Lambafillet ferskt ókryddað

Islandslamb Lambaprime ferskt ókryddað



598
kr. kg.

Ali Grísabógur ferskur



1098
kr. kg.

Ali Ferskur úrb. grísahnakki í sneiðum



1098
kr. kg.

Ali Ferskar grísakötiletur m.beini



759
kr. kg.

Kjörfugl Heill ferskur kjúklingur



498
kr. 2 x 140g.

Islandsnaut Ungnautahamborgarar
Ferskir 2 stk. 2 x 140g



1598
kr. kg.

Islandsnaut Ungnautahakk Ferskt



1898
kr. kg.

Kjörfugl Kjúklingbringur ferskar

**BED
HEAD**
TIGI



4998
kr. 2 x 750ml

TIGI BED HEAD Shampoo og næring



598
kr. kg.

Kjarnafæði Folaldakjöt / kofareykt m.beini



598
kr. kg.

Kjarnafæði Folaldakjöt / saltað m.beini



2498
kr. 100ml

TIGI BED HEAD
After Party



1998
kr. 3 x 75ml

TIGI BED HEAD Töskur 3 x 75ml



BONUS EKKERT BRUÐL

Verð í þessari auglýsingu
Gilda a.m.k. til 22. mars

Afgreiðslutími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00 •

KEMUR AFTUR FYRIR HUMAR- HALANA

Stefan Bonneau, bakvörðurinn ótrúlegi í liði Njarðvíkur, var kjörinn besti leikmaður seinni hlutans í Dominos-deild karla í körfubolta en hann skorað 36,9 stig að meðaltali í leikjunum ellefu. Þessi mikli gormur tróð fyrst 14 ára og hljóp þá heim og sagði mömmu frá.

Tómas Þór Þórðarson
tomas@365.is



BONNEAU BREYTIR MIKLU FYRIR NJARÐVÍKURLIÐIÐ

Stefan Bonneau hefur átt þátt í 172 körfum Njarðvíkurlíðsins í ellefu leikjum annaðhvort með því að skora þær sjálfur (116) eða gefa stoðsendingar á félagi sína (56).

Það fer heldur ekki á milli mála að framleiðni Bonneaus hefur bein áhrif á úrslit leikja Njarðvíkurlíðsins. Líðið hefur þannig unnið alla sex leikina þar sem hann hefur komið að fimmtán körfum eða fleiri en tapað öllum þremur leikjum sínum þar sem hefur komið að ellefu körfum eða færri.

STEFAN BONNEAU ÞÁTTUR Í KÖRFUM OG ÚRSLIT LEIKJA NJARÐVÍKUR

11 KÖRFUR EÐA FÆRRI
3 leikir | 3 tölur

12 TIL 14 KÖRFUR
2 leikir | 1 sigur - 1 tap

15 KÖRFUR EÐA FLEIRI
6 leikir | 6 sigrar

GORMUR Hinn ákaflega geðþekki og brosmildi bakvörður Njarðvíkur nýtur lífsins á Íslandi þrátt fyrir erfiðan vetur. Hann kom til líðsins um áramótin og skoraði 30 stig eða meira í tíu af ellefu leikjum líðsins í Dominos-deildinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR



Ársfundur Veðurstofu Íslands 2015

Náttúruatburðir síðasta árs – vöktun og eftirlit

Fimmtudaginn 19. mars 2015

Morgunverður kl. 8:15

9:00 *Ávarp* Sigrúnar Magnúsdóttur, umhverfis- og auðlindaráðherra

9:10 *Sambætt eftirlit með náttúruvá.*
Árni Snorrason, forstjóri Veðurstofu Íslands

9:30 *Berghlaup í Öskju.*
Jón Kristinn Helgason, skriðusérfræðingur

9:45 *Eftirlit með umbrotunum í Bárðarbungu.*
Kristín Jónsdóttir, fagstjóri jarðskjálftavár

10:00 *Gosmökkur – hvað er það?*
Elín Björk Jónasdóttir, veðurfræðingur,
og Gerður Stefánsdóttir, hópstjóri umhverfisrannsóknna

10:15 *Mælitæki við erfiðar aðstæður.*
Bergur H. Bergsson, hópstjóri jarðeðlisfræðilegra mælikerfa

10:30 Umræður

11:00 Fundarlok

Fundarstjóri: Theodór Freyr Hervarsson,
framkvæmdastjóri Eftirlits og spásviðs

**Veðurstofa
Íslands**

KÖRFUBOLTI „Ég er mjög þakklátur fyrir þessi verðlaun,“ segir Stefan Bonneau, leikmaður Njarðvíkur, brosmildur en hann var kjörinn besti leikmaður seinni hlutans í Dominos-deild karla í körfubolta á blaðamannafundi KKÍ í Laugarðalnum í gær.

Það kom í raun enginn annar til greina þegar leitað var að besta leikmanninum eftir áramót. Þessi ótrúlegi skotbakvörður skoraði 36,9 stig að meðaltali í leik, tók sjö fráköst og gaf 5,1 stoðsendingu. Hann hitti úr 4,8 þriggja stiga skotum að meðaltali í leik og var með 46,5 prósent nýtingu fyrir utan teiginn. Geggjuð, og nánast galin, tölfræði.

„Við erum að finna okkar einkenni sem lið,“ segir hann við Fréttablaðið. „Ef við ætlum alla leið þurfum við að bæta vörnina. Þetta snýst allt um hana. Í sókninni getum við gert það sem okkur langar til nánast hvenær sem er, en ef við ætlum að vinna þann stóra þurfum við góðan varnarleik.“

Stórir í Kína

Bonneau er frá New York og spilaði háskólabolta með LIU Post í Brookville þar í borg. Þegar hann útskrifaðist var hann fenginn til Fort Wayne Mad Ants í þróunardeild NBA. Þaðan fór hann til Kanada þar sem hann vann titilinn með Windsor Express og var kjörinn besti leikmaður úrslitakeppinnar.

„Eftir það spilaði ég nokkra mánuði í Kína áður en ég kom til Íslands. Kínadvölin var mjög ólík öðru sem ég hef kynnst því þar voru spilaðir þrjú leikir á viku. Á Íslandi er leikjaálagið minna þannig að þetta er rólegra og maður nær meiri endurheimt,“ segir Bonneau.

Bandaríkjamadurinn er ekki sá stærsti í bransanum, aðeins 177 cm, en hann var samt ekki að spila við marga í sinni hæð í Kína þótt meðalhæðin þar sé almennt ekki sú mesta í heiminum.

„Nei, maður,“ segir hann og hlær. „Það voru tveir í hverju í liði langt yfir tvo og tíu. Kínverskir leikmenn. Það var ekki eitthvað sem ég bjóst við.“

Veðrið brjálað

Bonneau segist njóta lífsins á Íslandi. Það þarf ekki að koma neinum á óvart hvað honum finnst þó vera það versta við að halda til á klakanum. Vitaskuld er það veðrið.

„Mér líður mjög vel hérna. Andrúmsloftið er afslappað en veðrið er alveg brjálað. Fyrir utan veðrið er þetta alveg frábært. Ég hef þó heyrt

„Kínadvölin var mjög ólík öðru sem ég hef kynnst því þar voru spilaðir þrjú leikir á viku.“

að þetta sé einn verstur veturinn í langan tíma,“ segir hann.

Körfuboltinn er þó aðalmálið og á fimmtudaginn mætir Njarðvík liði Stjörnunnar í fyrsta sinn í átta liða úrslitum. Það lið sem fyrr vannur þrjú leiki fer í undanúrslit.

„Við getum farið alla leið, það er ekki spurning. Nú er úrslitakeppnin byrjuð og þá fara allir á fullt. Við verðum að berjast og gefa okkur alla í þetta allan tímann. Við getum klárlega unnið þann stóra en þá verðum við að spila góða vörn,“ segir Bonneau.

Tróð og sagði mömmu

Stökkkraftur Bonneau hefur vakið mikla athygli í vetur. Hann er algjör gormur og gerir hluti sem sumir eiga bág með að trúna, sérstaklega í ljósi lágrar innistæðu í sentimetra-bankanum.

„Ég hef alltaf getað hoppað svona. Ég tróð fyrst þegar ég var fjórtán ára gamall. Þá var ég rétt skriðinn yfir 150 cm,“ segir Bonneau og hlær dátt.

Hann mun meira að segja eftir fyrstu troðslunni. „Ég var í íþróttatíma í gaggó. Ég reyndi nokkrum sinnum að troða og svo tókst það. Ég var nánast í áfalli sjálfur, ég var svo glaður. Það fyrsta sem ég gerði var að hlaupa heim og segja mömmu frá því,“ segir Bonneau.“

Bestu humarhalarnir

Tölfræði Bonneaus í Dominos-deildinni er svo góð að tæplega er hægt að búast við honum aftur í græna búningnum næsta vetur. Því miður. Þessi gríðarlega geðþekki og brosmildi strákur veit þó ekki hvað tekur við.

„Ég ræð því tæplega sjálfur. Ég vil bara einbeita mér núna að úrslitakeppninni og fara eins langt með liðinu mínu og ég get. Svo verð ég bara að sjá til hvað gerist eftir tímabilið,“ segir Bonneau.

Hann lofar þó að koma aftur síðar í heimsókn hvernig sem fer. Og ástæðan? Jú, humarhalarnir á uppáhaldsveitingastaðnum hans.

„Ég elska veitingastaðinn Duus. Þar er boðið upp á bestu humarhala sem ég hef fengið. Þó ég fari annað að spila körfubolta eftir tímabilið á Íslandi þá mun ég koma aftur til að borða þá. Það er ekki spurning,“ segir Stefan Bonneau að lokum.



Til hvers að flækja hlutina?

LIFÐU Í NÚLLINU!

365

Öll vitum við að margt af því besta í lífinu kostar ekki neitt. Það fer svo sannarlega ekki fram hjá þeim sem eru með Skemmtipakka 365 eða aðra valda pakka, því nú er GSM áskriftin líka innifalin. Þannig geta viðskiptavinir 365 talað í 60 mínútur og sent 60 SMS fyrir 0 krónur. Viðskiptavinir fá einnig 20 GB í interneti og 100 mín. í heimasíma á 0 kr. Allt þetta ásamt frábærri sjónvarpsdagskrá! Komdu í áskrift og lifðu í núllinu með okkur.

365.is
Sími 1817

0 kr.



0 kr.



0 kr.



4 GSM áskriftir
60 mín. og 60 SMS

60 mín. og 60 SMS fylgja hverri áskrift

Internet
20 GB

Heimasími
100 mín.*

*Greitt er 9,7 kr. upphafsgjald þegar hringt er úr heimasíma

SKEMMTIPAKKINN

Með Skemmtipakkanum fylgja sex sjónvarpsstöðvar, GSM, internet, heimasími, Stöð 2 Marabon og aðild að Vild.

9.290 kr.

Aðeins 310 kr. á dag



©2015 Home Box Office, Inc. All rights reserved. HBO® and all related programs are the property of Home Box Office, Inc.

Stöð 2 kl. 20.05

Margra barna mæður

Vandaður íslenskur þáttur þar sem sjónvarpskonan Sigrún Ósk Kristjánsdóttir hittir konur sem eignast hafa fleiri börn en gengur og gerist í dag, fylgist með heimilislífinu og forvitnast um hvernig hlutirnir ganga fyrir sig á stóru heimili.



Í KVÖLD



GREY'S ANATOMY

STÖÐ 2 KL. 20.30 Ellefta þáttaröð þessa vinsæla dramapáttar sem gerist á skurðstofu á Grey Sloan spítalanum í Seattle-borg þar sem starfa ungr og bráðefnilegir skurðlæknar. Flókið einkalíf ungu læknanna á það til að gera starfið enn þá erfiðara.



THE MIDDLE

STÖÐ 2 KL. 19.40 Fjórða þáttaröðin af þessum stórskemmtilegu þáttum um hið sanna líf millistéttarfólksins. Það er aldrei lognmolla hjá Heck-fjölskyldunni þar sem ofurhúsmóðurin Frankie hefur í mörg horn að líta.



HEIMSÓKN

GULL KL. 19.50 Sindri Sindrason heimsækir sannkallaða fagurkera sem opna heimili sín fyrir áhorfendum. Heimilin eru jafn ólík og þau eru mörg en eiga það þó eitt sameiginlegt að vera sett saman af alúð og smekklegheitum. Sindri hefur líka einstakt lag á að ná fram því besta hjá viðmælendum sínum.

FM957 kl. 07.00

Morgunþáttur FM957

Ósk og Sverrir, hress í morgunsárið, á FM957.



FULL BÚÐ AF SPENNANDI SMÁVÖRU!



IITTALA Kastehelmi skál á fæti desert, 4.490 kr.



BLOOMINGVILLE ljós 18.990 kr.

Au Maison



AU MAISON brassbox 4.490 kr., 6.690 kr. 10.990 kr.

b
broste
COPENHAGEN



BROSTE vasar 20 cm 3.290 kr. 22 cm 3.890 kr.

b
broste
COPENHAGEN



BROSTE kertastjappar, 17 cm 6.490 kr.



HÚSGAGNAHÖLLIN
REYKJAVÍK | AKUREYRI

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.05 The Middle
- 08.30 Don't Trust the B*** in Apt 23
- 08.55 Mindy Project
- 09.15 Bold and the Beautiful
- 09.35 Doctors
- 10.15 Spurningabomban
- 11.05 Touch
- 11.50 Grey's Anatomy
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 Dallas
- 13.45 The Kennedys
- 14.30 The Great Escape
- 15.15 The Lying Game
- 15.55 Big Time Rush
- 16.20 The Goldbergs
- 16.45 Raising Hope
- 17.10 Bold and the Beautiful
- 17.32 Nágrannar
- 17.57 Simpson-fjölskyldan
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag.
- 19.06 Víkingalottó
- 19.11 Veður
- 19.20 Anger Management
- 19.40 The Middle
- 20.05 Margra barna mæður
- 20.30 Grey's Anatomy
- 21.15 Togetherness
- 21.45 Bones
- 22.30 Girls
- 23.00 Real Time With Bill Maher
- 23.45 The Mentalist
- 00.30 The Blacklist
- 01.15 The Following
- 02.00 Person of Interest
- 02.50 Major Crimes
- 03.35 Tomorrow When the War Began
- 05.15 Nine Miles Down

SPORT besta sætið

- 07.00 Meistarad. - Meistaramörk
- 08.00 Meistarad. - Meistaramörk
- 10.00 Kiel - Berlín
- 11.20 Þýsku mörkin
- 11.50 Eibar - Barcelona
- 13.35 Real Madrid - Levante
- 15.15 Spænsku mörkin
- 15.40 Monaco - Arsenal
- 17.20 Atletico Mad. - Bayern Leverk.
- 19.00 Meistarad. - Meistaramörk
- 19.30 Barcelona - Man. City BEINT
- 21.45 Meistarad. - Meistaramörk
- 22.15 Dortmund - Juventus
- 00.05 Barcelona - Man. City
- 01.55 Meistarad. - Meistaramörk

SPORT 2 enski boltinn

- 11.30 Premier League World
- 12.00 Crystal Palace - QPR
- 13.45 Premier League Review
- 14.40 Everton - Newcastle
- 16.20 Football League Show
- 16.50 Chelsea - Southampton
- 18.35 Messan
- 19.50 Man. Utd. - Tottenham
- 21.40 Swansea - Liverpool
- 23.20 Leicester - Hull

INN

- 20.00 Björn Bjarnason 20.30 Tölur og tækni
- 21.00 ABC barnahjálpi 21.30 Frá Haga í maga

STÖÐ 3

- 18.15 Last Man Standing
- 18.40 Hot in Cleveland
- 19.00 Hart of Dixie
- 19.45 Jamie & Jimmy's Food Fight Club
- 20.30 Baby Daddy
- 20.55 The Gates
- 21.40 Sleepy Hollow
- 22.25 Supernatural
- 23.05 Hart of Dixie
- 23.50 Jamie & Jimmy's Food Fight Club
- 00.35 Baby Daddy
- 00.55 The Gates
- 01.40 Sleepy Hollow
- 02.25 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

Krakastöðin

- 07.00 Áfram Diego, áfram! 07.24 Svampur Sveinsson 07.45 Latibær 07.55 UKI 08.00 Ofurhundurinn Krypto 08.22 Kalli á þakinu 08.47 Ævintýraferðin 09.25 Skógardýrið Húgó 09.47 Tommi og Jenni 09.53 Leyndarmál vísindanna 10.00 Dóra könnuður 10.24 Mörgæsinar frá Madagaskar 10.45 Doddi litli og Eyrnastór 10.55 Rasmus Klumpur og félagar 11.00 Áfram Diego, áfram! 11.24 Svampur Sveinsson 11.45 Latibær 11.55 UKI 12.00 Ofurhundurinn Krypto 12.22 Kalli á þakinu 12.47 Ævintýraferðin 13.25 Skógardýrið Húgó 13.47 Tommi og Jenni 13.53 Leyndarmál vísindanna 14.00 Dóra könnuður 14.24 Mörgæsinar frá Madagaskar 14.45 Doddi litli og Eyrnastór 14.55 Rasmus Klumpur og félagar 15.00 Áfram Diego, áfram! 15.24 Svampur Sveinsson 15.45 Latibær 15.55 UKI 16.00 Ofurhundurinn Krypto 16.22 Kalli á þakinu 16.47 Ævintýraferðin 17.25 Skógardýrið Húgó 17.47 Tommi og Jenni 17.53 Leyndarmál vísindanna 18.00 Dóra könnuður 18.24 Mörgæsinar frá Madagaskar 18.45 Doddi litli og Eyrnastór 18.55 Rasmus Klumpur og félagar 19.00 Arthúr 2 20.35 Sögur fyrir svefninn

GULLSTÖÐIN

- 18.15 Friends
- 18.40 New Girl
- 19.05 Modern Family
- 19.30 Two and a Half Men
- 19.50 Heimsókn
- 20.10 Sælkeræferðin
- 20.30 Chuck
- 21.15 Cold Case
- 22.00 Game of Thrones
- 22.55 1600 Penn
- 23.20 Ally McBeal
- 00.00 Vice
- 00.30 Heimsókn
- 00.50 Sælkeræferðin
- 01.10 Chuck
- 01.50 Cold Case
- 02.35 Game of Thrones
- 03.25 1600 Penn
- 03.50 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

BÍÓSTÖÐIN

- 11.50 Won't Back Down
- 13.50 Submarine
- 15.25 Drinking Buddies
- 16.55 Won't Back Down
- 18.55 Submarine
- 20.30 Drinking Buddies
- 22.00 Ghost Rider. Spirit of Vengeance
- 23.35 The Rum Diary
- 01.35 Dark Tide
- 03.30 Ghost Rider. Spirit of Vengeance

RÚV

- 16.35 Mánudagsmorgnar
- 17.20 Disneystundin
- 17.21 Gló magnaða
- 17.43 Sígildar teiknimyndir
- 17.50 Finni kostur
- 18.15 Táknafréttir
- 18.25 Heilabrot Heillinn er undarlegt fyrirbæri. Hægt er að hafa áhrif á hann og hegðun fólks með mismunandi hætti.
- 18.54 Víkingalottó
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veðurfréttir
- 19.35 Kastljós
- 20.05 Skólahreysti 2015 Grunnskólarnemar taka þátt í Skólahreysti og keppa í ýmsum greinum.
- 20.40 Stattu með þér
- 21.05 Gunnel Carlson heimsækir Ítalíu
- 21.15 Kiljan
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurfréttir
- 22.20 Gyðingar og múslimar Frönsk heimildarþáttaröð um gyðinga og múslima.
- 23.15 Ást í meinum
- 00.00 Kastljós
- 00.20 Fréttir
- 00.35 Dagskrárlok

SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Everybody Loves Raymond
- 08.20 Dr. Phil
- 09.00 The Talk
- 09.45 Pepsi MAX tónlist
- 14.50 Cheers
- 15.15 Parenthood
- 15.55 Minute To Win It
- 16.40 The Biggest Loser - Ísland
- 17.50 Dr. Phil
- 18.30 The Tonight Show
- 19.10 The Talk
- 19.50 The Millers
- 20.10 Svalli & Svavar
- 20.45 Benched
- 21.05 Madam Secretary
- 21.50 Blue Bloods
- 22.30 The Tonight Show
- 23.15 Scandal
- 00.00 How To Get Away With Murder
- 00.45 Madam Secretary
- 01.30 Blue Bloods
- 02.15 The Tonight Show
- 03.05 Pepsi MAX tónlist

Golfstöðin

- 08.15 PGA Tour 2015
- 13.15 Golfing World 2015
- 14.05 PGA Tour 2015 - Highlights
- 15.00 Ryder Cup 2014
- 18.00 Golfing World 2015
- 18.50 PGA Tour 2015
- 23.10 Golfing World 2015

HRINGBRAUT

- 11.00 Atvinnulífið 11.30 Neytendavaktin
- 12.00 Atvinnulífið 12.30 Neytendavaktin
- 13.00 Atvinnulífið 13.30 Neytendavaktin
- 14.00 Atvinnulífið 14.30 Neytendavaktin
- 17.00 Atvinnulífið 17.30 Neytendavaktin
- 18.00 Atvinnulífið 18.30 Neytendavaktin
- 19.00 Atvinnulífið 19.30 Neytendavaktin
- 20.00 Atvinnulífið 20.30 Neytendavaktin 21.00 Mannamál 21.30 Heimsljós 22.00 Mannamál 22.30 Heimsljós 23.00 Mannamál 23.30 Heimsljós

- ÚTVARP FM 88,5 XA-Radíó FM 89,5 Retro FM 90,1 Rás 2 FM 90,9 Gullbylgjan FM 93,5 Rás 1 FM 95,7 FM957 FM 96,3 FM Suðurland FM 96,7 Létt Bylgjan FM 97,7 X-ið FM 98,9 Bylgjan FM 99,4 Útvarp Saga FM 100,5 K100 FM 102,9 Lindin



Sundbolur ANI-6279
Stærðir: 38-50
Verð: 14.950 kr.



Sundbolur ANI-7286
Xtra Life Lycra
Stærðir: 48-52
Verð: 17.950 kr.



Sundbolur ANI-6379
Stærðir: 38-52
Verð: 15.950 kr.



Sundbolur ANI-6293
Xtra Life Lycra
Stærðir: 38-48
Verð: 17.950 kr.



Sundbolur ANI-7409
Stærðir: 50-56
Verð: 15.950 kr.



Sundbolur ANI-6383
Xtra Life Lycra
Stærðir: 40-44
Verð: 18.950 kr.



Meðgöngutankini ANI-9696
Stærðir: 38-44
Verð: 13.950 kr.



Tankini toppur ANI-6594
Stærðir: 38-46
Verð: 10.950 kr.



Sundbolur ANI-6290
Stærðir: 38-48
Verð: 13.950 kr.



Sundbolur ANI-7899
Stærðir: 36-42
Verð: 11.950 kr.



Sundbolur ANI-7299
Stærðir: 58-60
Verð: 15.950 kr.



SUNDFATNAÐUR SUMARLÍÑAN 2015 FRÁ ANITA

Eirberg Heilsa Stórhöfða 25 býður gott úrval af sundfatnaði fyrir allar konur. Nokkrar tegundir af bikinibuxum við staka toppa auk bikinipils. Þjóðum sundfatnað með vasa fyrir gervibrjóst, fyrir meðgönguna og sundboli í stærri stærðum. Verð frá 9.950 krónum.

Frír póstflutningur út á land.
Sjá fleiri myndir á facebook síðu Eirbergs.

Eirberg Heilsa, Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is



MORGUNMATURINN



Uppáhaldsmorgunmaturinn minn er kaffi og banani. Prófið það, það er mega næs.

Helga Páley Friðbjófsdóttir, myndlistarkona og einn af meðlimum Kunstschlager.

Tvíburar saman á tónleikum í sitthvoru lagi

Pascal Pinon systurnar Ásthildur og Jófríður Ákadætur flytja frumsamið efni á sameiginleum tónleikum.

Tvíburasysturnar Ásthildur og Jófríður Ákadætur halda saman tónleika á laugardag, þar sem þær ætla þó að spila í hvor í sínu lagi. „Hugmyndin kom út frá því að við erum tvíeggja tvíburar en höfum alltaf litið meira á okkur sem systur frekar en tvíbura,“ segir Ásthildur.

Þær systur hafa spilað lengi saman og þar af lengst í hljómsveitinni Pascal Pinon. Þetta er þó í fyrsta sinn sem þær flytja sólóefni eftir sig. „Auðvitað erum við tvíburar en það þýðir

ekki að við séum eins. Ég veit til dæmis ekkert hvað Jófríður ætlar að spila, ætli þetta verði ekki mjög ólíkt hjá okkur,“ segir hún.

Ásthildur stundar nám í píanóleik og tónsmíðum við Listaháskóla Íslands. Að auki hefur hún lært áður í Amsterdam og er í hljómsveitunum Hungry Dragon, Portal 2 Xtacy og í fjölmörgum kammerhópum. Jófríður er tónhöfundur og söngvari og er þekktust fyrir að vera í hljómsveitunum Samaris,

“Ég veit til dæmis ekkert hvað Jófríður ætlar að spila, ætli þetta verði ekki mjög ólíkt hjá okkur.”

Ásthildur Ákadóttir

Portal 2 Xtacy og The Barber. Tónleikarnir verða haldnir laugardaginn 21. mars, klukkan 21.00 í Mengi.



SYSTURNAR í fyrsta sinn flytja þær frumsamið efni saman á tónleikum, en í sitthvoru lagi.

OPEN FROM
11 AM EVERY DAY

Lebowski Bar menu

- 1. LEBOWSKI**
Ostborgari ^{150g} 990 kr.
Með frönskum og gosi 1450 kr.
- 2. WALTER**
Beikonborgari ^{150g} 1290 kr.
Með frönskum og gosi 1750 kr.
- 3. DONNY**
Bernaiseborgari ^{150g} 1290 kr.
Með frönskum og gosi 1750 kr.
- 4. THE OTHER LEBOWSKI**
Steikarborgari ^{150g} 1590 kr.
Búinn til úr nautalund.
Með frönskum, bernaise og gosi 2090 kr.
- 5. BUNNY LEBOWSKI**
Kjúklingaborgari 1290 kr.
Með gráðaostasósu og BBQ sósu.
Með frönskum og gosi 1750 kr.
- 6. HONEY BOO**
Beikonborgari ^{150g} 1290 kr.
Hunangsgljáð beikon, BBQ sósa og japanskt mæjónes.
Með frönskum og gosi 1750 kr.
- 7. THE NIHILISTS**
Kjúklingavængir 10stk. 1390 kr.
Gráðaostasósa og BBQ sósa.

Lebowski
BAR

Laugavegi 20a 101 Reykjavík
552-2300 lebowskibar.is



NÁTTÚRUBARN Vigdís Hauksdóttir fagnar fimmtugsafmæli á föstudaginn en sólmyrkva ber upp á sama dag. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Fátítt fyrirbæri á fimmtugsafmælinu

Vigdís Hauksdóttir verður fimmtug á föstudaginn sama dag er sólmyrkvi. Hún efnir til morgunveislu svo gestirnir geti notið náttúrufrýrbærisins með henni.

Þingkonan Vigdís Hauksdóttir stendur á tímamótum en næstkomandi föstudag heldur hún upp á fimmtugsafmæli sitt. Svo skemmtilega vill til að sama dag verður mesti sólmyrkvi sem sést hefur frá Íslandi í sextíu og eitt ár.

„Ég er mikið náttúrubarn og vissi strax fyrir tuttugu árum að sólmyrkvann myndi bera upp á 20. mars árið 2015 á fimmtugsafmælinu mínu og hef alltaf talað um að þessu verði fagnað reglulega,“ segir Vigdís en hún heldur upp á afmælið að morgni til svo að afmælisgestirnir eigi kost á

því að njóta náttúrufrýrbærisins með henni. „Það er búið að hvetja alla veislugesti til að vera með sólmyrkvagleraugu með sér,“ segir hún glöð í bragði.



Þetta er ekki í fyrsta sinn sem

stór náttúruviðburður á sér stað á afmæli Vigdísar. „Ég spái rosalega mikið í þessu öllu, sólkerfinu og náttúrunni allri. Árið 2010 gaus Eyjafjallajökull þegar ég átti afmæli,“ segir Vigdís og bætir við að einnig beri vorjafndægur oft upp á afmælisdaginn. Vigdís er

“Ég er mikið náttúrubarn og vissi strax fyrir tuttugu árum að sólmyrkvann myndi bera upp á 20. mars árið 2015 á fimmtugsafmælinu mínu og hef alltaf talað um að þessu verði fagnað reglulega.”

að vonum spennt fyrir afmælinu og sólmyrkvanum og veðurspáin eina áhyggjuefnið.


„Núna krossa ég bara fingur og vonast til þess að það verði heiðskirt og gestirnir geti notið þessa náttúruundurs með mér.“ -gl6

Skildi eftir rándýr sólgleraugu

Vel lyktandi þjófur braust inn í bíl í gær, stal rappdiskum en gleymdi sólgleraugum.

„Ég ætlaði varla að trúa þessu,“ segir Sigurður Gíslason, íbúi í Breiðholti, um aðkomuna að bílnum sínum í gærmorgun, eftir að brotist var inn í hann, Toyota Corolla skutbíl. „Ég hugsaði bara strax hver hefði viljað brjótast inn í bílinn, það var ekkert verðmætt í honum.“ Þegar Sigurður settist inn í bíl sinn rann upp fyrir honum að þjófurinn hafði gleymt sólgleraugum þar. „Ég er alveg í stórgróða eftir þessa heimsókn þjófins í bílinn. Þetta voru þessi forlata Ray Ban-sólgleraugu. Ætli þau kosti ekki um þrjátíu þúsund krónur úti í búð.“

Sigurður saknar annars einskis úr bílnum. „Þetta var allt vodalega furðulegt. Þjófurinn var búinn að leggja aftursætin niður. Kannski hefur hann bara lagt sig í bílnum. Mér þótti líka furðulegt að það var ansi góð lykt inni í bílnum eftir þjófinn. Eins konar ilmvatnslykt. Það eina sem ég held að hann hafi tekið voru einhverjir rappdiskar. Og verði honum bara að góðu. Hann getur þá hlustað á góða tónlist. Ég fékk sólgleraugu í staðinn og þau komu sér vel í sólskininu í gær.“



GRÆDDI GLERAUGU Sigurður Gíslason var alsátur með nýju Ray Ban sólgleraugum sem þjófurinn skildi eftir í bílnum hans.

„Skiljanlega mest seldi bíll heims“

- bílblaðamaður Fréttablaðsins



NÝR FORD FOCUS

- Ford Focus er Íslendingum kunnur fyrir framúrskarandi gæði, frábæra aksturseginnleika og hagkvæmni í rekstri. Nú er kominn nýr Ford Focus sem hefur verið endurhannaður bæði að innan og utan. Fjöðrunin er jafnframt ný, staðalbúnaðurinn mikill og hann er fánlegur með tveimur nýjum og spennandi vélum.

Fréttablaðið birti bíladóm um nýjan Ford Focus og niðurstaðan er einföld: „Ford Focus hefur lengi verið mjög góður bíll og góð kaup. Nú er hann bara orðinn enn þá betri og fæst samt á góðu verði“.

Komdu og prófaðu mest selda bíl í heimi.

FORD FOCUS

FRÁ **3.290.000** KR.



Brimborg Reykjavík Brimborg Akureyri
Bíldshöfða 6 Tryggvabraut 5
Sími 515 7000 Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söluveildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Varahlutaverzlun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

ford.is

Viltu vita meira um Ford Focus?

Nýja kynslóð Ford Focus státar af fjölmörgum tækninýjungum. Þar má nefna Torque Vectoring Control sem tryggir akstursánægju þína. Eins má nefna endurbætta Bilastæðaaðstoð (aukabúnaður) sem nú leggur bæði í stæði sem eru samhliða og þvert á akstursstefnu. Að auki er nú fánlegt GPS leiðsögukerfi með Íslandskorti. Ford Focus er jafnframt eini bíllinn sem hefur hlotið fjögur öryggisverðlaun frá Euro NCAP. Nýi Ford Focus hlaut einnig titilinn „Besti bíllinn“ í flokki meðalstórra fjölskyldubíla eftir að hafa fengið fullt hús stiga í öryggis- og árekstraprófunum Euro NCAP. Focus er fánlegur með Ford EcoBoost vélinni sem hefur hlotið titilinn vél ársins (International Engine of the Year) þrjú ár í röð.

Ford Focus 5 dyra/station, EcoBoost bensín 125 hð. 6 gíra beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,7/4,8 l/100 km. CO2 losun 108/110 g/km.
Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Stormasamt hjá bæjarfulltrúum

Stormurinn síðastliðna helgi hefur líklega ekki farið fram hjá neinum. Óveður ríkti um allt land og björgunarsveitarfólk stóð í stórræðum um allt land. Forseti bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og formaður bæjarráðs Hafnarfjarðar fóru ekki varhluta af lægðinni. Garðhús Rósu Guðbjartsdóttur, formanns bæjarráðs, brotnaði í sundur í óveðrinu og þurfti Guðlaug Kristjánsdóttir, forseti bæjarstjórnar, að bjarga bæði svalahandriði sínu og vegg á baklóðinni sem hvassviðrið ætlaði að leggja á hliðina. Þær stöllum búa við sömu götuna, Kirkjuveg í Hafnarfirði, en ekki fer sögum af því hvort vindhraði við götuna hafi verið meiri en annars staðar á landinu.

- sa



Gói til Þjóðleikhússins

Leikarinn Guðjón Davíð Karlsson, betur þekktur sem Gói, mun ganga til liðs við Þjóðleikhúsið á komandi leikári. Gói hefur undanfarin ár verið fastráðinn hjá Borgarleikhúsinu þar sem hann hefur farið með mörg af stærri hlutverkum í sýningum þar, meðal annars í Mary Poppins, Gaungangi og nú síðast í Beint í æð. Fyrsta hlutverk Góa á nýjum stað verður í Hróa hetti sem sett verður upp í Þjóðleikhúsinu í haust í samstarfi við Vesturport.

- asi



Mest lesið **VÍSIR**

- 1 Lögreglumanni vikið úr starfi: Dró sér 15 milljónir úr sjóði íslenskra leikara
- 2 Ný sprengja í landflotta til Noregs
- 3 Bíll Snæfríðar fannst á Selfossi
- 4 Hirtu milljónalífeyri löngu látinnar konu
- 5 Vilja gera bólusetningu að skilyrði fyrir leikskólavist í Reykjavík

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið

Meira Gaman með Gaman Ferðum!

Alicante Hotel Kaktus Albir ****

Frá: **59.900 kr.**

Verð á mann í tvíbýli.
Tímabil: Valdar dagsetningar í apríl og maí.
Innifalið er flug með sköttum, gisting í 3 nætur með hálfu fæði og 12 kg handfarangur báðar leiðir.



Alicante Albir Playa Hotel ****

Frá: **89.900 kr.**

Verð á mann í tvíbýli.
Tímabil: Valdar dagsetningar í apríl og maí.
Innifalið er flug með sköttum, gisting í 7 nætur með hálfu fæði og 20 kg taska báðar leiðir.



Tenerife Las Palmeras ****

Frá: **99.900 kr.**

Verð á mann í tvíbýli.
Tímabil: Valdar dagsetningar í maí.
Innifalið er flug með sköttum, gisting í 7 nætur með hálfu fæði og 20 kg taska báðar leiðir.



Tenerife Costa Adeje Palace ****

Frá: **109.900 kr.**

Verð á mann í tvíbýli.
Tímabil: Valdar dagsetningar í apríl og maí.
Innifalið er flug með sköttum, gisting í 7 nætur með hálfu fæði og 20 kg taska báðar leiðir.

